## EXÓTÍSKA ÍSLAND

**Það þarf ekki að fljúga til Kosta Ríka eða Indlands til að eiga framandi sumarfrí. Litla landið okkar leynir á sér og víða leynast og leynast ekki framandlegir veitingastaðir, gistihús og afþreyingarmöguleikar.**






Ísafoldarprentsmiðja fagnar 130 ára afmæli

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. júní 2007 — 161. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## LAUGARDAGUR


### Rúntað um Alpana



Bassaleikarinn Ester Bíbí Ásgeirsdóttir er að jafna sig eftir hljómleikaferð um Evrópu.

VIÐTAL 34

### Blóðtaka fyrir Mínus



Gítarleikarinn Frosti Logason og bassaleikarinn Þröstur Jónsson eru hættir í rokksveitinni Mínus.

FÓLK 50

### Hressilegur gustur

Páll Baldvin Baldvinsson gagnrýnir bók Einars Más Jónssonar, Bréf til Maríu.

MENNING 38

### Allir á völlinn



Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu mætir sterku liði Frakka í Laugardalnum í dag. Stefnt er að því að setja aðsóknarmet á leiknum.

ÍÞRÓTTIR 54


## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART NORÐAN OG AUSTAN** í dag verða suðaustan 5-10 m/s með ströndum suðvestan og vestan til, annars hægari. Hiti 10-20 stig, hlýjast NA-til.

VEÐUR 4

# Langflestum fóstrum með Downs-heilkenni er eytt

**Aðeins tvisvar á síðustu sjö árum hefur fóstureyðingu verið sleppt ef skimun hefur leitt í ljós Downs-heilkenni hjá fóstrinu. Fæðingum Downs-barna hefur fækkað mikið. „Fólk hefur sjálfdæmi," segir yfirlæknir kvennadeildar.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Fjörutíu konum hefur undanfarin sjö ár verið boðið að ljúka meðgöngu þegar skimun á ellefu til þrettán vikna gömlu fóstri hefur leitt í ljós að það er með Downs-heilkenni. Einungis tvær þeirra völdu að halda meðgöngunni áfram; hinar 38 völdu fóstureyðingu.

„Þetta finnst mér svolítið hættuleg þróun," segir Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Félags áhugafólks um Downs-heilkenni.

Um sjötíu prósent ófrískra kvenna á landinu fara í skimun á elleftu til þrettándu viku meðgöngu. Síðan um aldamótin hefur konum verið boðið upp á skimun, sem getur leitt í ljós hvort fóstrið hafi fæðingargalla.

Komi alvarlegur galli í ljós er gengið úr skugga um það með frekari rannsóknum og konunni loks boðið að ljúka meðgöngu með fóstureyðingu. Langflestar velja þann kost. Um þriðjungur tilfellanna er vegna Downs-heilkennis.

Tæpur þriðjungur kvenna sleppir skimun, en skimunin getur einnig gefið ónákvæma niðurstöðu. Því fæðast um tvö til þrjú Downs-börn á ári, en áður en skimun hófst voru þau um sjö að meðaltali.

„Ef fólkið ákveður að þiggja skimun hefur það í flestum tilvikum ákveðið fyrir fram að ef eitthvað finnist verði farið í fóstureyðingu," segir Reynir Tómas Geirsson, prófessor og yfirlæknir á kvennadeild LSH.

Skimun með þessum hætti er ekki leyfileg í Noregi, en tíðkast á hinum Norðurlöndunum.

„Það eru mismunandi skoðanir á því hversu alvarleg fötlun Downs-heilkenni er. Sumum finnst það ekki mikið mál, en öðrum meira mál. Um þetta hefur fólk sjálfdæmi," bætir Reynir við.

„Þessi börn eru bara venjuleg börn og verða venjulegir fullorðnir einstaklingar," segir Unnur. „Þau eru bara aðeins öðruvísi."

Downs-heilkenni er litningafrávik sem veldur þroskahömlun. Um eitt af hverjum átta hundruð börnum sem fæðist hefur heilkennið.

„Allir vilja eiga fullkomið barn, en ákveðin viðhorfsbreyting þarf að eiga sér stað í þjóðfélaginu," segir Unnur. „Það er svo mikil fullkomnunarárátta. Fólk treystir sér ekki til að eiga svona fatlað barn, en Downs er líklega ein skásta fötlunin. Þetta er auðvitað erfitt, en líka mjög gefandi." - sgj



**Í ÞYRLU Á GRÍMUNA** Benedikt Erlingsson lét ekki smámuni eins og tímaþröng og vegalengdir stöðva sig í því að taka við þrennum verðlaunum þegar Gríman, íslensku leiklistarverðlaunin, var afhent í gærkvöldi. Að lokinni sýningu á Mr. Skallagrímssyni í Landnámssetri Íslands í Borgarnesi stökk hann upp í þyrlu og flaug til Reykjavíkur. Hann var himinlifandi eftir sitt fyrsta þyrluflug og sagðist hér eftir eingöngu ætla að ferðast með þyrlu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gríman, íslensku leiklistarverðlaunin, afhent í fimmta sinn í gærkvöldi:

# Benedikt var sigurvegari kvöldsins

**LEIKLIST** Benedikt Erlingsson var sigursæll þegar Gríman, íslensku leiklistarverðlaunin, var afhent í Íslensku óperunni í gærkvöldi. Benedikt hlaut þrenn verðlaun, fyrir leikstjórn í sýningunni Ófagra veröld og sem besti leikarinn og leikskáldið í sýningunni Mr. Skallagrímssyni. Dagur vonar, í sviðsetningu Leikfélags Reykjavíkur, var kjörin besta leiksýning ársins.

Benedikt þakkaði Agli Skallagrímssyni þegar hann tók við verðlaunum fyrir leik í aðalhlutverki. „Hann gerði margt slæmt og margt gott, og það er kannski hægt að bæta þessari styttu sem skrautfjöður í hattinn hans."

Herdís Þorvaldsdóttir og Róbert Arnfinnsson hlutu heiðursverðlaun Leiklistarsambands Íslands á hátíðinni yfir ævistarf í þágu leiklistar. Hlutu þau dynjandi lófaklapp er þau tóku við viðurkenningu úr hendi Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands. - vig / sjá bls. 48



**EINBEITING** Þær voru einbeittar á svip stúlkurnar sem börðust um boltann í leik IBV og Selfoss. MYND/ÓSKAR

Fótboltakonur framtíðarinnar:

# Fjör á pæjumóti

**FÓTBOLTI** Um 300 stúlkur á 11. og 12. aldursári eru saman komnar í Vestmannaeyjum á hinu árvissa Pæjumóti. Mótinu lýkur í dag.

„Það er rífandi stemning í hópnum og stelpurnar hafa staðið sig vel," segir Smári Jökull Jónsson, sem situr í mótsnefnd. Hann segir mótið setja svip á bæinn því auk stúlknanna dvelji fjölmargir foreldrar og fylgdarmenn í Eyjum. „Þótt fótboltinn sé í fyrsta sæti er ýmislegt annað við að vera fyrir stelpurnar," segir Smári en þegar Fréttablaðið ræddi við hann var verið að undirbúa Idol-keppni sem sjálfur Jógvan ætlaði að dæma. - þo


Gott úrval af fortjöldum



Útilegumaðurinn

Kringlukast

20-50% AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM

Opið 10-18 í dag

LOKADAGUR!

Kringlan

NÝTT 2007

SETTU ÞAÐ SAMAN

HTH

Af hverju að borga meira?



Líttu inn og sjáðu með eigin augum úrvalið af vönduðum og fallegum innréttingum sem þú getur auðveldlega sett saman.

ORMSSON

ÁRVIRKINN, SELFOSSI · SÍMI 480 1160

ORMSSON

RADÍONAUST, AKUREYRI · SÍMI 461 5003

ORMSSON

SMÁRALIND · SÍMI 530 2907 / 530 2908

**SPURNING DAGSINS**



*Hrafnkell, var þetta sannkallaður svanasöngur?*

„Þessi álft kvakar ekki meir.“

Seinheppin álft flaug á rafmagnslínu á Breiðdalsvík, féll logandi til jarðar og olli sinubruna og rafmagnsleysi. Hrafnkell Hannesson er slökkviliðsmaður á Breiðdalsvík.

Nýtt hlutafélag tekur við eignum Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga:

# Yfir fjörutíu þúsund hluthafar

**VIÐSKIPTI** Nýtt hlutafélag mun taka við öllum eignum og skuldum Samvinnutrygginga og verður hlutafé hins nýja félags meðal annars skipt á milli fyrrverandi tryggingataka félagsins. Þetta var ákveðið á fulltrúaráðsfundi félagsins í gær. Nýja félagið fær nafnið Gift fjárfestingarfélag.

Hluthafar í nýju félagi verða á fimmta tug þúsunda, en eigið fé þess losar rúma þrjátíu milljarða króna, samkvæmt tilkynningu frá Samvinnutryggingum. Samkvæmt úttekt Fréttablaðsins má ætla að helstu eignarhlutir Samvinnutrygginga nemi hátt á fimmta tug milljarða króna.



**GIFT TEKUR VIÐ** Benedikt Sigurðarson, framkvæmdastjóri Samvinnutrygginga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stærstu eignir hins nýja félags verða hlutafé í Exista hf. og íslenskum fjármálastofnunum og óbeinn eignarhlutur á tæpum þriðjungshlut í Icelandair Group hf. í gegnum Langflug ehf.

Samvinnutryggingar voru áður gagnkvæmt tryggingafélag og eru eigendur þess að stórum hluta fyrrverandi tryggingatakar. Um einstaklinga og fyrirtæki er að ræða sem áttu skilyrtan eignarhlut í Samvinnutryggingum, sem tryggðu hjá félaginu síðustu tvö heilu rekstrarár þess og hafa tryggt hjá Vátryggingafélagi Íslands fram til 1. júní 2006.

Skiptalokum Samvinnutrygginga lýkur í fyrsta lagi næsta haust og verður eigendum tilkynnt um hluti sína í Gift fjárfestingarfélagi um leið og niðurstaða liggur fyrir. - bj / sjá síðu 12

Rúta út af vegi:

## Verktaki kemur til bjargar

**SLYS** Betur fór en á horfðist þegar rúta með þrjátíu og fjóra franska ferðamenn fór út af veginum austan við Öndverðarnes á Snæfellsnesi. Vegkantur gaf sig og á tímabili vó rútan salt á veginum en eins metra fall var niður af honum. Verktakar sem voru við vinnu rétt hjá slysstað komu fólkinu til bjargar og drógu rútuna aftur upp á veginn.

Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð var virkjuð og björgunarsveitir og tvær þyrlur Landhelgisgæslunnar voru kallaðar út á meðan talið var að hætta væri á ferð. Þyrlurnar voru þó afturkallaðar eftir björgun verktakans. - lbb



**MILT VEÐUR** Á morgun verður skýjað með köflum sunnan- og vestanlands. Hiti verður á bilinu 10 til 18 gráður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þjóðhátíðarveðrið milt:

## Besta veðrið fyrir norðan

**VEÐUR Búast má við ágætis veðri um land allt á morgun og því ættu hátíðarhöld í tilefni þjóðhátíðardagsins að fara vel fram. Besta veðrið verður fyrir norðan og inn til landsins austan- og vestanlands. Á Suðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu gætu dottið einhverjir dropar.**

**Trausti Jónsson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, segir að um fínasta þjóðhátíðarveður sé að ræða. Margir halda því fram að alltaf af sé leiðinlegt veður á 17. júní en Trausti er alls ekki á þeirri skoðun. „Mér finnst nú að veðrið hafi yfirleitt verið gott á þessum degi,“ segir Trausti. - þo**

Umskipti í ríkisstjórn Ísraels:

## Barak varnarmálaráðherra

**ÍSRAEL, AP** Ísraelska ríkisstjórnin samþykkti í gær skipun Ehud Barak sem varnarmálaráðherra. Skipunin, sem fylgir í kjölfar sigurs Barak í formannskjöri Verkamannaflokksins, markar endurkomu þessa fyrrverandi forsætisráðherra í stjórnmál, sex árum eftir niðurlægjandi kosningaósigur fyrir Ariel Sharon um forsætisráðherraembættið.

Talið er að Barak muni styrkja stöðu Olmerts forsætisráðherra, sem hefur sætt harðri gagnrýni fyrir það hvernig staðið var að stríðinu við Hisbollah-samtökin í Líbanon í fyrrasumar. - sdg

# Tillögur kynntar með og án Urriðafossvirkjunar

**Drög að aðalskipulagi Flóahrepps verða kynnt með og án Urriðafossvirkjunar. Ákvörðun um að gera ekki ráð fyrir virkjun var dregin til baka eftir fund með Landsvirkjun, sem telur að virkjunin rísi.**

**SKIPULAGSMÁL** Sveitarstjórn Flóahrepps útilokar ekki að Urriðafossvirkjun verði reist í neðri hluta Þjórsár. Ekki var gert ráð fyrir virkjun í drögum að aðalskipulagi sem samþykkt var á miðvikudag. Ákveðið var eftir fund með fulltrúum Landsvirkjunar í gær að kynna tvær tillögur að aðalskipulagi hreppsins á íbúafundi 25. júní næstkomandi.

Önnur tillagan gerir ráð fyrir fyrirhugaðri Urriðafossvirkjun í neðri hluta Þjórsár en hin stendur óbreytt frá samþykkt fundar sveitarstjórnar þar sem ekki er gert ráð fyrir virkjuninni. Fulltrúar sveitarstjórnar og Landsvirkjunar funduðu í gær að frumkvæði fyrirtækisins. Landsvirkjun lýsti undrun sinni og áhyggjum yfir ákvörðun sveitarstjórnarinnar á fimmtudag.

Helgi Bjarnason, verkefnisstjóri á verkfræði- og framkvæmdasviði Landsvirkjunar, sat fundinn með sveitarstjórnarmönnum í gær ásamt Friðriki Sophussyni, forstjóra fyrirtækisins. Helgi segir að aðallega hafi verið rætt um samgöngur, ferðaþjónustu og vatnsvernd sem mótvægisaðgerðir á svæðinu. „Við erum ekki þeirrar skoðunar að Flóamenn séu á móti virkjun heldur að þeir telji sig ekki hafa forsendur fyrir því að hafa hana á skipulaginu án frekari upplýsinga.“

Helgi telur meiri líkur en minni á því að Urriðafossvirkjun verði reist. „Ég hef aldrei haft það á tilfinningunni að sveitarfélagið sé á móti virkjuninni sem slíkri. Þeir hafa aðeins viljað koma í veg fyrir að tjón hljótist af framkvæmdum með mótvægisaðgerðum.“ Hann segir niðurstöðu fundarins jákvæða og hafa afstýrt því að Landsvirkjun hafi „þurft að fara lagalegar krókaleiðir til að koma virkjuninni inn í aðalskipulagið“.

Aðalsteinn Sveinsson, oddviti Flóahrepps, segir að viðræðum verði haldið áfram um hvort hægt sé að finna grundvöll sem báðir aðilar sætta sig við. „Aðalskipulagið verður kynnt með báðum kostum inni og því haldið opnu að auglýsa tillögu með eða án virkjunar.“ Aðalsteinn neitar því að fulltrúar Landsvirkjunar hafi gert sveitarstjórninni sérstakt tilboð til að bæta hugsanlegan skaða af virkjunarframkvæmdum. „En það er ýmislegt sem hefur verið upp á borðinu eins og samgöngur, raforkumál og hagsmunir varðandi ferðaþjónustu.“ svavar@frettabladid.is



**URRIÐAFOSS** Niðurstaða fundar fulltrúa Flóahrepps og Landsvirkjunar var að kynna tvær tillögur á íbúafundi, með og án Urriðafossvirkjunar. Sveitarstjórn gerði ekki ráð fyrir virkjun á aðalskipulagi eftir fund á miðvikudag.

### NOKKRAR STAÐREYNDIR MÁLSINS

- Urriðafossvirkjun er sú stærsta af þremur virkjunum sem Landsvirkjun áformar í neðri hluta Þjórsár.
- Landsvirkjun hyggst á þessu ári ljúka rannsóknum, ganga frá samningum við vatnsréttareigendur og landeigendur, vinna með sveitarstjórnum að frágangi skipulagsmála og að láta fara fram hönnun og útboðsgagnagerð vegna virkjananna.
- Urriðafossvirkjun nær til þriggja sveitarfélaga; Ásahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Flóahrepps.
- Gert er ráð fyrir virkjuninni á aðalskipulagi Ásahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps.
- Ásahreppur fær öll fasteignagjöld af virkjuninni þar sem stöðvarhúsin standa þar. Sveitarstjórn Flóahrepps ákvað á miðvikudag að gera ekki ráð fyrir virkjun í drögum að aðalskipulagi.
- Sveitarstjórn Flóahrepps ákvað eftir fund með Landsvirkjun í gær að kynna drög að skipulagi, með og án virkjunar.
- Sveitarstjórn mun halda íbúafund hinn 25. júní þar sem tillögur að aðalskipulagi verða kynntar.
- Í framhaldi af því er gert ráð fyrir formlegu auglýsingar- og kynningarferli í samræmi við skipulagslög.
- Sveitarstjórn tekur lokaákvörðun um hvort virkjun verður á aðalskipulagi.


**BÍLL DAGSINS**

**SUBARU FORESTER LUXURY**

Nýskr. 11.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 19 þús. km.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020


Talning á rjúpu sýnir fækkun um nær allt land annað árið í röð:

## Búist við enn frekari fækkun rjúpna

**NÁTTÚRA** Rjúpum hefur fækkað um rúman fjórðung frá síðasta ári. Þetta kemur fram í talningu Náttúrustofnunar Íslands (NÍ) sem gerð var opinber í gær. Útlit er fyrir að þeim fækki enn meira á næstu fjórum til fimm árum.

„Það er alltaf einhverjar náttúrulegar sveiflur í stofninum en topparnir verða alltaf lægri og lægri,“ segir Ólafur Karl Nielsen, fuglafræðingur hjá NÍ. Þetta er annað árið í röð sem rjúpum fækkar eftir að rjúpnaveiðibanninu var aflétt.

Veiðibannið stóð frá árinu 2003 til 2005 en á þeim árum óx stofninn um áttatíu til hundrað prósent á milli ára. Sá vöxtur átti sér ekki hliðstæðu á fyrri árum og var búist við því að uppsveiflan myndi vara í fjögur til fimm ár. Fækkunin nú þykir því koma á óvart.



**FÆKKAR ENN** Að meðaltali nemur fækkun rjúpna um 27 prósent. Búist var við að uppsveiflan eftir veiðibannið myndi vara í fjögur til fimm ár. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Ólafur segir síðasta stóra topp rjúpnastofnsins hafa verið fyrir um það bil hálfri öld. Allar ytri aðstæður séu gjörbreyttar síðan þá. Margar rjúpur drepist við að fljúga á girðingar og línur og minkurinn drepi margar.

Auk þess hafi bættar samgöngur og öflugri farartæki valdið því að rjúpan hafi misst griðlönd sín undan svokölluðum veiðimönnum. „Við getum bara lýst ástandinu eins og það er en ástæðurnar fyrir því er verra að segja um,“ segir Ólafur.

Mat á veiðiþoli stofnsins mun liggja fyrir í ágúst, eftir að lagt hefur verið mat á varpárangur rjúpna í sumar. Sigmar B. Hauksson, formaður skotveiðifélags Íslands, segir veiðimenn ekki hafa áhyggjur þangað til þær tölur liggi fyrir. - kdk




| Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10.00 - 18.30 | 10.00 - 21.00 | 10.00 - 19.00 | 10.00 - 18.00 | 13.00 - 17.00 |

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

**Nýtt kortatímabil**

Kringlan

## GENGIÐ 15.06.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,76 | 63,06 |
| Sterlingspund | 123,64 | 124,24 |
| Evra | 83,50 | 83,96 |
| Dönsk króna | 11,212 | 11,278 |
| Norsk króna | 10,314 | 10,374 |
| Sænsk króna | 8,855 | 8,907 |
| Japanskt jen | 0,508 | 0,511 |
| SDR | 94,38 | 94,94 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

113,8043

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Gaza og Vesturbakkinn undir stjórn sitthvorrar palestínsku fylkingarinnar:

# Palestína klofin milli Hamas og Fatah

**GAZABORG, AP** Eftir atburði síðustu fimm daga er Palestína klofin í tvennt. Gaza-ströndin og Vesturbakkinn, sem liggja sitthvoru megin við Ísrael, eru nú undir stjórn sitthvorrar palestínsku fylkingarinnar þar sem Hamas stýrir Gaza-ströndinni og Fatah fer með völd á Vesturbakkanum.

Mahmoud Abbas, forseti Palestínu og leiðtogi Fatah, skipaði í gær fjármálaráðherra Palestínu, hinn óháða Salam Fayyad, forsætisráðherra í stað Ismail Haniyeh, leiðtoga Hamas, sem hann rak daginn áður ásamt ríkisstjórninni sem fylkingarnar mynduðu fyrir þremur mánuðum.



**VÍGALEGIR** Liðsmenn Fatah stóðu við hlið blaktandi fána Palestínu og fordæmdu Hamas á Vesturbakkanum í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Haniyeh neitar hins vegar að láta af embætti og segir stöðu ástands slíka að ekki sé hægt að taka einhliða ákvarðanir.

Abbas lýsti yfir neyðarástandi eftir að ljóst var að Hamas hafði náð yfirráðum á Gaza og hyggst stjórna með forsetatilskipunum þar til aðstæður bjóði upp á snemmbúnar kosningar. Tilskipun Abbas um myndun nýrrar ríkisstjórnar mun ekki breyta því að Hamas hefur stjórn á Gaza en gæti styrkt frekar völd Fatah yfir Vesturbakkanum og lagt grundvöll að tveimur aðskildum palestínskum stjórnvöldum.

Yfir níutíu manns létust í átökunum á Gaza síðustu daga og tugir særðust. **- sdg**

## SAMIÐ UM LAUSN ALAN JOHNSTON

**Mannræningjarnir sem hafa haft Alan Johnston, fréttamann BBC, í haldi á Gaza tilkynntu í gær að þeir myndu sleppa honum innan sólarhrings eftir samningaviðræður við Hamas.**

**Stuttu áður hafði Hamas heitið því að tryggja lausn Johnstons, sem virðist vera til marks um viðleitni samtakanna til að fá ekki alþjóðasamfélagið upp á móti sér. Hamas þykir með þessu hafa sent skilaboð til herskárra hópa um að þau hyggist koma á reglu á svæðinu.**

**Johnston hefur verið í haldi í þrjá mánuði, lengur en nokkur annar vestrænn fréttamaður sem hefur verið rænt á Gaza.**



**FLÓTTAKONA Í SAHARA** Búðir flóttamanna frá Vestur-Sahara hafa verið til í þrjá áratugi og heil kynslóð hefur búið þar alla sína tíð. NORDICPHOTOS/AFP

Áskorun vinstrimanna:

## Ísland aðstoði Vestur-Sahara

**UTANRÍKISMÁL** Nokkrir vinstriflokkar á Norðurlöndunum skora á ríkisstjórnir landa sinna að viðurkenna sjálfstæði Vestur-Sahara. Landið hefur verið hersetið af Marokkó í 35 ár, síðan Spánverjar yfirgáfu þessa fyrrverandi nýlendu sína.

Einnig segja vinstriflokkarnir að Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hafi nýlega bókað að unnið skuli að því að Vestur-Sahara fari með stjórn eigin mála. Samningaviðræður um stjórnskipan fari fram í júní.

„Íbúar Vestur-Sahara þurfa því nauðsynlega á stuðningi að halda í sjálfstæðisbaráttu sinni næstu daga,“ segir í yfirlýsingu. **- kóþ**

### LEIÐRÉTTING

Í frétt Fréttablaðsins um gróðursetningu plantna í Kolviðarskóginum á Geitasandi í blaðinu í gær var misritað að til stæði að planta fimmtíu plöntum í þessari fyrstu lotu. Rétt er að gróðursetja á fimmtíu þúsund plöntur.

# Ítrekar beiðni um rannsókn á lífsýnum

**Dómari við Héraðsdóm hefur ítrekað beiðni til stjórnar Lífsýnasafns Rannsóknarstofu Háskólans í meinafræðum þess efnis að gerð verði mannerfðafræðileg rannsókn á sýnum úr Hermanni Jónassyni og Lúðvíki Gizurarsyni.**

**DÓMSMÁL** Dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur hefur ítrekað við stjórn Lífsýnasafns Rannsóknarstofu Háskólans í meinafræði fyrri beiðni dómsins um að gerð verði mannerfðafræðileg rannsókn á lífsýnum úr Lúðvík Gizurarsyni, móður hans, svo og Hermanni Jónassyni fyrrum forsætisráðherra. Ítrekunin var send formanni stjórnar safnsins 11. júní.

Lúðvík og tvö börn Hermanns hafa átt í langvinnum málaferlum. Lúðvík krafðist þess að gerð yrði mannerfðafræðileg rannsókn á lífsýnum úr móður hans og Hermanni til viðurkenningar á því að Hermann sé faðir hans.

Málið hófst með því að Lúðvík höfðaði véfengingarmál árið 2003 fyrir dómstólum til staðfestingar á því að Gizur, eiginmaður móður hans, væri ekki faðir hans. Dómur gekk í því máli í byrjun árs 2004. Sannað hafði verið með mannerfðafræðilegum rannsóknum að Gizur gæti ekki verið faðir Lúðvíks. Lúðvík er því föðurlaus í dag. Faðernismálið var síðan þingfest haustið 2004 og hefur síðan verið rekið ýmist fyrir héraðsdómi eða Hæstarétti.

Héraðsdómur Reykjavíkur hafði þrisvar sinnum heimilað mannerfðafræðilega rannsókn, en börn Hermanns jafnharðan kært til Hæstaréttar, sem hnekkti dómunum þar til 9. mars að hann staðfesti úrskurð héraðsdóms.

Stjórn lífsýnasafnsins taldi það orðalag í dómi Hæstaréttar, „...að þess væri farið á leit...“ við Rannsóknarstofu að rannsóknin yrði gerð, óljóst, og skrifaði Héraðsdómi bréf þess efnis. Í svari dómsins er vitnað í dóm Hæstaréttar sem ótvírætt heimili mannerfðafræðilega rannsókn á umræddum lífssýnum. Beiðni þar um er jafnframt ítrekuð eins og áður sagði.



**FAÐERNISMÁL** Loks virðist sjá fyrir endann á faðernismáli Lúðvíks Gizurarsonar eftir áralangt ferli í dómskerfinu. Rannsakað verður hvort Lúðvík er sonur Hermanns Jónassonar og til þess notuð lífsýni sem eru í safni í Landspítala – háskólasjúkrahúsi. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

Jóhannes Björnsson, formaður stjórnar Lífsýnasafns RH, kveðst ekki geta tjáð sig um hvort rannsóknin á lífsýnunum sé hafin.

„Nú liggur fyrir úrskurður héraðsdóms um að hún verði gerð og hún verður gerð,“ segir Jóhannes.

Spurður um hversu langan tíma rannsókn af þessu tagi taki, segir hann gera megi ráð fyrir tveimur til fjórum vikum. Spurður hvers vegna rannsókn hefði ekki hafist strax eftir dóm Hæstaréttar segir Jóhannes skýringar vera á því.

„Hæstiréttur heimilaði einungis rannsókn, en nú liggur fyrir þriggja eða fjögurra daga gamall úrskurður frá Héraðsdómi um að hún skuli gerð. Hún verður gerð og niðurstöður munu liggja fyrir á næstu vikum.“ **jss@frettabladid.is**

Lögreglurannsókn:

## Peningafalsari til ákæruvalds

**LÖGREGLUMÁL** Mál manns, sem grunaður er um að hafa falsað peninga og komið þeim í umferð hefur verið sent til ákæruvaldsins.

Maðurinn, sem er um tvítugt, var úrskurðaður í gæsluvarðhald í lok apríl. Rannsóknardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur farið með rannsókn málsins. Maðurinn játaði sök við yfirheyrslur. Um allnokkra fjárhæð er að ræða sem hann falsaði með tölvubúnaði. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins eru allir fölsuðu seðlarnir komnir í leitirnar.

Allt að tólf ára fangelsi getur legið við því að falsa, stuðla að dreifingu eða koma fölsuðum peningaseðlum í umferð. **- jss**

Serbía og Evrópusambandið:

## Viðræður teknar upp að nýju



**BORIS TADIC**

**BRUSSEL, AP Viðræður Serbíu við Evrópusambandið, sem eru undirbúningur að hugsanlegri framtíðaraðild landsins, voru á miðvikudag teknar upp á nýju eftir árshlé. Þeim hafði verið slegið á frest vegna skorts á að stjórnvöld í Belgrad hefðu uppi á og framseldu eftirlýsta meinta stríðsglæpamenn.**

**Endurupptaka viðræðna um svonefndan Stöðugleika- og aðlögunarsamning er liður í viðleitni ESB til að hjálpa Serbum að segja skilið við þjóðernisenngrunarstefnu liðinna ára.**

**Fulltrúar frá Serbíu sátu jafnframt í gær í fyrsta sinn fund varnarmálaráðherra NATO-ríkja og samstarfsríkja þeirra í Samstarfi í þágu friðar. - aa**


Frá kr. 2.790.000

TUCSON

Gerðu góð kaup og veldu Hyundai



Hyundai hefur gæðin

Með bílinn handa þér

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**KVENNAHLAUP Í GÓÐVIÐRI**

**Þær ætla að hlaupa í dag. Kvenþjóðin hleypur nú sem aldrei fyrr og það í ágætisveðri. Það verður reyndar nokkur vindur með ströndum vestan til á Suðurlandi og allt vestur á Snæfellsnes en annars staðar verður mun hægari vindur. Yfirleitt verður þurrviðri í dag, síst þó á annesjum vestan til. Á morgun, þjóðhátíðardaginn, verður hæglætisveður og þurrt og milt í veðri.**

**REYKJAVÍK Í DAG**

**Suðaustan 5-8 m/s. Skýjað og úrkomulítið. Hiti 10-13 stig.**

*um hádegi »*




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 18°C skúrir | London | 19°C skúrir | Friedrichshafen | 22°C skúrir |
| Billund | 18°C skúrir | París | 20°C skúrir | Basel | 23°C skúrir |
| Osló | 21°C hálfskýjað | Eindhoven | 20°C skúrir | Alicante | 28°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 20°C hálfskýjað | Frankfurt | 21°C skúrir | Algarve | 23°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 19°C skúrir | Berlín | 22°C rigning | Las Palmas | 25°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Munið
útskriftarblómin
Hvergi meira úrval!
Stjúpur
10 stk. 499
20 stk. 998
Fyrir
Þjóðhátíð
17 júní er opið frá kl. 11.00 -19.00 í Blómavali og Húsasmiðjunni Skútuvogi
Frá kl. 10.00 - 17.00 í Blómavali og Húsasmiðjunni Lónsbakka Akureyri
Fánar
99kr
Margaríta 499
Nellikkur 3stk 999
Útipottar
30%
afsláttur
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú gefið blóð?*

| | |
|---|---|
| Já | 32% |
| Nei | 68% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Skoðar þú klám reglulega?*

Segðu skoðun þína á visir.is. Vísir

Kona á miðjum aldri grunuð um stórfellda misnotkun á kennitölum:

# Lögregla rannsakar lyfjasvik

**LÖGREGLUMÁL** Rannsóknardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu rannsakar nú mál konu sem er grunuð um að hafa stundað að misnota kennitölur fólks til þess að svíkja út lyf. Lögregla vinnur meðal annars að því að safna saman þeim tilvikum sem þar sem konan hefur svikið úr lyf.

Það var Landlæknisembættið sem kærði lyfjasvindlarann til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu nýlega. Svindlarinn, sem er kona á miðjum aldri, er grunuð um að hafa notað kennitölur allmargra einstaklinga. Hún hafði stundað iðju sína á flestum heilsugæslustöðvum höfuðborgarsvæðisins og einnig utan þess, að sögn Matthíasar Halldórssonar landlæknis. Að hans sögn sveik hún einkum út íbúkód sterkar, sem er verkjalyf með kódeini. Embættið kærði hana fyrir skjalafals, að sögn landlæknis.

Hann skrifaði lögreglunni ítarlegt bréf vegna þessa máls. Að sögn hans hafði hún stundað það að svíkja út lyf á fölskum forsendum í að minnsta kosti eitt ár. Hún var víða komin á svartan lista, að sögn landlæknis, en leitaði þá jafnharðan á ný mið.

Þetta er orðið einstakt mál vegna umfangs. **- jss**




**KÓDEINLYF** Algengt er að fólk sem reynir að svíkja út lyf sé á höttunum eftir verkjatöflum sem innihalda kódein.

Árangur lögreglunnar á Indónesíu:

# Hryðjuverkaforingi handtekinn

**INDÓNESÍA, AP Leiðtogi hryðjuverkasamtakanna Jemaah Islamiyah var handtekinn í síðustu viku ásamt næstráðanda sínum, að því er lögreglan á Indónesíu greindi frá í gær.**

**Handtökurnar eru taldar vera mikið áfall fyrir samtökin sem eru sögð ábyrg fyrir hryðjuverkaárásunum á Balí árið 2002 ásamt fleiri árásum í Indónesíu, sem er fjölmennasta múslimaþjóð veraldar.**

**Markmið Jemaah Islamiyah er að koma á fót íslömsku ríki í suðausturhluta Asíu. Liðsmenn samtakanna hafa staðið fyrir fjölda árása á kristna á svæðinu. - sdg**








# Kollegarnir hissa á ákvörðun um Strætó

**Bæjarstjórar eru hissa á sinnaskiptum meirihlutans í Kópavogi hvað varðar Strætó. Kallað er eftir meira samráði. Búist er við hitafundi um málið 25. júní. Stjórnarformanni Strætó líst vel á tilraunina en biður aðra bæi að bíða eftir niðurstöðunni.**

**SAMGÖNGUR** Bæjarstjórar smærri sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu eru hissa á þeirri ákvörðun bæjarráðs Kópavogs að leggja til við bæjarstjórn að gefið verði frítt í strætó frá næstu áramótum. Þeir segja óeðlilegt að sveitarfélög taki ákvarðarnir um málefni strætó hvert í sínu horni og kalla eftir meira samstarfi á vettvangi Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) eða stjórnar Strætó bs.

Bæjarstjórar Álftaness, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness segja ákvörðun meirihlutans í Kópavogi koma á óvart, ekki síst í ljósi þess að Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs, hafi verið talsvert gagnrýninn á þá ákvörðun Reykjavíkurborgar að gefa námsmönnum ókeypis í strætó frá og með haustinu.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, segir að fulltrúi Garðabæjar í stjórn Strætó hafi óskað eftir fundi í stjórninni vegna málsins. Þá verður og fundað um Strætó hjá stjórn SSH 25. júní. „Það verður klárlega havarí á þeim fundi,“ segir Ragnheiður Ríkharðdóttir, bæjarstjóri Mosfellsbæjar.

Gunnar segir ekki hafa verið rætt formlega í bæjarstjórn eða bæjarráði Garðabæjar hvort bærinn eigi að fylgja fordæmi Kópavogs eða annarra sveitarfélaga sem ákveðið hafa að gefa frítt í strætó – ýmist öllum eða ákveðnum hópum. „Ég hef ekki verið talsmaður þess að gefa frítt í strætó,“ segir hann. „En með þessum aðgerðum er að vissu leyti verið að stilla öllum sveitarfélögunum upp við vegg.“ Ragnheiður er sammála. „Það hefur auðvitað ruðningsáhrif að stærstu sveitarfélögin skuli ákveða að gera þetta.“

Sigurður Magnússon, bæjarstjóri Álftaness, segir sérkennilega að málum staðið. „Við höfum áhyggjur af þessari þróun mála í Strætó.“

Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri Seltjarnarness, segir bæjarstjórnina ekki andvíga aðgerðinni í sjálfu sér, bærinn hafi talað fyrir samskonar tilraun. Betur hefði þó farið á því að slík ákvörðun hefði verið tekin í stjórn Strætó.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur frá áramótum gefið eldri borgurum ókeypis aðgang að strætó. Lúðvík Geirsson bæjarstjóri segist þó vera skýr talsmaður þess að sveitarfélögin gangi sameinuð í mál sem þessi. Annað gangi ekki upp. Þá segir hann mikilvægt að gengið verði til viðræðna við ríkisstjórnina um að hún beiti sér í þessum málum.

Ármanni Kr. Ólafssyni, stjórnarformaður Strætó bs., sagðist í útvarpsfréttum í gær lítast vel á þá tilraun sem Kópavogsbær hygðist leggja út í. Þó sagði Ármann, sem jafnframt er forseti bæjarstjórnar í Kópavogi, að óráðlegt væri að önnur sveitarfélög færu að fordæmi Kópavogsbæjar. Skynsamlegra væri að bíða og sjá hvort tilraunin í Kópavogi væri hagkvæm.

**stigur@frettabladid.is**



**STRÆTISVAGNAR** Þrjú stærstu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa nú öll ákveðið að gefa að einhverju leyti frítt í strætó. Hin sveitarfélögin segja það undarlega stjórnsýslu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Óþrjótandi verkefni!

Ef þú ert arkitekt og langar að vinna að fjölbreyttum og ögrandi verkefnum, þá erum við hjá deiliskipulagsdeild Skipulags- og byggarsviðs Reykjavíkur að leita að frjóum og skemmtilegum starfsfélaga. Hér er góður hópur teymisarkitekta sem hlakkar til að fá þig um borð.

Nánari upplýsingar um starfið má finna á vefsíðu sviðsins, **skipbygg.is.**

Fíton / SÍA



Bifhjólamenn sem stungu lögreglu af aðfaranótt mánudags gætu misst hjólin:

# Heimild til að gera hjólin upptæk

**LÖGREGLUMÁL** Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi, telur líklegt að bifhjól mannanna sem óku á ofsahraða framhjá stöðvunarmerkjum lögreglunnar aðfararnótt mánudags verði gerð upptæk. Akstrinum lauk með alvarlegu slysi.

„Krafan verður gerð en síðan er það dómara að taka afstöðu til hennar,“ segir Ólafur. Í nýjum umferðarlögum sem tóku gildi í apríl segir að þegar um stórfelldan eða ítrekaðan hraðakstur sé að ræða megi gera ökutæki ökumanns upptækt til ríkissjóðs. „Það er komin mjög skýr heimild frá löggjafanum um að þetta megi gera og eins og málið lítur út í dag virðist sem ákvæði þessarar nýju lagagreinar eigi vel við í þessu tilfelli,“ segir Ólafur en þessu ákvæði hefur ekki verið beitt áður.

Komið hefur í ljós að annar mannanna, sá sem minna slasaðist, var sviptur ökuréttindum í fyrra fyrir að aka á 181 kílómetra hraða og sinna ekki stöðvunarmerkjum. Hann var einnig sviptur ökuréttindum í fjóra mánuði árið 2004 fyrir hraðakstur.

Einar Guðmundsson, forstöðumaður Forvarnahúss Sjóvár, tekur í sama streng og Ólafur og segir eðlilegt að beita þessum viðurlögum. „Þarna er sýndur einbeittur brotavilji. Mennirnir virða ekki lögregluna og ætla sér greinilega að keyra svona hratt,“ segir Einar.

Bifhjólamaðurinn sem slasaðist í slysinu liggur enn þungt haldinn á gjörgæsludeild Landspítalans. Honum er haldið sofandi í öndunarvél. **- þo**



**EINBEITTUR BROTAVILJI** Annar bifhjólamannanna sem reyndu að stinga lögregluna af aðfaranótt mánudags hefur í tvígang verið sviptur ökuréttindum. NORDICPHOTOS/GETTY



# SUMAR

## Í SMÁRALIND

OPIÐ TIL KL. 18 Í DAG!



# JÓGVAN DAGUR

## Í SMÁRALIND

**ÚTGÁFUTÓNLEIKAR!**
Jógvan fagnar útkomu nýjustu plötu sinnar í Vetrargarðinum í Smáralind í dag kl. 15.00. Hann mun taka lagið og árita diskinn sinn fyrir gesti og gangandi. Sérstakir gestir eru Hara systurnar frá Hveragerði.

# GÓÐAR GJAFIR

## Í SMÁRALIND

Í Smáralind finnur þú glæsilegt úrval af gjafavörum fyrir öll tilefni, t.d. útskriftargjafir, brúðargjafir, tækifærisgjafir og afmælisgjafir af öllum stærðum og gerðum.

Gjafakort Smáralindar eru einnig frábær gjöf enda geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi í fjölmörgum verslunum Smáralindar.



## VILTU LÁTA FARÐA ÞIG?

Förðunarfræðingar frá EMM bjóða upp á fría Maybelline förðun og ráðgjöf í Lyfju, Smáralind, í dag kl. 14-17.

MAYBELLINE NEW YORK
emm school of make up
LYFJA

Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM28376







# Varnarkerfi lagað að kerfum Evrópuríkja

**Til stendur að endurbæta íslenska loftvarnarkerfið og laga það að kerfum evrópskra NATO-ríkja. Kerfið fylgist með óþekktum loftförum við Ísland og er nauðsynlegt til að erlendar orrustuþotur geti athafnað sig í íslenskri lofthelgi.**

**UTANRÍKISMÁL** Íslenska loftvarnakerfið verður lagað að varnarkerfum annarra evrópskra NATO-ríkja og endurnýjað í framtíðinni. Viðræður embættismanna um framtíð kerfisins fóru fram samhliða viðræðum Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra og Nicholas Burns, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, á fimmtudag.

Bjarni Vestmann, sendifulltrúi á varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, segir að viðræðurnar hafi gengið vel og Bandaríkjamenn séu jákvæðir. „Það er verið að ræða hvernig við tökum yfir reksturinn á kerfinu, en einnig hugsanlegt framlag Bandaríkjamanna til uppfærslu á hugbúnaði loftvarnakerfisins.“

Bandarísk stjórnvöld sjá um rekstur loftvarnakerfisins fram til 15. ágúst, þegar íslensk stjórnvöld taka við. Utanríkisráðherra upplýsti í Fréttablaðinu í gær að kostnaður Íslands vegna reksturs kerfisins yrði um 800 milljónir króna á ári.

Bjarni segir íslenska loftvarnakerfið með því fullkomnasta í heimi. Hlutverk þess er tvíþætt. Annars vegar má í gegnum ratsjárkerfi fylgjast með flugumferð við landið, þar með talið umferð flugvéla sem ekki nota sjálfvirkan ratsjársvara, sem borgaraleg flugumferðarstjórn fylgist með. Hins vegar er kerfið notað til að stýra orrustuþotum í íslenskri lofthelgi.



**RATSJÁRSTÖÐ Á STOKKSNESI** Fjórar ratsjárstöðvar eru hluti af íslenska loftvarnakerfinu. Um svokallaðar frumratsjár er að ræða, sem nema alla flugumferð í nágrenni landsins.

Ratsjárstofnun hefur frá síðasta hausti fylgst með upplýsingum úr loftvarnarkerfinu. Ólafur Örn Haraldsson, forstjóri Ratsjárstofnunar, segir starfsmenn stofnunarinnar fylgjast með lofthelginni allan sólarhringinn, sérstaklega flugvélum sem ekki séu með sjálfvirkan ratsjársvara í gangi. Hann vildi þó ekki gefa upp hvort slík óþekkt loftför hefðu komið inn í lofthelgina á því tæpa ári sem starfsmenn stofnunarinnar hefðu staðið vaktina.

Loftvarnakerfið er nauðsynlegt til þess að æfingar erlendra herflugvéla geti farið fram hér á landi, en slíkar æfingar eru meðal annars fyrirhugaðar í ágúst. Kerfið er einnig nauðsynlegt ákveði NATO að hefja lofthelgiseftirlit við Ísland, en ákvörðun verður væntanlega tekin í næstu viku um hvort af slíku eftirliti verður.

Íslenska loftvarnakerfið liggur á milli tveggja stórra kerfa, annars vegar Bandaríkjanna og Kanada en hins vegar evrópskra NATO-ríkja. Bjarni segir að til standi að samræma kerfið evrópska kerfinu, sem geri það meðal annars að verkum að uppfærslur þess verði ódýrari í framtíðinni. **brjann@frettabladid.is**







# Kíktu í kjötborðið

## glæsilegt úrval af fersku kjöti







Jói FEL




Dijon hunangs sósa | Rósapipar sósa | Basil & hvítlauks sósa

**Mest seldu grillsósurnar í Hagkaupum!**

**Hefur þú prófað?**










Gildir til 17. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**ALSÆLL ALLSBER** Hamingjusamur strípalingur faðmar enska krikketleikarann Stephen Harmison eftir að hafa hlaupið inn á Old Trafford völl og truflað leik Englands og Vestur-Indía. NORDICPHOTOS/AFP

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

## Erill á tjaldstæði

Talsverð ölvun var á tjaldstæðinu Hömrum við Kjarnaskóg aðfaranótt föstudags. Gestir tjaldstæðisins og gæslumenn kvörtuðu til lögreglu undan hávaða og ölvun unglinga á svæðinu. Lögreglu gekk vel að stilla til friðar og enginn var handtekinn.

# Fengi ekki lofthæfisskírteini

**Antonov-12 flugvélin frá Kasakstan sem flýgur með fisk milli Akureyrar og Egilsstaða uppfyllir ekki Evrópustaðla. Hún gæti ekki fengið íslenskt lofthæfisskírteini. „Flugpólitísk ákvörðun,“ segir Flugmálastjórn.**

**SAMGÖNGUR** Með fisk milli Egilsstaða og Akureyrar flýgur Antonov-12 vél sem rekin er af hinu kasakstanska ATMA Air. Vélin var gerð árið 1973 í Sovétríkjunum.



**UNNDÓR JÓNSSON**

Evrópskur flugrekstraraðili fengi ekki leyfi til að reka vélina í Evrópu. Þar sem flugreksturinn er skráður í Kasakstan snýr málið öðruvísi við, því vélin uppfyllir kröfur Alþjóðaflugmálastofnunar, sem eru ekki eins strangar.

Unndór Jónsson, framkvæmdastjóri fraktfélagsins Norðanflugs, sem leigir þjónustu ATMA Air, staðfestir þetta en segir ekkert að óttast. „Ef mér væri boðið að fljúga í þessari vél til Belgíu myndi ég stökkva um borð,“ segir hann. „Ef þær væru ekki öruggar þá væru þær ekki að fljúga.“

Útbúnaður vélarinnar er gamaldags og til að fljúga henni þarf fimm menn, þar á meðal flugvélstjóra, loftskeytamann og siglingafræðing.

„Við fengum undanþágu hjá Flugmálastjórn og höfum verið í samræðum við hana um þessar vélar. Það er ekki alveg fyrirséð með hvernig það fer,“ segir hann.



**ANTONOV-12 FLUGVÉL ATMA AIR** Vélin var framleidd í Sovétríkjunum sálugu og þarf fimm menn til að fljúga henni. Þeirra á meðal eru flugvélstjóri, loftskeytamaður og siglingafræðingur. MYND/NORÐANFLUG

**ANTONOV-12**

- Framleidd frá 1957 til 1973 í Sovétríkjunum.
- Kínverjar framleiddu hana síðar og hét hún þá Y-8.
- 1.246 vélar voru gerðar.
- Árið 2006 voru enn 146 Antonov-12 vélar í farþegaflugi í heiminum.
- Getur flogið allt að 5.700 kílómetra. *Er 33,1 metri að lengd, 10,53 metra há og vænghafið er 38 metrar.
- Getur flutt 20 tonn.

Heimild: www.wikipedia.org

Leyfi Flugmálastjórnar gilti í þrjár ferðir og sú síðasta verður farin 17. júní. Unndór heitir því að Norðanflug fljúgi áfram eftir það, hvort sem það verði með Antonov-vélum eða ekki.

Samkvæmt yfirliti frá Flugmálastjórn hefur nokkrum sinnum verið veitt heimild til svona flugs. Það er gert við sérstakar aðstæður, til dæmis þegar hagsmunir Íslendinga krefjast þess.

Pétur K. Maack flugmálastjóri telur að svo hafi verið í þessu tilfelli. Engir aðrir samningar hafi verið fyrir hendi til að fljúga með fiskinn út.

Í yfirlitinu er einnig fjallað um sanngirni þess að meiri kröfur séu gerðar til íslenskra flugrekenda en til dæmis ATMA Air og hvatt til þess að fara gætilega í þeim efnum. Því hafi Flugmálastjórn ekki leyft nema þrjú flug. Samgönguráðuneytið hafi leyft þrjú til viðbótar, eftir kæru Norðanflugs. Ákvörðunin um að leyfa svona flug sé „flugpólitísk“.

Spurður hvort hann telji flugið hættulaust segir Pétur það „alveg ljóst að þessi flug uppfylla ekki þau skilyrði sem við gerum til flugrekenda. Það er ekki í sama flugöryggisflokki.“

klemens@frettabladid.is




www.toyota.is

# Meiri þögn




## Ný Corolla er hljóðlátust í sínum flokki

Lágmarks veghljóð og loftmótstaða
Meira öryggi
Meira rými
Framúrskarandi akstursveiginleikar
Hátt endursöluverð
Enn meiri þægindi
Minni útblástur og eldsneytiseyðsla með MM skiptingu
Og allt hitt sem þú finnur þegar þú kemur og reynsluekur nýrri Corolla. Þar sem þú nýtur þín best.

Komdu og reynsluaktu nýrri Corolla
á sölustöðum Toyota um land allt.

**Verð frá 1.960.000* kr.**

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 36878 05/07

*Corolla SD Terra

TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.176 **+0,14%**

**Fjöldi viðskipta:** 351
**Velta:** 5.317 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| MOSAIC | 4,30% | STRAUMUR-BURÐA. | 0,48% |
| 365 | 2,17% | MAREL | 0,47% |
| ATLANTIC PETROL. | 1,83% | ALFESCA | 0,21% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,76 +2,17% ... Actavis 89,20 +0,79% ... Alfesca 4,85 -0,21% ... Atlantic Petroleum 1.115 +1,83% ... Atorka 8,10 +1,00% ... Bakkavör 70,20 +0,57% ... Eimskipafélagið 41,20 +0,73% ... FL Group 29,50 +0,00% ... Glitnir 28,50 -0,18% ... Kaupþing 1.093 -0,18% ... Landsbankinn 38,20 +0,39% ... Marel 84,10 -0,47% ... Mosaic Fashions 17,00 +4,30% ... Straumur-Burðarás 20,85 -0,48% ... Össur 104,50

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Virkja í Bosníu-Hersegóvínu

Íslenska orkufyrirtækið Iceland Energy Group og Serbneska lýðveldið hafa gert með sér samstarfssamning um uppbyggingu þriggja vatnsaflsvirkjana á svæðinu. Serbneska lýðveldið er önnur tveggja stjórnunareininga Bosníu-Hersegóvínu. Forsætisráðherra Serbneska lýðveldisins var staddur hér á landi í gær af þessu tilefni.

Samningurinn snýr að uppbyggingu og viðhaldi þriggja vatnsaflsvirkjana. Uppsett afl virkjananna í heild verður um sex hundruð megavött af rafafli. Til samanburðar er uppsett afl Kárahnjúkavirkjunar tæp 700 megavött. Virkjanirnar eru í rekstri í dag. Þær þarf hins vegar að uppfæra og endurbæta. Iceland Energy Group mun gera það, auk þess að sjá um sölu og dreifingu raforkunnar.

Eigendahópur Iceland Energy Group samanstendur af íslenskum fagfjárfestum og einstaklingum. Hópurinn hefur frá því árið 2004 undirbúið jarðveginn fyrir fjárfestingar í orkugeira Austur-Evrópu.

Árni Jensen, framkvæmdastjóri Iceland Energy Group, segir útrás félagsins rétt að hefjast. „Við sjáum fyrir okkur að á næstu fimm til tíu árum muni 25 til 30 þúsund megavött skipta um hendur. Þetta er tíu til fimmtán sinnum meira en er til skiptana á Íslandi. Okkur langar í einhvern hluta af þeirri köku.“ Þá segir hann þekkingu og reynslu Íslendinga af orkumálum geta nýst vel. „Íslendingar hafa gert fleiri vatnsaflsvirkjanir á síðustu tuttugu árum en öll Vestur-Evrópa. Ef við hættum að nýta þessa þekkingu hverfur hún. Það má ekki gerast því í henni felast mikil verðmæti.“ **- hhs**



**Á TRÖPPUM STJÓRNARRÁÐSINS** Geir H. Haarde, forsætisráðherra Íslands, og Milorad Dodik, forsætisráðherra Serbneska lýðveldisins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Kaupa Intersport

Allir hluthafar Intersport A/S í Danmörku hafa samþykkt yfirtökutilboð fjárfestingafélagsins Arevs og Straums-Burðaráss í keðjuna. Þá hafa 96 prósent hluthafa verslana Intersport samþykkt tilboðið. Áreiðanleikakönnun fer nú fram en allt bendir til þess að af kaupunum verði.

Fjárfestingafélagið Arev er í aðaleigu fjárfestisins Jóns Scheving Thorsteinssonar. Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki veitti Arev ráðgjöf og fjármagnaði kaupin að hluta. Ekki hefur komið fram hversu hátt tilboðsverðið er. Í frétt á vef danska viðskiptablaðsins Børsen er talið að tilboðið liggi í kringum einn milljarð danskra króna. **- hhs**

Sumartilboð Vildarþjónustunnar
25%
afsláttur hjá öllum Fosshótelum
www.spar.is
FOSSHÓTEL
Vinalegri um allt land
SPARISJÓÐURINN
Vildarþjónusta

# Hljóðlátt fimmtíu milljarða hlutabréfasafn

**Þátttöku Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga í tryggingarekstri lauk með kaupum Existu á VÍS. Hlutabréf félagsins í Existu eru metin á yfir 20 milljarða.**

Eignarhaldsfélagið Samvinnutrygginga hefur verið hljóðlátur en umsvifamikill fjárfestir á íslenskum hlutabréfamarkaði. Fjárhagslegur styrkur félagsins hefur vaxið mikið á undanförnum árum samfara miklum gengishækkunum í fjármálafyrirtækjum.

Ætla má að helstu eignarhlutir Samvinnutrygginga nemi hátt á fimmta tug milljarða króna. Félagið hagnaðist um 312 milljónir króna árið 2003 en tveimur árum síðar nam afkoma þess rúmum 2,8 milljörðum króna og eigið fé um 7,2 milljörðum.

Þegar Exista yfirtók VÍS á síðasta ári lauk beinni þátttöku Ehf. Samvinnutrygginga í vátryggingarekstri sem hafði staðið frá stofnun Samvinnutrygginga árið 1946. Eignarhaldsfélagið sjálft varð til við stofnun VÍS árið 1989 þegar Samvinnutryggingar sameinuðust Brunabótafélagi Íslands undir merkjum VÍS. Sem gagngjald gengu Samvinnutryggingar helmingshlut í VÍS.

Tilgangur Ehf. Samvinnutrygginga var að ávaxta sem best eigið fé



**AXEL GÍSLASON** Framkvæmdastjóri Ehf. Samvinnutrygginga frá 1989-2006

þess með þátttöku í vátryggingastarfsemi og skyldum rekstri og annars konar fjárfestingar- og lánastarfsemi.

Félagið er þriðji stærsti hluthafinn í Existu með hlut sem er metinn á 20,7 milljarða króna. Frá því að Exista var skráð á markað hefur markaðsvirði bréfanna aukist um 7,4 milljarða króna.

Þá er félagið eigandi að helmingshlut í Eignarhaldsfélaginu Andvöku sem á hlutabréf í Existu, og á þriðjungshlut í eignarhaldsfélaginu Hesteyri. Það félag á 3,64 prósent í Existu og einnig hlutabréf í útgerðarfélaginu Skinney-Þinganesi á Höfn.

Nýverið leiddu Samvinnutryggingar hóp fjárfesta sem eignuðust Icelandair Group af FL Group. Samvinnutryggingar fara með 75 prósent hlut í Langflugi, stærsta hluthafanum í Icelandair, á móti fjórðungshlut Finns Ingólfssonar, stjórnarformanns Icelandair. Markaðsvirði hlutabréfanna í Icelandair nema 6,6 milljörðum króna. Félagið á einnig umtalsverða eignarhluti í Straumi-Burðarási og Landsbankanum auk hlutabréfa í óskráðum félögum.

Auk Samvinnutrygginga eiga Skinney-Þinganess og FISK Seafood Hesteyri að jöfnu. Á síðasta ári var samþykkt að slíta Hesteyri og skipta upp eignum og skuldum þess til hluthafa. **eggert@frettabladid.is**

**STÆRSTU EIGNARHLUTIR EHF. SAMVINNUTRYGGINGA**
(Í MILLJÖRÐUM KRÓNA)

| Félag | Áætlað virði |
|---|---|
| Exista | 20,7 |
| Straumur-Burðarás | 8,1* |
| Icelandair Group | 6,6** |
| Landsbankinn | 6,0 |
| Hesteyri (33%) | 4,6 |
| Andvaka g.f. (50%) | 1,0 |
| **Alls** | **47,0** |

* Í gegnum Löngusker ** Í gegnum Langflug

# Nefndin aðhefst ekkert í 365

Yfirtökunefnd hyggst ekkert aðhafast vegna viðskipta Baugs Group á hlutabréfum í 365 hf., útgáfufélagi Fréttablaðsins. „Ég á ekki von á því að við teljum að það þurfi að athuga þetta sérstaklega miðað við þær upplýsingar sem við fengum fyrir og um það leyti sem kaupin voru gerð,“ segir Viðar Már Matthíasson, formaður nefndarinnar.

Baugur, sem átti 31,8 prósenta hlut í 365, keypti 6,6 prósent til viðbótar fyrir 980 milljónir króna og átti þá alls 38,4 prósent í félaginu, sem er nálægt fjörutíu prósenta yfirtökumörkum. Jafnframt á Baugur fimmtungshlut í FL Group sem er meðal stærstu hluthafa í 365. Baugur seldi umrædd bréf til Landsbankans en gerði jafnframt afleiðusamning við bankann þar sem að Baugur græðir eða tapar til samræmis við gengisþróun bréfa í 365.

Viðar telur forsenduna að Landsbankinn sé eins og hver annar hluthafi sem geti selt þessi bréf öðrum og farið með atkvæðisrétt á bréfunum. „Það finnst mörgum þetta eitthvað óeðlilegt en svona gerast kaupin á eyrinni. Þetta brýtur ekki í bága við neinar reglur, til dæmis í verðbréfaviðskiptalögunum.“ **- eþa**

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 8131
SKRÁÐU ÞIG FYRIR 17. JÚNÍ!
Þú færð 10.000 ókeypis Glitnispunkta með því að skrá þig fyrir 17. júní í Vildarklúbb Glitnis!
VILDAR KLÚBBUR GLITNIS



**SEÐLABANKASTJÓRINN** Toshihiko Fukui, seðlabankastjóri Japans, gaf ekki í skyn í gær hvort stýrivextir verði hækkaðir á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Óbreytt staða í Japan

Japanski seðlabankinn ákvað í gær að halda stýrivöxtum óbreyttum í 0,5 prósentum. Bankinn hefur hækkað stýrivexti í tvígang á einu ári en það voru jafnframt einu hækkanirnar síðan í ágúst árið 2000, þegar þeir voru núllstilltir í kjölfar efnahagslægðar í Asíu.

Toshihiko Fukui seðlabankastjóri sagðist á blaðamannafundi í gær reikna með hóflegum hagvexti á árinu. Seðlabankinn myndi fylgjast grannt með þróun verðbólunnar og fylgja eftir með hækkun stýrivaxta. Þrátt fyrir þetta gaf hann ekki í skyn hvort vextirnir yrðu hækkaðir á árinu. **- jab**



**FJÁRMÁLAMAÐUR OG HESTAVINUR** Guy de Rothschild lést í vikunni. Hann var áhugamaður um hrossarækt og kappreiðar. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Rothschild látinn

Guy de Rothschild, höfuð samnefnds fjármálaveldis, lést á þriðjudag, rúmlega 98 ára að aldri.

Guy var afkomandi Mayers Amschel Rothschild, sem stofnaði Rothschild-bankann undir lok 18. aldar. Bankinn byggði auð sinn upp á stríðsrekstri gegn Napóleón. Bankinn stækkaði ört og var í byrjun 20. aldar orðinn ein af stærstu fjármálastofnunum heims.

Bankinn lenti tvívegis í hremmingum í tíð Guys; í fyrra skiptið þegar fasistastjórn Frakklands neyddi fjölskylduna til að selja eignir sínar í seinni heimsstyrjöldinni. Í hitt skiptið þegar hann var þjóðnýttur árið 1981. Við þjóðnýtinguna reiddist Guy mjög og sakaði stjórnvöld um gyðingahatur.

Guy Rothschild var tvígiftur og skilur eftir sig tvo syni, einn úr hvoru hjónabandi. Annar sonanna, David, tók við bankastarfsemi fjölskyldunnar árið 1987 og byggði veldið upp undir nafninu Rothschild & Cie Banque. **- jab**







# NÓATÚN ...bestir í kjöti, ferskir í fiski og höfum allt á grillið!




ÍSLENSKT ÚRVALS HREFNUKJÖT
998 kr. kg
Þú sparar 300 kr. kg



MÓA KJÚKLINGABRINGUR
1.698 kr. kg.
33% afsláttur




KEILUSPJÓT MEÐ SÍTRÓNUPIPARMARINERINGU
398 kr. stk.
Þú sparar 70 kr. stk.




## Gæða grillsósur Nóatúns
- Saffron sósa, Villisveppa sósa og Hvítlauks-, kóríander- og chili sósa



## Eðal grænmetisréttir beint á grillið
- Nóatúns kryddað grænmeti, marinerað grænmeti og grænmetisblanda

## Ferskir og ljúffengir ávextir á grænmetistorginu!

5 á dag ...í allt sumar!



Opið 10-21

Nýtt kortatímabil!

# Grillsumar Nóatúns!



## Gæði á góðu verði!

Nóatúnsvörurnar eru framleiddar úr besta mögulega hráefni hverju sinni. Með framleiðslu sinni kappkostar Nóatún við að gera vel við viðskiptavininn bæði í gæðum og góðu verði.

**16% afsláttur**

NÓATÚNS LAMBALÆRI MEÐ FERSKUM KRYDDJURTUM

**1.599 kr. kg**




**Ljúffengar grillpylsur í kjötborði Nóatúns**
- 3 teg. mozzarella, sólþ. tómatar og chili



**Gómsætt grillmeðlæti Nóatúns**
- grillkartöflur, fylltar kartöflur, fylltir sveppir, kartöflusalat með sveppum og kryddaðir kartöflubátar




**Ljúffengir eftirréttir í grillveisluna**
- Nóatúns karamellu frómas og sérrí frómas



**Sælkera salöt Nóatúns**
- rækjusalat, skinkusalat, túnfisksalat og hangikjötssalat!

**NÓATÚN** - gott á grillið!

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Eftirspurn eftir lífrænum vörum:

# Sóknarfæri fyrir bændur

KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR SKRIFAR

Eftirspurn eftir lífrænum vörum hefur aukist gífurlega á síðustu þremur árum og má segja að sprenging hafi orðið. Framboð á lífrænum vörum er þó ekki í samræmi við þessa miklu eftirspurn, enda hefur lífræn ræktun aðeins verið lítill hluti af landbúnaði í hinum vestræna heimi.

Á Íslandi stunda örfáir bændur lífræna ræktun og fjölgar þeim engan veginn nóg til að anna stóraukinni eftirspurn. Á það sínar skýringar. Hægt hefur gengið að byggja upp markaðinn á Íslandi með ferskmeti, auk þess sem markaðssetning hefur verið hverfandi. Lífræn ræktun er hvergi á námsskrá skólanna og umræðan um lífrænan landbúnað er í lágmarki. Enn fremur hefur þáttaka stjórnvalda verið lítil sem engin, sem stendur lífrænni ræktun kannski einna helst fyrir þrifum. Þörf er á viðsnúningi ef íslenskur landbúnaður vill vera í takt við nýja tíma.

Sóknarfærin eru til staðar bæði hérlendis og erlendis. Markaður fyrir lífrænt vottaðar vörur fer stækkandi og víðast hvar erlendis er ekki hægt að svara eftirspurninni. Möguleikarnir eru miklir og þarf aðeins raunhæfar hugmyndir og verkfæri til framkvæmda til að nýta sér þá.

Hér eru öll skilyrði til lífrænnar ræktunar. Orkan og vatnið er hreint og þau atriði eru sterk í ímynd Íslands á alþjóðavettvangi. Skrefin sem þarf að taka til að skipta yfir í lífræna ræktun eru fá. Það tekur býli tvö ár að skipta yfir í lífræna ræktun og fá vottun. Á meðan er uppskerurýrnum mikil og ættu þá stjórnvöld að grípa inn í og styrkja bóndann til að koma ræktuninni af stað. Markmiðið er að gera býlið sjálfbært svo það verði ekki áfram háð styrkjum frá hinu opinbera.

Evrópusambandið hefur hvatt til lífrænnar ræktunnar, fyrst og fremst með umhverfissjónarmið í huga, með sérsniðnum reglugerðum og styrkjum til bænda. Einnig hefur sambandið stutt við rannsóknir, fræðslu og markaðssetningu. Í Bandaríkjunum hefur áherslan hins vegar verið lögð á markaðinn. Þar hafa stjórnvöld stutt markaðsrannsóknir, fræðslu og markaðssetningu á lífrænum landbúnaðarvörum. Markaðurinn er nánast jafnstór í Evrópu og Bandaríkjunum en í Evrópu er land í lífrænni ræktun stærra og framleiðslan margfalt meiri. Fordæmin eru ekki langt undan og vel er hægt að nýta sér reynslu annarra.

Aukin umhverfisvitund á stóran þátt í þeim mikla áhuga sem neytandinn sýnir lífrænum vörum. Þær kosta örlítið meira en aðrar vörur, en umhverfisvernd og sanngjörn skipti við bændur eru innifalin í verðinu. Sífellt fleiri eru tilbúnir að borga fyrir meira ef umhverfið nýtur góðs af því.

Með ört stækkandi markaði og breyttu hugarfari neytenda ættu bændur að líta á lífræna ræktun sem raunhæfan framtíðarkost fyrir íslenskan landbúnað.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Skuldaklukkan tifar

Borgarstjórnarflokkur sjálfstæðismanna setti upp heimasíðuna betriborg.is fyrir borgarstjórnarkosningarnar síðustu. Á þessa síðu settu sjálfstæðismenn skuldaklukku sem sýna átti hraða skuldasöfnun í tíð R-listans, hún tifaði hratt og hét flokkurinn því að stöðva hana kæmist hann til valda. Svo skemmtilega vill til að nú, rúmu ári síðar, tifar skuldaklukkan sem aldrei fyrr. Síðan hefur reyndar ekki verið uppfærð og er því engar nýjar fréttir þar að finna, en klukkan tifar og spurning hvort sjálfstæðismenn, sem nú eru við völd í borginni, ætli sér ekki að stöðva hana.

### Jólabókin í ár

Óli Björn Kárason fjölmiðlamaður með meiru hefur látið til sín taka í bloggheimum eftir að hann hætti störfum hjá Viðskiptablaðinu. Fyrir tæpum tveimur vikum síðan hætti hann að blogga til að taka til við bókarskrif. Pétur Gunnarsson bloggari upplýsir að viðfangsefni bókarinnar sé kortlagning á „viðskiptablokkum landsins og tengsl þeirra og átök innbyrðis og einnig tengsl þeirra við stjórnmálalífið í landinu.“ Pétur hlakkar til þess að lesa bókina, og svo er eflaust með fleira áhugafólk um ólgusjó íslensks viðskipta- og stjórnmálalífs.





### Nóg laust á verðlaunasýningu

Benedikt Erlingsson leikari og leikskáld sló í gegn við afhendingu Grímunnar í gærkvöldi. Benedikt hlaut verðlaun fyrir sýningu sína Mr. Skallagrímsson sem sýnd er í Landnámssetrinu í Borgarnesi. Þegar heimasíða setursins var skoðuð í gærkvöldi mátti sjá að nóg er af lausum miðum á sýningar sumarsins en ekki er ólíklegt að staðan sé önnur eftir að sýningin sópaði til sín verðlaunum. Bíltúrinn í Borgarnes mun vera algjörlega þess virði til að sjá Benedikt leika Egil Skallagrímsson segja þeir sem reynt hafa.

sigridur@frettabladid.is

# Uppbyggingin

Nú á dögunum kom hingað til Íslands háttsettur gestur að nafni Nicholas Burns. Hann er aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna og átti hér í viðræðum við forsætis- og utanríkisráðherra. Að viðræðunum loknum fluttu fjölmiðlar, sem núna eru upp til hópa orðnir stjórnarsinnaðir, gagnrýnislausar fréttir um gott samband ríkjanna tveggja, rekstur ratsjárkerfisins og fleiri tæknileg mál sem þarf að semja um.



SVERRIR JAKOBSSON

Í DAG | Utanríkismál

Það er hins vegar full ástæða til að rýna betur í það sem ekki var til umræðu á fundinum. Stundum hefur t.d. þótt ástæða til að ræða ástand mannréttindamála við erlenda ráðamenn, jafnvel þótt ekki sé alltaf miklar líkur til að neitt komi út úr því. Það er gert til að sýna að ríkisstjórn Íslands taki mannréttindi alvarlega og að þau séu alltaf á dagskrá hjá okkur.

Ekki virðist hins vegar hafa þótt ástæða til að ræða mannréttindamál við Burns. Þó er rík ástæða til þess. Mannréttindasamtök um allan heim hafa bent á ítrekuð mannréttindabrot í tengslum við stríðsrekstur Bandaríkjanna í Afghanistan og Írak. Sérstaklega má þar nefna fangabúðirnar sem Bandaríkjastjórn rekur í Guantanamo á Kúbu í trássi við alþjóðalög og Colin Powell, fyrrverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hefur kallað eftir því að verði lokað. Sú yfirlýsing er stórmerkileg og hefðu einhverjir kannski búist við því að Geir og Ingibjörg Sólrún vildu ræða málið við Burns. En þau steinþögðu.

Einnig mætti nefna skýrslu Dick Marty til Evrópuráðsins þar sem því er haldið fram að bandaríska leyniþjónustan reki leynifangelsi víðs vegar í Evrópu og þar eigi sér stað athæfi sem stangist á við mannréttindastefnu ráðsins. Forsætisráðherra og utanríkisráðherra Íslands virðast ekki hafa séð ástæðu til að ræða þetta mál við Burns.

### Þögn ráðherra

Mannréttindabrotin sem eiga sér stað í Guantanamo og í leynifangelsunum eru órjúfanlegur hluti af stríðsrekstri Bandaríkjanna í Írak og í Afghanistan. Full ástæða er til þess að fagna yfirlýsingu utanríkisráðherra um að Íslendingar styðji ekki lengur stríðið í Írak, en jafnframt er athyglisvert að forsætisráðherra þegir þunnu hljóði eins og honum komi málið ekki við.

Öðru máli gegnir um hið gleymda stríð í Afghanistan. Utanríkisráðherra hefur tekið upp orðræðu fyrri íhaldsstjórnar og kallar stríðið „uppbyggingu“ og að Íslendingar eigi að „leggja sitt af mörkum í þeirri uppbyggingu“, svo vitnað sé í hádegisfréttir Útvarpsins á fimmtudag. Það er hins vegar órökrétt af utanríkisráðherra að gera greinarmun á stríðsrekstri Bandaríkjanna í Írak og Afghanistan. Fangabúðirnar í Guantanamo voru stofnaðar í kjölfar innrásarinnar í Afghanistan og leynifangelsin tengjast þeim hernaði ekkert síður en hernaðinum í Írak.

Ástandið í Afghanistan núna er skelfilegt og hið sama gildir um hernað Bandaríkjanna þar og í Írak. Hann beinist í ríkum mæli gegn óbreyttum borgurum og erfitt að sjá að hann standist viðauka Genfarsáttmálans frá 1977 um vernd þeirra á ófriðartímum. Í Afghanistan er engin uppbygging í gangi; þvert á móti ríkir þar stjórnleysi á stórum svæðum. Vígahópar vaða uppi og fjöldi fólks lætur lífið í hverri viku. Bandaríkjaher á mikinn hlut í þessum hernaði gegn venjulegu fólki í Afghanistan en í vestrænum fjölmiðlum er fólkið sem verður fyrir byssum Bandaríkjamanna yfirleitt kallað „vígamenn“ án nánari skilgreiningar. Undanfarna tvo mánuði hafa a.m.k. 135 óbreyttir borgarar verið myrtir af erlendum hermönnum í Afghanistan. Núna á þriðjudaginn voru átta afghanskir lögreglumenn drepnir af skotglöðum bandarískum hermönnum „fyrir mistök“. Ekkert af þessu virðist hafa komið til tals í viðræðum Geirs H. Haarde og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur við Nicholas Burns á fimmtudaginn.

### Er þrælslundin þjóðinni töm?

Í maí síðastliðnum samþykkti þingið í Afghanistan ályktun um að NATO-herinir ættu að láta af árásum á Talibana og að ríkisstjórn landsins ætti þegar að hefja viðræður um vopnahlé. Þessi ályktun hafði engin áhrif á framgöngu NATO-herjanna því að Afghanistan er hvorki lýðræðisríki né sjálfstætt ríki nema að nafninu til. Er ekki ástæða til þess að utanríkisráðherra útskýri hvers konar „uppbygging“ er fólgin í hernaði sem fer fram í trássi við þjóðþing viðkomandi lands?

Það er skiljanlegt að stjórnvöld á Íslandi vilji eiga vinsamleg samskipti við Bandaríkin. En vinur er sá sem til vamms segir. Samskipti íslenskra stjórnvalda við bandaríska ráðamenn hafa til þessa einkennst af þrælslund fremur en vináttu og er sú pólitík greinilega ekki á undanhaldi.

# Velkomnir í hópinn HR-ingar

UMRÆÐAN

Laganám



BRYNDÍS HLÖÐVERSDÓTTIR

Í Fréttablaðinu laugardaginn 9. júní ritaði Davíð Þór Björgvinsson, prófessor og dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, grein í tilefni af fyrstu útskrift lögfræðinga frá Háskólanum í Reykjavík. Ástæða er til að samfagna Davíð Þór og öðrum kennurum við skólann með þann merka áfanga – og ekki síst þeim stúdentum sem luku lagaprófi þetta sinn.

Í greininni heldur Davíð því fram að Háskólinn í Reykjavík hafi verið að útskrifa fyrstu lögfræðingana með fullnaðarpróf í lögfræði utan HÍ nú á dögunum. Þetta kemur reyndar oftar en einu sinni fram í grein Davíðs, meðal annars er yfirskriftin í þessa veru og talað um að þar til HR hóf lagakennslu hafi HÍ setið einn að slíkri menntun hér á landi. Þessar fullyrðingar Davíðs eru með nokkrum ólíkindum og koma verulega á óvart í ljósi þess að í ársbyrjun 2006 var hópur lögfræðinga útskrifaður með fullnaðarpróf í lögum frá Háskólanum á Bifröst og hafa reyndar fleiri bæst í þann hóp síðan. Þessir lögfræðingar hafa sumir hverjir nú þegar gengist undir próf til málflutningsréttinda og náð því með láði. Þeim og öðrum úr þessum hópi hefur vegnað vel á vinnumarkaði lögfræðinga. Það sætir furðu að Davíð Þór, sem hefur um árabil starfað við lögfræðikennslu, viti ekki af þessum hópi, en ekki vil ég ætla honum að tala gegn betri vitund. Undir slíkri hagræðingu á staðreyndum verður hins vegar ekki setið þegjandi og því er þessari athugasemd komið á framfæri.

Ég vil í lokin óska lagadeild Háskólans í Reykjavík innilega til hamingju með þann árangur að hafa útskrifað sína fyrstu lögfræðinga með meistaragráðu. Ég efast ekki um að sá hópur og þeir sem í kjölfarið koma eigi eftir að auðga stétt íslenskra lögfræðinga, rétt eins og Bifrestingarnir hafa gert sem nú hafa lokið slíkri gráðu.

*Höfundur er forseti lagadeildar Háskólans á Bifröst.*




ENNEMM / SÍA / NM28302

## Ísafoldarprentsmiðja fagnar 130 ára afmæli

Ísafoldarprentsmiðja, elsta starfandi prentsmiðja landsins, hóf rekstur fyrir 130 árum eftir að hafa fengið tilskilið leyfi Danakonungs. Á sínum tíma var prentsmiðjan stofnuð gagngert til að prenta blaðið Ísafold en í dag bjóðum við upp á alhliða prentþjónustu. Ísafoldarprentsmiðja er ein öflugasta prentsmiðja landsins og hefur sett sér það takmark að vera leiðandi í hagkvæmum prentlausnum.

Frá stofnun Ísafoldarprentsmiðju hafa orðið stórstígar framfarir í prenttækni samhliða sívaxandi kröfum um skjóta og góða prentþjónustu. Við hjá Ísafoldarprentsmiðju höfum ávallt brugðist við kalli tímans og lagað okkur að þörfum viðskiptavina með hagsmuni þeirra að leiðarljósi. Það munum við gera áfram – og vinna í takt við tímann eins og við höfum gert í 130 ár.

ÍSAFOLDAR
PRENTSMIÐJA

Í takt við tímann í 130 ár

MAÐUR VIKUNNAR

# Erindreki vísindanna

Þorsteinn Ingi Sigfússon, nýráðinn forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar, fékk á dögunum Alheimsorkuverðlaunin rússnesku. Eins og frægt er orðið var það Vladimír Pútín Rússlandsforseti sem afhenti þau, til viðurkenningar fyrir framlag til orkumála. Viðmælendur Fréttablaðsins eru sammála um að á sínu sviði sé Þorsteinn einkar vel að viðurkenningu kominn. „Ég veit ekki um neinn betri,“ sagði samstarfsmaður hans til margra ára. Hinn ágætasti fulltrúi Íslands, sem eins konar erindreki vísindanna.

Þorsteinn fæddist í Vestmannaeyjum árið 1954. Hann sýndi fljótlega af sér leiðtogahæfileika og stofnaði knattspyrnufélagið Knött. Snemma beygðist krókurinn því þótt leiðtoginn væri ekki drengja fimastur á vellinum sá hann vel um fjármál félagsins og framgang á öðrum sviðum. Hann þótti snemma góður námsmaður og sleppti einum árgangi í grunnskólanum. Í æsku var Þorsteinn áhugasamur um fræðin og framkvæmdi margs konar tilraunir, til að mynda á yngri systkinum sínum, sem eru fimm talsins. Þau eru Árni, sem nú er bæjarstjóri í Reykjanesbæ, Gylfi framkvæmdastjóri í Bandaríkjunum, Þór, forstjóri Sjóvá, Margrét innanhússarkitekt og Sif, varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks. Sagt er að Þorsteinn hafi litið mjög upp til afa síns, Þorsteins Þ. Víglundssonar, skólastjóra við gagnfræðaskólann í Eyjum. Menntahneigð var honum því í blóði borin og lá beint við fyrir hann að ganga þann veginn, þótt langskólaganga hafi ekki verið sjálfgefin á þeim tíma í Vestmannaeyjum. Þegar Þorsteinn var fimmtán ára gamall fluttist fjölskyldan til Reykjavíkur og gekk hann þá í Menntaskólann við Hamrahlíð. Þorsteinn hélt síðan til náms utan landsteinanna og nam meðal annars við hinn fornfræga háskóla í Cambridge. Þar var hann valinn í skólaliðið í reiptogi og þótti fastur fyrir og sterkur.

Þorsteinn þykir traustur vinur og fórnfús. Vinir segja hann sýna ræktarsemi sem gengur stundum lengra en þeir áttu endilega von á. „Það má bera mikið traust til Þorsteins, hann hleypur í skarðið ef með þarf,“ segir vinur til margra ára. Sá bætir við að Þorsteinn sé ávallt óspar á að hampa öðrum og eigni sér ekki annarra verk. Hann er sagður prúður maður sem eigi auðvelt með að umgangast aðra. „Það fer ekki á milli mála að hann er einn ágætasti maður sem ég hef kynnst,“ sagði einn mætur maður um hann. Þorsteinn fer leikandi með að koma sínum sjónarmiðum og áherslum á framfæri. Gerir flókna hluti auðskilda og festir sig ekki í smáatriðum, heldur er stór þáttur í fari hans hæfnin til að sjá og sýna heildarmyndina skýra. Þrátt fyrir kurteisina er Þorsteinn „fullfær að sjá um sig sjálfur,“ eins og einn viðmælandi orðar það. Ekki er hann skaplaus maður og fólki dylst ekki ef honum mislíkar eitthvað. Hann er hvort tveggja alvörugefinn og léttur í lund. „Ekkert selskapsdýr kannski, en alltaf mjög léttur. Mikill húmoristi.“

Þegar forvitnast er um hugðarefni Þorsteins, utan eðlisfræði, er nefnt að hann hafi gaman af tungumálinu og íslenskum bókmenntum. Persónulegur metnaður Þorsteins er mikill og djúpur og nýtir hann mikla atorku sína til fullnustu. „Ekki týpan sem vill vera í friðsælu háskólaumhverfi til að sinna fræðilegum verkefnum eingöngu,“ sagði einn viðmælandi. Hann lætur ekkert tækifæri úr hendi sleppa til að ýta áfram sínum baráttumálum og fer bróðurhluti tíma hans í þau.

Þrátt fyrir að hafa gengið svo langt að hafa lýst því yfir að hann standi í platónsku ástarsambandi við vetni er Þorsteini lýst sem afskaplega miklum fjölskyldumanni. Hann á og „efnileg börn í sérklassa, glæsilegt fólk“. Þorsteini verður enda tíðrætt um afkvæmin og ber mikla umhyggju fyrir þeim. Einn viðmælandi bendir á dæmi sér til stuðnings að þegar Þorsteini var boðið að taka með sér hóp til Rússlands að hitta Pútín ákvað hann að taka börnin og eiginkonuna með sér, en margur hefði talið silkihúfur hæfa betur með í för.

## ÞORSTEINN INGI SIGFÚSSON



### ÆVIÁGRIP

Þorsteinn Ingi fæddist að Goðasteini í Vestmannaeyjum föstudaginn 4. júní 1954 og er því tvíburi samkvæmt dýrahringnum hefðbundna. Foreldrar hans eru Sigfús Jörundur Árnason Johnsen, sem lést árið 2006, og Kristín Sigríður Þorsteinsdóttir. Þorsteinn Ingi var fimmtán ára þegar fjölskyldan flutti til Reykjavíkur og gekk í Menntaskólann við Hamrahlíð. Þaðan varð hann stúdent árið 1973 og nam eftir það eðlisfræði og stærðfræði við Kaupmannahafnarháskóla í ein fimm ár. Hann lauk doktorsprófi í eðlisfræði frá Háskólanum í Cambridge árið 1982. Þorsteinn varð síðan sérfræðingur við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands og loks prófessor í eðlisfræði árið 1989. Hann var einn stofnenda Íslenskrar Nýorku og fyrsti formaður framkvæmdanefndar Alþjóða vetnissamtakanna árið 2003. Hann var sæmdur riddarakrossi íslensku fálkaorðunnar 2004.

### VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Þorsteinn hefur verið áberandi vegna starfa sinna að orkumálum í áraraðir, sérstaklega fyrir framsækin verkefni tengd nýtingu vetnis. Um þessar mundir er hann þó þekktastur fyrir að hafa þegið Alheimsorkuverðlaunin úr hendi Vladimírs Pútín Rússlandsforseta.

### HVAÐ SEGIR HANN?

*„Það hefur vissulega verið verkefni mitt að temja róteindina; að virkja léttasta og útbreiddasta atómið, vetni, í þjónustu heimsins.“*

Úr ræðu í Pétursborg, 9. júní 2007

Súpersól til
Salou
22. og 29. júní
frá kr. 39.995
Allra síðustu sætin
Costa Dorada ströndin, sem skartar m.a. bæjunum Salou og Pineda, hefur notið mikilla vinsælda vegna mikils fjölbreytileika svæðisins. Þar finna allir eitthvað við sitt hæfi. Terra Nova býður frábært súpersólartilboð. Þú bókar flugsæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Hér eru margra kílómetra langar aðgrunnar strendur, hótelgisting sem hentar jafnt fjölskyldufólki sem öðrum, úrval afþreyingar, blómstrandi menning og frábært skemmtanalíf.
Verð kr. 39.995
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, í íbúð með einu svefnherbergi í viku. Aukavika kr. 10.000. Ath. súpersólar tilboð 29. júní kr. 5.000 aukalega.
Verð kr. 49.990
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna, í herbergi/stúdíó/íbúð í viku. Aukavika kr. 10.000. Ath. súpersólar tilboð 29. júní kr. 5.000 aukalega.
TERRA NOVA
Skógarhlíð 18 – 105 Reykjavík – sími 591 9000
Akureyri – sími 461 1099 • Hafnarfirði – sími 510 9500
www.terranova.is

MARKAÐURINN
Einfalt mál
með Fréttablaðinu alla miðvikudaga



Sumartilboð Vildarþjónustunnar
Osló, Stokkhólmur og Gautaborg með Iceland Express aðeins
19.900,-
með sköttum
Tilboðið er bókanlegt frá 15. - 30. júní og er ferðatímabilið 15. - 15. júlí
www.spar.is
Iceland Express
SPARISJÓÐURINN
Vildarþjónusta



# Gleðilega þjóðhátíð

**Opið 17. júní kl. 11-19**

**Húsasmiðjan og Blómaval Skútuvogi**



**5.999** ~~9.990~~

**Tjaldborð og bekkir**
Níðsterkt, pakkast saman
3899360

# Sumarið er komið í Húsasmiðjuna




**2.599** ~~5.490~~

**Gori spray**
5 ltr., hálfþekjandi viðarvörn, svart, grænt, hnotu og tekk
7042339



**5.999**

**Rafmagnsorf, Gardena**
420W, 25 sm sláttubreidd
5087514



**99**

**Íslenski fáninn**
30x46 sm
12469122



**18.999** ~~26.900~~

**Reiðhjól 26"**
Impulse, 21 gíra Shimano skipting, heavy duty álstell, Artek V bremsur, álgjarðir, demparar að framan
3899973



**9.999** ~~13.990~~

**Reiðhjól 20"**
Energy, 6 gíra Shimano skipting, álgjarðir, Artek V bremsur, Tektro plast/ál
3899970



**4.899**

**Hekkklippur, Ikra**
Rafmagns, 550W, 60 sm blað, klippir 18 mm
5083540

**Sama lága verðið um land allt**

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál




Vnr. 53323150

**Sláttuvél**

Warrior sláttuvél með fjórgengis Briggs & Stratton Classic Q37,5 mótor. Vélin er 3,75 hestöfl, 60 ltr. safnkassi, sláttubreidd 47, eitt handfang til að stilla 5 mismunandi stillingar á sláttuhæð 1,5 – 6 cm.

**www.byko.is**
verslaðu á netinu



39.900

Partner

Vnr. 53323001

**Sláttuvél**

PARTNER sláttuvél með fjórgengis Briggs & Stratton Classic Q40 mótor. Vélin er 4 hestöfl, sjálfdrifin. 75 ltr. safnkassi er á sláttuvélinni. Sláttubreiddin er 51 cm og sláttu-hæðin er með 5 mismunandi stillingum, frá 3 cm - 7 cm.



59.900

Partner

Vnr. 53323003

**Sláttuvél**

PARTNER Briggs & Stratton Classic Q70 mótor. Vélin er 7 hest-öfl, sjálfdrifin. Með 75 ltr. safnkassa. Sláttubreiddin er 53 cm og sláttuhæðin er með 4 mismunandi stillingum, frá 3 cm - 7 cm.



Vnr. 53323155

**Sláttuvél**

Warrior sláttuvél með fjórgengis Briggs & Stratton Classic Q60 mótor. Vélin er 6 hestöfl, 60 ltr safnkassi, sláttubreidd 47, eitt handfang til að stilla 5 mismunandi stillingar á sláttuhæð 1,5 – 6 cm.

36.900

# BETRA SUMAR
*í verslunum BYKO*

ÓTRÚLEGT ÚRVAL!

## 20% afsláttur
af völdum sígrænum sumarplöntum



ÓTRÚLEGT ÚRVAL AF GRILLUM!
þú færð fylgihlutina fyrir grillið í BYKO

**27.900**

Vnr. 50632103
**Gasgrill**
ELEGANT UNION gasgrill með 3 brennurum, pottjárn í steikargrind, grillflötur 66x50 cm. Neistakveikjari, grillsteinar, hitamælir, steyptir brennarar, og efri grind, 12.9kW. Fitubakki, mjög auðvelt að hreinsa. Þrýstjafnari og slanga fylgja.



Vnr. 50706891
**Gashitari**
Gashitari, 13 kW, hæð 240 cm, hattur 80 cm, grænn.
**18.900 kr.**



Vnr. 41616001
**Garðborð**
Átthyrnt borð, Iron Wood viður, 1770x30 mm.
**28.900 kr.**

Vnr. 41616019/24
**Snúningsdiskur**
Snúningsdiskur, Iron Wood viður, 600mm eða 760 mm.
Verð frá **4.990 kr.**

**7.990**

Vnr. 41616010
**Garðstóll**
Garðstóll með stillanlegu baki, Iron Wood viður.

Vnr. 41616003
**Garðborð** **23.900 kr.**
Sexhyrnt borð, Iron Wood viður, 1500x30 mm.



Allt klárt fyrir útileguna!

**990**

Vnr. 88015960
**Barnatjald**
Barnatjald, stærð: 120x120x90 cm.

## 25% afsláttur
*af allri viðarvörn & útimálningu!**

*Gildir ekki með öðrum tilboðum!






Vnr. 41621519
**Stóll**
Stóll, ál, 59x55x74 cm.
**2.990 kr.**

Vnr. 41621539
**Borð**
Borð, ál/króm, 80x72 cm.
**3.990 kr.**



Vnr. 53323165
**Sláttuorf**
Warrior sláttuorf , 25cc tvígengis motor. Sláttubreidd 38 cm, vegur 9,8 kg.
**12.900 kr.**



Partner
Vnr. 53323046
**Sláttuorf**
PARTNER sláttuorf, 28cc tvígengis bensínmótor, 0,7 hestöfl. Sláttubreidd 43 cm, vegur 5,5 kg.
**19.900 kr.**



BOSCH
Vnr. 74890323
**Sláttuorf**
BOSCH EASYTRIM rafmagnssláttuorf 280W. Sláttubreidd 23 cm. Orfið er aðeins 1,6 kg á þyngd. Kjörið til að slá meðfram beðum og köntum.
**2.990 kr.**

BYKO
GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

# Bjögun eða bjöggun?

Í Dagbók Þráins Bertelssonar er sagt frá 25 milljónum króna á glámbekk, sveitastúlku í solli og heilræðum heimsendaspámanna og spurt hversu lengi jurtir þurfi að búa á Íslandi til að fá íslenskan ríkisborgararétt...



## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

**FÖSTUDAGUR, 8. JÚNÍ.**

### Um gagnsemi fataskipta

Í dag fór Andri í vikudvöl hjá skátum að Úlfljótsvatni. Hann og Kári vinur hans fóru líka í fyrra og líkaði svo vel að þeir vildu ólmir fara aftur.

Andri fór með heilmikinn farangur og verður örugglega feginn því að fara í hrein föt á hverjum morgni þegar hann er búinn að fara í morgunsturtu og bursta tennurnar vandlega.

Mér sjálfum finnst hins vegar óþarfi að gera unga menn út með mikinn farangur í svona ævintýraferðir. Ég frétti af einum strák sem var í vikudvöl á Úlfljótsvatni í fyrra og kom heim glaður og ánægður í nákvæmlega sömu fötum og hann var í þegar hann fór. Aðspurður kvaðst hann líka hafa sofið í þeim enda sparar það bæði tíma og fyrirhöfn að vera ekki sífellt að rífa sig í eða úr fötunum.

**LAUGARDAGUR, 9. JÚNÍ.**

### 25 milljónir á glámbekk

Frá Háteigsskóla kemur athyglisverð áætlun en þar hefur starfsfólkið verið að skoða þá óskilamuni sem blessuð börnin hafa skilið eftir sig í skólanum og enginn hefur gert tilkall til eða viljað við kannast.

Samkvæmt þessari athugun skilur hvert barn að meðaltali eftir sig verðmæti fyrir um 2.500 krónur á vetrinum og er þá miðað við áætlað verð á hverja úlpu 5.000 krónur, 400 krónur á vettlinga og 3.000 krónur á peysu svo dæmi séu tekin.

Tíu þúsund skólabörn týna samkvæmt þessu andvirði 25 milljón króna á hverjum vetri og er þá ótalin sá varningur sem tapast annars staðar en í skólum landsins. Þetta eru umtalsverð verðmæti og mundu nema rúmum árslaunum seðlabankastjóra ef öll hrúgan væri á einum stað.



**SUNNUDAGUR, 10. JÚNÍ.**

### Meydómur og langlífi

Í dag var Valgerður Sverrisdóttir kjörinn varaformaður Framsóknarflokksins. Á þeim bæ er mikið og erfitt starf fyrir höndum.

Í framtíðinni munu stjórnmálafræðingar leita skýringa á því hvers vegna Framsóknarflokkurinn uppskar allar skammirnar og Sjálfstæðisflokkurinn allt hrósið fyrir þau verk sem þessir flokkar unnu í sameiningu í 12 ára stjórnarsamstarfi.

Skýringarnar verða sennilega jafn margar og ólíkar og þeir sem eiga eftir að setja þær fram. Í mínum huga er hlutskipti Framsóknar soldið eins og saklausrar sveitapíu sem borgarljósin heilla til sín og lendir í óheppilegum félagsskap og gleymir uppruna sínum og þeim dyggðum sem hún var nestuð með að heiman.

Með sjö ára hreinlífi mun vera hægt að endurheimta meydóm sinn svo að Framsókn hefur tímann fyrir sér. Glöggur maður sem ég hitti á förnum vegi, og var einusinni alþingismaður, kvaðst ekki treysta sér til að segja fyrir um það með öruggri vissu hvort stjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar muni endast í tólf ár eða sextán.

**MÁNUDAGUR, 11. JÚNÍ.**

### Bjögun eða bjöggun?

Þegar íslenskir stjórnmálamenn þora ekki sjálfir að segja einhverja vitleysu eða framkvæma eitthvert glapræðið er þrautalending þeirra að hóa í „erlenda sérfræðinga“ og hafa ruglið eftir þeim til að gefa því gáfulegt yfirbragð.

Nú langar marga að drepa Íbúðalánasjóð. Það er skelfilegt að ríkið skuli reka þennan sjóð sem varnar því að bankarnir geti selt sér algjört sjálfdæmi í fasteignaviðskiptum og ráðið því hverjir fái að eignast þak yfir höfuðið og hverjir ekki.

Meðan verið er að brugga Íbúðalánasjóði banaráðin stendur heilræðabunan upp úr „erlendum sérfræðingum“ sem fullyrða eins og sannir heimsendaspámenn að nú þurfi að takmarka „án tafar hámarkslán og lánshlutföll hans“. Þetta orðalag er svo auðskilið jafnvel sauðsvörtum almúga að hinir „erlendu sérfræðingar“ láta fylgja þessu djúpvitra athugasemd á vísindasproki svo: „Í framhaldinu þarf ríkisstjórnin að eyða fyrir fullt og allt þeirri bjögun á innlendum fjármálamarkaði sem stafar af tilvist Íbúðalánasjóðs í eigu hins opinbera.“

„Bjögun á innlendum fjármálamarkaði“ er væntanlega sú staðreynd að meðan Íbúðalánasjóður er við lýði eiga bankarnir ekki allskostar við almenning.

Bjögun ætti kannski frekar að vera bjöggun?



Annars eru vísindamenn yndislegir, ekki bara hinir „erlendu sérfræðingar“ sem hingað koma. Nú hefur hjörð vísindamanna við Lundúnaháskóla afrekað það sem lengi hefur vafist fyrir mannkyninu. Sem sé að meta hamingjuna til fjár.

Vísindamennirnir hafa reiknað það út hvers virði heilsa, hamingja, gott hjónaband og fleiri slíkir óáþreifanlegir hlutir séu í krónum og aurum. Ekki veit ég hvort niðurstöður vísindamannanna eiga að gilda um fleiri þjóðir en þær sem byggja Bretlandseyjar en fyrir mína parta finnst mér góð heilsa fremur lítils metin þar um slóðir, eða á skitnar 37 milljónir króna sem dygði varla fyrir íbúðarholu í Skuggahverfinu í Reykjavík. Góður maki er metinn á 25 millur.



Skyldi frú Sólveig geta fengið 25 milljónir fyrir mig á frjálsum markaði? Það er svipuð upphæð og frambærilegur forstjórajeppi kostar.

**ÞRIÐJUDAGUR, 12. MAÍ.**

### Að eitra fyrir gróðri

Nú mun vera búið að eitra innan þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum. Ekki þó fyrir meindýrum eða ferðamönnum heldur fyrir plöntutegund sem heitir lúpína. Íslenskum plöntu-rasistum virðist vera uppsigað við þessa fallegu jurt sem vex á svörtum söndum þar sem aðrar jurtir hafa dáið út. Á eyðimörkum myndar lúpínan jarðveg og vaxtarskilyrði fyrir önnur blóm og jurtir og víkur síðan kurteislega þegar hún hefur búið í haginn fyrir þær.

Verandi kunnugur austur á Rangárvöllum hef ég séð með eigin augum hvílíkt kraftaverk lúpínan er á eyðisöndum.

Hvað þarf annars ein jurt að hafa búið lengi á Íslandi til að fá hér ríkisborgararétt? Verst að Jónína Bjartmarz skuli ekki vera umhverfisráðherra lengur.

**MIÐVIKUDAGUR, 13. JÚNÍ.**

### Gúrkutíð hefst

Svonefnd GÚRKA byrjar formlega í dag en gúrkutíð hefst þegar flest mikilmenni innanlands og utan eru komin í sumarfrí og blaðamenn hafa lítið til að skrifa um annað en vaxtarafrek garðávaxta.

Aðalfréttin á landinu í dag hefur verið sá fáheyrði atburður að unglingar fóru á fyllerí í sumarbústað um síðustu helgi og nenntu ekki að taka til eftir sig.

Á dögum alþjóðavæðingar, hryðjuverka, gróðurhúsaáhrifa, styrjalda og hungursneyða finnst mér notalegt að búa í landi þar sem sóðaleg umgengni í sumarbústað telst enn vera fréttaefni.

**FIMMTUDAGUR, 14. JÚNÍ.**

### Orðstír bakarans

Andri og Kári eru komnir frá Úlfljótsvatni himinsælir með dvölina. Elí vinur Andra sem hefur saknað leikfélaga síns undanfarna daga var að sjálfsögðu mættur til að taka á móti þeim.

Við fyrstu athugun lítur út fyrir að Andri hafi haft fataskipti í vikunni enda er hann hið mesta snyrtimenni og týndi ekki nema einhverju smáræði af fötum í ferðinni.

Í kvöld hjálpaði litla Sól mér að hnoða flatbökur til að halda upp á heimkomu útilegudrengsins og Hávar og Eyrún Þorbjörnsbörn sem búa í næsta húsi mættu í samkvæmið. Það var líf og fjör enda vona ég að barnabörnin mín segi sínum barnabörnum að forfaðir þeirra í Norska bakaríinu hafi bakað góðar pitsur því að orðstír að sögn Hávamála deyr aldrei.

Sumarið verður alltaf betra og betra.





# Við opnum nýja búð




**Opnunartilboð**

# 1.990,-

**3 lítra dós**
**Flügger 97 – rétta viðarvörnin**




**Opnunartilboð**

# 1.990,-

**3 lítra dós**
**Flügger tréolía – á sólpallinn**

Höfum opnað áttundu verslun Flügger lita á Íslandi.
Blöðrur og safi fyrir börnin. Grillpylsur í boði. Kaffi á könnunni.
Sérhæfðar verslanir með málningu og málningarvörur.

www.flugger.is




# Flügger litir

Ögurhvarfi 2, Kópavogi
Sími 587 4430. Opið virka daga 8-18, laugardaga 10-15



108092

TUPAC SHAKUR (1971-1996)
FÆDDIST ÞENNAN DAG

*„Ég þarf ekki að óttast dauðann. Eini ótti minn er snúa aftur endurholdgaður.“*

***Tupac Shakur var bandarískur rappari sem var skotinn til bana í Las Vegas.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 16. JÚNÍ 1963

## *Fyrsta konan í geiminum*

Á þessum degi árið 1963 var hin sovéska Valentina Tereshkova send fyrst kvenna út í geiminn um borð í geimfarinu Vostok 6.

Valentina var í 71 klukkustund á sporbaugi um jörðu og fór á þeim tíma 48 sinnum í kringum jörðina áður en hún lenti Vostok 6 af öryggi á jörðinni aftur. Flugið gerði Valentinu að þjóðhetju í Sovétríkjunum og var hún sæmd Lenínorðunni skömmu síðar fyrir afrek sitt. Áður höfðu Sovétmenn sent fyrsta manninn, Júrí Gagarín, og fyrsta hundinn, Laika, út í geiminn.

Valentina, sem var áður áhugafallhlífarstökkvari, var valin úr hópi yfir 400 umsækjenda til að fara út í geiminn en reynsla af fallhlífarstökki var einmitt eitt af skilyrðunum fyrir inntöku. Önnur skilyrði voru meðal annars að vera undir þrítugu, undir 170 sentímetrar á hæð og undir 70 kíló að þyngd.

Síðar þetta sama ár giftist Valentina öðrum geimfara, Andrian Nikolajev. Þau eignuðust árið 1964 saman dóttturina Elenu Adrianovna og var hún fyrsta barnið í sögunni til að eiga foreldra sem báðir voru geimfarar. Geimfarahjónin skildu árið 1982.



**Á SPORBAUGI UM JÖRÐU** Valentina Tereshkova var fyrst kvenna til að fara á sporbaug um jörðu.

### MERKISATBURÐIR

1551 Jón Arason og synir hans eru dæmdir landráðamenn. Þeir höfðu verið teknir af lífi árið áður.

1877 Ísafoldarprentsmiðja er stofnuð.

1943 Þýsk flugvél skýtur á strandferðaskipið Súðina á Skjálfandaflóa. Tveir menn látast.

1946 Haldið upp á hundrað ára afmæli Menntaskólans í Reykjavík.

1980 Gufuneskirkjugarður er tekinn í notkun.

1992 Umdeild ævisaga Díönu Bretaprinsessu eftir Andrew Morton er gefin út.




## 50 ára afmæli

**Díana Vera Jónsdóttir**

hárskurðarmeistari býður til veislu vegna 50 ára afmælis síns hinn 15. júní. Veislan verður haldin að Kristnibraut 9 neðri hæð Grafarholti hinn 17. júní klukkan 15.00. Allir vinir og vandamenn eru velkomnir.





†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín Ása Engilbertsdóttir**

Grýtu, Djúpavogi,

lést á sjúkrahúsinu í Neskaupstað þriðjudaginn 12. júní. Jarðarförin auglýst síðar.

**Steingrímur Ingimundarson**
**Ingimundur Steingrímsson**
**Óskar Steingrímsson** **Sólrún Sverrisdóttir**
**Hafsteinn Steingrímsson** **Kristbjörg Eiríksdóttir**
**Ragnhildur Steingrímsdóttir** **Vilberg M. Ármannsson**
**Drífa Ragnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**





†

*Ástkær sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ragnheiður Ólöf Pálsdóttir**

Gaukshólum 2,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 13. júní. Útförin verður auglýst síðar.

**Aðstandendur.**





†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur og bróðir,*

**Hilmar J. Hauksson**

Kóngsbakka 10 og Aflagranda 20,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut fimmtudaginn 14. júní. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Monika Blöndal**
**Sara Hilmarsdóttir**
**Haukur Steinn Hilmarsson**
**Svava J. Brand**
**Þórunn Helga Hauksdóttir**
**Björn Torfi Hauksson**



Auglýsingar sendist á
**auglysingar@frettabladid.is**
eða hringja í síma 550 5000.


BJÖRN PÉTURSSON: NÝR SKÓLASTJÓRI MELASKÓLA

# Sá fjórði í sextíu ára sögu

Björn Pétursson er nýr skólastjóri Melaskóla en hann er fjórði skólastjórinn í sextíu ára sögu skólans.

Björn, sem hefur verið aðstoðarskólastjóri síðan 1994, var sjálfur nemandi í Melaskóla sem barn og hefur nú kennt við skólann í þrjátíu ár. „Þegar ég byrjaði að kenna árið 1977 var það ekki óalgengt að kennarar væru með tvo bekki því þá voru skólarnir tvísetnir,“ segir Björn og rifjar upp að fyrsta veturinn í kennslu var hann með 45 kennslustundir á viku.

„Það hefur mjög margt breyst á þessum tíma, sérstaklega við einsetninguna í kringum aldamótin og þegar við þurftum að sjá um mat fyrir börnin. Það hefur tekið talsverða orku og tíma af því að við búum svo þröngt hér í Melaskóla, þannig að við þurftum að gera heilmiklar breytingar,“ segir Björn, sem sér ekki fyrir sér að miklar breytingar verði gerðar á stjórn skólans þrátt fyrir að nýr skólastjóri taki við. „Skólinn stendur á mjög traustum grunni og þar eru gömul og góð gildi við lýði. Við reynum þó að vera dálítið framfarasinnuð í kennslunni. Ég mun leggja enn meiri áherslu á upplýsingatækni en hefur verið og nýta hana sem best, ekki síst með tilliti til einstaklingsmiðaðs náms. Þar sé ég ákveðna möguleika sem mætti nýta.“

Björn segir það aðalatriði að bæði börnum og starfsfólki líði vel í skólanum, en nemendur skólans eru um 600 í fyrsta til sjöunda bekk. „Melaskóli er einn af fjölmennustu skólum borgarinnar og þeir sem eru fjölmennari eru með nemendur frá fyrsta til tíunda bekk, þannig að ég hygg að við séum fjölmennasti barnaskólinn á landinu,“ segir Björn og bætir því við að þegar skólinn varð einsetinn hafi verið byggð nýbygging við skólann. „Sú bygging er nokkuð vegleg og þar nutum við þess hvað gamli skólinn er glæsileg bygging. Þá var ekki hægt annað en að hafa nýju bygginguna í stíl við hann.“ sigridurh@frettabladid.is



**MARGT HEFUR BREYST** Björn Pétursson, nýskipaður skólastjóri Melaskóla, segir heilmiklar breytingar hafa orðið á skólastarfinu í Melaskóla á þeim þrjátíu árum sem hann hefur starfað sem kennari við skólann. Sjálfur var hann nemandi við skólann sem barn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**WWW.TIMAMOT.IS** Vefsíða Afstöðu, félags fanga.

## Tímamót.is

Afstaða, félag fanga, hefur opnað nýja vefsíðu undir www.timamot.is. Þar má meðal annars skoða nýjustu fréttir, fræðast um forvarnarmál og lesa pistla.

Afstaða var stofnað af föngum á Litla-Hrauni 23. janúar 2005. Markmið félagsins eru fyrst og fremst þau að vinna að tækifæri fyrir fanga til ábyrgðar, endurreisnar og að búa þeim skilyrði til farsællar endurkomu út í samfélag manna. Hugað er að aðstandendum fanga, fjölskyldum, vinum og öllum öðrum sem sitja í fangelsi úti í hinu frjálsa samfélagi vegna tengsla við fanga.

# Kóngsvegur ekinn í fornbílum

Í ár eru hundrað ár liðin frá komu Friðriks konungs VIII en þá var lokið við gerð Konungsvegarins um Þingvelli, Laugarvatn, Gullfoss og Geysi. Konungsvegurinn er sennilega ein dýrasta vegaframkvæmd Íslandssögunnar eða um fjórtán prósent af ársútgjöldum ríkisins á þeim tíma.

Í tilefni af afmælinu efna Ferðafélag Íslands og Fornbílaklúbburinn til ferðar í um þrjátíu fornbílum frá Reykjavík um Þingvelli og austur að Laugarvatni.

Lagt verður upp í ferðina frá höfuðstöðvum FÍ Mörkinni 6 klukkan 9 að laugardagsmorgni. Ólafur Örn Haraldsson er fararstjóri í ferðinni og Sigurður G. Tómasson og Gísli Sigurðsson sjá um leiðsögn. Áætlað er að ferð ljúki á Laugarvatni um klukkan tvö.



**ÖKUFERÐ** Ekið verður frá Reykjavík til Þingvalla og Laugarvatns í dag.


Opið 17. júní 12 - 18 í eftir töldum búðum:
Smáratorgi, Helluhrauni í Hafnarfirði, Spöng í Grafarvogi, Holtagörðum og í Bónus á Akureyri
EKKERT BRUÐL
Ferskir blandaðir bitar
Blandaðir bitar
kílóverð nú:
298 KR.
Merkt verð 497 KR.
40% afsláttur við kassann
Knorr fyrir kjúklinginn
Knorr sósa
159 KR.
455g
6x 2 lítrar
Kipputilboð!
12 lítrar af Coca-Cola
698 KR.
6x 2 lítrar
Bónus kryddbringur
KÍLÓVERÐ NÚ:
1819 KR.
Merkt verð 2799 KR.
35% afsláttur við kassann
Nýtt kortatímabil!
Hálfúrbeinuð skinnlaus læri
kílóverð nú:
600 KR.
Merkt verð 1000 KR.
40% afsláttur við kassann
40% afsláttur við kassann
10x 80g hamborgarar
898 KR.
Frosnir og fínir í ferðina
10x 115g hamborgarar
1258 KR.
Frosnir og fínir í ferðina
TEX MEX vængir
kílóverð nú:
168 KR.
Merkt verð 280 KR.
40% afsláttur við kassann
Einiberjalæri
kílóverð nú:
1069 KR.
Merkt verð 1781 KR.
5x200g RISA hamborgarar
1168 KR.
Frosnir og fínir í ferðina
BBQ leggir/læri
kílóverð nú:
368 KR.
Merkt verð 525 KR.
30% afsláttur við kassann
4 XL Bónus hamborgarabrauð
79 KR.
Tilboð í TUGATALI!
Komdu á bonus.is
Matarkarfa að upphæð 20.000 KR. dregin út í póstlistanum í hverri viku til 1. sept.!
bonus.is

C4 Picasso



# Stýrðu nýjustu




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

CITROËN

Frakkar eru bestir. Erfitt að viðurkenna það. Eru erfiðir. Eins og við. Þannig er flott fólk. Voða, voða sérstakt. Þannig er líka allt sem kemur frá því, mjög sérstakt; fötin, ilmvatnið, maturinn, skapið, bílarnir. Frakkarnir eiga orðið nýtt. Þeir stýra hátískunni. Íslendingar geta stýrt nýjustu hátískunni eins og Frakkar. Við erum svo grand. Veldu franskan munað.

Stýrðu nýjustu hátískunni frá París. Kauptu Citroën C4 Grand Picasso. Komdu í Brimborg í dag. Sjáðu það nýjasta frá París.

Veldu sjálfskiptan Citroën C4 Grand Picasso frá 2.995.000 kr*.

# tískunni frá París: 7 sæta C4 Grand Picasso.




brimborg

*Öruggur staður til að vera á*



**JÓL Á FLATEYRI** Kristján ásamt konu sinni Lesley Wales og tvíburadætrunum Jóhönnu Guðrúnu og Katherine Barbara. Þær eru báðar skírðar í höfuðið á ömmum sínum. Myndin var tekin síðustu jól.

# Hef alltaf viljað standa mig

**Kristján Erlingsson** gerir ekki langtímaplön fyrir eigið líf en hefur skýra framtíðarsýn fyrir þorpið þar sem hann fæddist og heitir Flateyri. Núna býr hann ásamt fjölskyldu sinni í Úganda og talaði við *Láru Björgu Björnsdóttur* þegar hann var í heimsókn nýverið hér á landi og sagði henni meðal annars frá þeim áformum sínum að hefja flutninga með flugfrakt milli Vestfjarða og Evrópu.

Kristján Erlingsson segist aldrei hafa velt því fyrir sér hvað hann ætlaði að verða þegar hann yrði stór.

„Ég man ekki eftir að hafa hugsað: „ég ætla að verða slökkviliðsmaður, sundlaugarvörður eða málari,“ eins og vinir mínir gerðu kannski. Ég pældi aldrei í þannig hlutum. Ég hef alltaf verið hvatvís og brugðist við atburðum þegar þeir koma upp. Ég held að þessar hugsanir um hvað maður ætli að verða hafi í raun ekkert gildi.“

Kristján flutti til Flateyrar eftir nám í viðskiptafræði. Hann vann þar sem skrifstofumaður og síðar fjármálastjóri hjá Hjálmi hf. sem var fiskvinnslan á Flateyri. Síðar varð hann framkvæmdastjóri fyrirtækis sem hét Vestfirskur kúfiskur og var búinn að vera hjá fiskvinnslunni Kambi í hálft ár þegar kom að kaflaskiptum í lífi hans árið 1997.

„Snjóflóðið sem féll á Flateyri árið 1995 reyndi á alla sem að því komu. Eftir það fór mig að langa að fara eitthvað annað og þetta var meira svona „pack your bags and go“ tilfinning heldur en eitthvað skipulagt. Reykjavík kom ekkert frekar til greina heldur en eitthvert annað land. Eiginkona mín, Lesley Wales, er frá Suður-Afríku. Hún hafði búið á Íslandi í ellefu ár þannig að ég hafði ekki fjötra íslenskrar konu þegar kom að því að ákveða áfangastað.“

### Menn búnir að drepa hvern annan árum saman

*Hvernig datt þér í hug að flytja til Úganda?* „Ég sá auglýsingu í Morgunblaðinu þar sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsa óskaði eftir fólki til starfa við fiskvinnslu í Úganda. Ég sótti um en var hafnað. Þremur mánuðum síðar var hringt í mig þegar gaurinn sem hafði verið ráðinn gafst upp. Mér var boðið starfið og ég bara fór út. Fyrst fór ég einn og kom mér fyrir og fór síðan til baka og náði í konuna og börnin. Tvíburarnir voru þriggja ára þegar við fluttum öll saman út.“

*Hvað kom þér mest á óvart við að flytja þangað?*

„Ég held að ég svari þessu á sama hátt og ég svara þegar ég er spurður í Úganda hvernig Ísland sé. Ég segi bara að það sé öðruvísi. Úganda er bara öðruvísi. Þetta eru tveir gjörsamlega ólíkir heimar. Við Íslendingar erum gjarnir á að leggja mat á hluti byggða á okkar eigin reynsluheimi og fáum út okkar eigið gildismat. Hlutirnir eru því annað hvort góðir eða slæmir. Ég er hættur að hugsa svona og lít frekar á að hlutir séu bara öðruvísi. Ég hafði oft ferðast til Suður-Afríku áður en ég flutti til Úganda þannig að ég vissi hvernig Afríka var og við hverju ég mætti búast. En vissi ég að Úganda væri nákvæmlega eins og hún reyndist vera? Kannski ekki og kannski var það það sem kom mér mest á óvart þegar ég flutti út. Óróinn á svæðinu var mjög mikill á þessum tíma. Þegar ég kom til landsins voru liðin fjögur ár frá því landið var opnað eftir tuttugu ára borgarastyrjöld og menn búnir að drepa hver annan alveg eins og vitleysingar áratugum saman. Sex til sjö skæruliðahreyfingar voru að reyna að steypa yfirvöldum í Úganda. Þrjú ár voru liðin frá þjóðarmorðinu í Rúanda þar sem 800 þúsund manns voru myrtir á hundrað dögum. Ég var líka í Úganda þegar stríðið í Kongó geisaði. Þegar ég var nýfluttur með fjölskylduna heyrðum við skothvelli á hverri einustu nóttu, handsprengjum var kastað inn á bari og allt var í vitleysu í þjóðfélaginu. En á þessum tíu árum sem ég hef búið þarna hafa átt sér stað ótrúlegar breytingar í landinu til hins betra.“

Kristján segir það hafa verið erfitt fyrir fjölskylduna að venjast þessu nýja umhverfi en það hafi aldrei hvarflað að sér að pakka saman og gefast upp.

„Við vorum fyrst þrír Íslendingar sem unnum hjá þessu fyrirtæki og síðan urðum við tveir og síðan varð ég einn eftir. Ég er þannig karakter að þegar ég tek eitthvað að mér þá geri ég það þangað til ég bara stoppa og kemst ekki lengra.“

### Flugfrakt milli Vestfjarða og Evrópu

Kristján stofnaði fyrirtækið Icemark-Africa Ltd. í Úganda og í dag er það stærsta fyrirtækið á sínu sviði þar í landi.

*Áttu þér draum sem þú vilt sjá verða að veruleika?* „Eini draumurinn sem ég hef haft er að standa mig í því sem ég er að gera. Og stundum tekst það ekki. Allir hafa lent í því að standa sig ekki á einhverjum tímpunkti. Ef það væri ekki þannig væri mannfólkið frekar skrýtið. Ég er sáttur við síðasta skeiðið í lífi mínu, eftir að ég flutti til Úganda. Rétt áður en ég flutti út var ég búinn að missa húsið mitt í snjóflóðinu og með skuldir á bakinu. En ég átti yndislega konu og börn og það skipti mig mestu máli og kom mér áfram í lífinu.“

*Þú hlýtur að taka eftir breytingum sem hafa orðið á íslensku þjóðfélagi á þessum tíu árum sem þú hefur búið í útlöndum?* „Ég er mjög kátur yfir íslensku þjóðfélagi. En ég held að við höfum ekki hugsað þetta alveg til enda og ekki skipulagt okkur nægilega vel varðandi framtíðina. Íslenskt þjóðfélag er svolítið eins og ég að þessu leyti. Eins og ég sagði þá hugsaði ég aldrei hvað ég ætlaði að verða í framtíðinni þegar ég var lítill. Við ígrundum valkostina okkar ekki nægilega vel. Í ljósi þessarar umræðu ákvað ég að fjárfesta á Flateyri nú á dögunum og kaupa tæki Kambs. Við erum til dæmis með kvótakerfi sem átti að leiða til hagræðingar en svo hugsar enginn um afleiðingar þeirrar hagræðingar til langframa. Allt í einu vakna allir upp og segja: „Ha? Er þorpið að fara?“ Þetta átti bara einhvern veginn að reddast. Við heimtum hagræðinguna og síðan þegar hún gengur ekki upp til lengdar eru settir plástrar hér og þar.“

*Hvernig sérðu Flateyri fyrir þér í framtíðinni?* „Með kaupunum á tækjum Kambs er ég auðvitað að reyna að búa til grunn að framtíðarsýn á Flateyri. Mig langar að viðhalda fiskvinnslu á Flateyri en geri mér grein fyrir því að ég get ekki farið í sama farið og aðrir eru búnir að vera í. Þá stenst ég ekki samkeppnina. Ég er með ágætis reynslu í flugfrakt vegna fyrirtækisins sem ég á í Úganda. Ég er búinn að finna flugvél sem ég held að ég geti notað frá Ísafirði til Evrópu og tengt þannig ferska markaðinn við Vestfirði. Markmiðið er aðallega að reyna að auka fjölbreytnina. Ég geri mér grein fyrir því að það hefur verið reynt áður en ekki tekist enda er grunnurinn ekki byggður þannig. Staðreyndin er samt sú að þessi þorp lifa af auðlind sem heitir fiskur. Þess vegna er erfitt fyrir þorp, eins og Flateyri, að vakna upp einn daginn við það að einhver er búinn að selja þorskinn í Fjarðarkjaftinum. En þorskurinn er þar enn, því hann fór ekkert heldur bara aðgangurinn að honum. Ég held að menn verði að átta sig á því að landsbyggðin lifir á sjávarútvegi. Við verðum síðan að komast að því hvort menn sætti sig við það eða hvort menn ætli áfram að stinga höfðinu í sandinn.“

*Skipta peningar þig miklu máli?*

„Nei, ekki að grunninum til en þeir veita aðgang að möguleikum. Fullt af fólki er með margar frábærar hugmyndir en koma þeim ekki til framkvæmda því það hefur ekki peningalega burði til þess.“

*Ég sá í frétt í dagblaði þar sem þú ert kallaður bjargvættur Flateyrar.*

„Já einmitt, ég sá þetta einhversstaðar. Það er ekki leiðum að líkjast að vera bendlaður við Einar Odd Kristjánsson frænda minn en við höfum unnið saman í langan tíma. Auðvitað fylgir þessu ábyrgð en ég mun ekki gera þetta einn. Ég vinn að þessu með öðru fólki og vonandi tekst okkur að búa til langtímagrundvöll þannig að Flateyri verði ekki einhver svefnbær út frá Ísafirði. Markmiðið er að Flateyri hafi sinn tilgang í framleiðslu og vonandi framleiðslu á vörum sem eru nýjar og betri en áður hafa sést.“

*Ætlar þú að búa á Flateyri í framtíðinni?* „Já, en ekki alveg strax. Ég ætla að vera í Úganda í einhvern tíma í viðbót. Ég held að þrjú lönd komi til greina en þau eru Úganda, Suður-Afríka og síðan hið yndislega sker, Ísland. Eini gallinn við Ísland er samt veðráttan. Er ekki hægt að gera eitthvað í þeim málum?“

---

→ **Kristján Erlingsson** fæddist hinn 1. desember 1962 á Heilsugæslustöðinni á Flateyri. Ársgamall flutti hann til Reykjavíkur með móður sinni en dvaldi á Flateyri á sumrin. Hann gekk í Menntaskólann við Hamrahlíð og eftir nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands flutti hann til Flateyrar til að koma á fót skelfiskvinnslu með móðurbróður sínum, Einari Oddi Kristjánssyni alþingismanni. Eiginkona Kristjáns, Lesley Wales, er frá Suður-Afríku, en þau Kristján kynntust á Flateyri. Þau eiga tvíburadæturnar Jóhönnu Guðrúnu og Katherine Barbara, fæddar 1993.

Árið 1997 fluttu Kristján og fjölskylda hans til Úganda. Þar stofnaði hann fyrirtækið Icemark-Africa Ltd. og er framkvæmdastjóri þess í dag. Fyrirtækið hefur vaxið hratt á síðustu árum og er nú með um 46 prósenta markaðshlutdeild í fraktflutningum á ferskvöru frá Úganda til Evrópu. Hann á fyrirtækið Oddatá sem keypti á dögunum öll tæki fiskvinnslunnar Kambs á Flateyri og segir markmiðið með kaupunum að tryggja áframhaldandi atvinnu á Flateyri.

---

”

Allt í einu vakna allir upp og segja: „Ha? Er þorpið að fara?“ Þetta átti bara einhvern veginn að reddast.




**1.283** kr/kg, áður 1.974 kr/kg
Goða lambalæri m/kryddjurtum




**1.168** kr/kg, áður 1.669 kr/kg
Goða grísakótilettur Karabían




**839** kr/kg, áður 1.399
Holta ferskur blandaður grillbakki




**1.168** kr/kg, áður 1.669 kr/kg
Goða grísahnakki Bahamas




**1.168** kr/kg, áður 1.669 kr/kg
Goða grísahnakki piri piri




**365** kr/kg, áður 609 kr/kg
Matfugls kjúklingaleggir magnkaup




**916** kr/kg, áður 1.527 kr/kg
Borgarnes grísakótilettur Medeterranean




**299** kr/pk, áður 599 kr/pk
Chicaco Town 23 cm American Royale
Chicaco Town 23 cm American Super Supreme

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 14.–16. júní, eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

# Áhrifin á miðin gætu orðið mikil

**Bogi Hansen**, haffræðingur í Færeyjum, segir litlar vísbendingar enn sem komið er um breytingar á hafstraumunum í Norður-Atlantshafi. En hann tjáði *Auðuni Arnórssyni* að breytinga af völdum loftslagsbreytinga væri þegar farið að gæta á Færeyja- og Íslandsmiðum og gengju spár eftir gætu þær breytingar orðið mjög miklar á næstu áratugum.

Bogi hlaut í fyrra umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs fyrir hafrannsóknir sínar en Fréttablaðið náði af honum tali á fjölþjóðlegri ráðstefnu um áhrif loftslagsbreytinga á heimskautasvæðunum, sem fram fór í norðurnorsku háskólaborginni Tromsö í liðinni viku undir yfirskriftinni „Bráðnun íss – heitt mál?“

Spurður hvort rannsóknir sýni nú þegar að hinar hnattrænu loftslagsbreytingar séu farnar að hafa áhrif á hafstraumana í Norður-Atlantshafi segir Bogi að enn sem komið er hafi það ekki sannast. „Það eru samt til rannsóknir sem þykja gefa vísbendingar um að breytingar séu að verða,“ segir Bogi. „En okkar eigin mælingar og aðrar sem ég þekki til gefa engar skýrar vísbendingar um að enn séu neinar breytingar orðnar á hafstraumunum.“

Í erindinu sem Bogi flutti á ráðstefnunni í Tromsö sagði hann



**BOGI HANSEN** Segir vistkerfið á Íslands- og Færeyjamiðum munu breytast.
FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

lega mögulegt, en við ættum líka að hafa í huga að síldin er hluti af mjög flóknu vistkerfi og það eru margir óvissuþættir tengdir loftslagsbreytingum í þessu sambandi,“ segir Bogi.

Sérstaklega beri að hafa í huga að þær loftslagsbreytingar sem fyrirsjáanlegar séu á þessari öld

dæmis Íslendingar ættu ekki að láta sitt eftir liggja til að verka á móti loftslagsbreytingunum segir Bogi að svo sé tvímælalaust. „Ég tel að allir ættu að leggja sig fram um þetta. Að hluta til vegna þess að við berum að sjálfsögðu meðábyrgð fyrir alla heimsbyggðina, og við verðum að hafa í huga að þeir sem verst verða úti af völdum loftslagsbreytinganna verða fátæku löndin, sem eiga enga sök á þessu,“ segir Bogi.

Önnur brýn ástæða fyrir Færeyinga og Íslendinga að gera það sem þeim er fært í þessu samhengi tengist breytingunum sem vænta megi að loftslagsbreytingarnar muni hafa á fiskistofnana. „Ef við erum heppin og það verða ekki svo miklar breytingar á fiskistofnunum og hafstraumunum munu loftslagsbreytingarnar snerta okkur minna. En þetta gæti hæglega farið á allt annan og verri veg. Verði breytingar á hafstraumunum getum við þurft að búa okkur undir mjög alvarlegar

> Hvað okkur í Færeyjum varðar væri alvarlegast ef að sá armur Golfstraumsins sem gengur norður fyrir Færeyjar skyldi veikjast, þá gæti svo farið að kaldur sjór úr Norðurhöfum myndi leita inn á okkar mið.

að lítill vafi væri á því að bráðnun heimskautaíssins og hlýnunin í Norðurhöfum muni koma til með að hafa áhrif á færibandið svonefnda, það kerfi kald- og hlýsjávarstrauma í heimshöfunum sem veldur því að hinn hlýi Golfstraumur teygir sig eins langt norður eftir Atlantshafinu og raun ber vitni.

Að mati Boga sé því full ástæða til að hafa áhyggjur af þróuninni. Hlýnun sjávar, sem þegar sé staðreynd, og hugsanlegar breytingar á hafstraumunum gætu haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Jafnvel mjög litlar breytingar gætu haft mikil áhrif á fiskistofnana.

### Öruggt að breytingar verði

Til útskýringar segir Bogi að Færeyjar og Ísland liggi á mörkunum milli hlýsjávar og kaldsjávar. Mörkin liggi eiginlega um Ísland. „Fyrir okkur geta jafnvel litlar breytingar haft miklar afleiðingar. En hverjar þær verða nánar tiltekið er mjög erfitt að sjá fyrir. Við reiknum til dæmis gjarnan með að ef sjórinn norður af Íslandi hlýnar þá muni norsk-íslenska síldin aftur fara að leita þangað í meiri mæli. Það er vissu-

muni verða mun umfangsmeiri en þær sem þegar hafi orðið. „Það er því mjög erfitt að spá fyrir um hvaða breytingar munu eiga sér stað, en ég er ekki í neinum vafa um að breytingar verði.“

### Snertir flesta fiskistofna

Spurður hvort þessar breytingar muni snerta flesta fiskistofna segist Bogi telja að enginn vafi sé á því. „Verði sjórinn hlýrri hafa fiskistofnarnir tilhneigingu til að færa sig norður á bóginn. Það höfum við séð áður. En það eru svo margar aðrar breytingar sem kerfið verður fyrir, sérstaklega ef hafstraumarnir breytast, ef vindafar breytist, og svo framvegis. Ég tel að það eina sem hægt er að slá föstu, að minnsta kosti hvað varðar flesta fiskistofna og mið, er að það verði stöðugar breytingar. Allt vistkerfið mun verða breytingum undirorpið vegna loftslagsbreytinganna. Sem þýðir einnig að fiskveiðar verða breytingum undirorpnar. Sem er eins og gefur að skilja ekki sérstaklega heppilegt fyrir þá sem eru háðir þeim,“ segir Bogi.

### Verðum að taka þátt í baráttunni

Spurður hvort þetta þýði að til

afleiðingar fyrir fiskveiðar á Færeyja- og Íslandsmiðum.“

### Illfyrirsjáanlegar afleiðingar

Eru þá hugsanlegar breytingar á hafstraumunum það sem ber að hafa mestar áhyggjur af, frekar en hlýnun sjávar? Um þetta segir Bogi, að nú þegar sé sjórinn farinn að hlýna, það sé staðreynd. Hvort það tengist hlýnun loftslags í heiminum sé ekki vitað með vissu. En vitað sé að meira sést nú af fiskitegundum á okkar norðlægu miðum sem annars eiga heimkynni sunnar.

„Hvað okkur í Færeyjum varðar væri alvarlegast ef að sá armur Golfstraumsins sem gengur norður fyrir Færeyjar skyldi veikjast, þá gæti svo farið að kaldur sjór úr Norðurhöfum myndi leita inn á okkar mið. Þetta væri um fimm gráðum kaldari sjór en er vanalega við Færeyjar, og það gæti því haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir okkur,“ segir Bogi.

Rannsóknir bendi einnig til að mikilvægustu botnfiskstofnarnir þorskur og ýsa séu mjög háð hitastiginu að vetri til. Svo virðist sem það sé því betra fyrir þessa stofna þeim mun kaldara sem það er yfir vetrarmánuðina, fyrstu mán-




## Tengsl tíðarfars og fiskgengdar

Rannsóknir færeysku hafrannsóknastofnunarinnar, sem Bogi Hansen hefur átt þátt í, benda til að á Færeyjamiðum sé svifframleiðsla mest og þar af leiðandi mest fæða í sjónum og þar af leiðandi best fiskveiði ef tíðarfar er kalt yfir vetrartímann, fyrstu mánuði ársins. Sé milt í veðri á þessum tíma, frá janúar til apríl, sé svifframleiðslan mun minni sem hafi keðjuverkandi áhrif allt upp eftir fæðukeðjunni í hafinu. Rannsóknirnar sýna þannig ennfremur fram á mikla fylgni milli ára sem mikið svif er í sjónum og góðrar fiskveiði, og öfugt; á árum þar sem lítið svif er í sjónum er veiðin léleg.

Að sögn Boga sýnir þetta hve litlar breytingar þarf til að það hafi miklar afleiðingar í för með sér fyrir fiskveiðar á svæðinu.

uði ársins. En erfitt sé að meta á þessu stigi hversu áreiðanlegar þessar rannsóknaniðurstöður eru.

„Samanlagt gerir þetta að ég tel að Færeyjar gætu orðið fyrir mjög alvarlegum afleiðingum vegna loftslagsbreytinganna. En það er mjög erfitt að segja fyrir um þær,“ segir Bogi.

### Hækkun sjávarmáls annað áhyggjuefni

En hvað með hækkun sjávarmáls, sem spáð hefur verið að verði einn fylgifiskur loftslagsbreytinganna? Bogi bendir á, að samkvæmt spá sérfræðinganefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál, IPCC, sé gert ráð fyrir að sjávarmál hækki um tæplega einn metra á öldinni. En hann hafi séð aðrar rannsóknir sem segi að vísbendingar séu um eitthvað hraðari hækkun sjávarmáls. Þetta muni hafa aukið sjávarrof í för með sér og koma verst við þau lönd sem lægst liggja. Á okkar slóðum kalli þetta að minnsta kosti á auknar fjárfestingar í hafnarmannvirkjum, sem laga þurfi að hinu hækkandi sjávarmáli.

Jan-Gunnar Winther, forstöðumaður norsku heimskautarannsóknastofnunarinnar:

## Norðurslóðir lykillinn að skilningi á loftslagsbreytingum

Heimskautasvæðin geyma lykilinn að skilningi á hinum hnattrænu loftslagsbreytingum. Þetta segir Jan-Gunnar Winther, forstöðumaður Norsku heimskautarannsóknastofnunarinnar (Norsk Polarinstitutt) í Tromsö, en hann var einn aðalgestgjafi alþjóðlegu ráðstefnunnar „Bráðnun íss – heitt mál“, sem fram fór í Tromsö dagana 4. og 5. júní.



**JAN-GUNNAR WINTHER**

Er Winther ávarpaði ráðstefnugesti sagði hann að vart væri hægt að hugsa sér betri tíma en nú til að halda alþjóðlegt heimskautaár. Beðinn að útskýra þetta nánar segir hann, að þegar ákveðið var að halda heimskautaárið fyrir 3-4 árum hafi ekki sú athygli verið á loftslagsmálunum og er nú – hún hafi vissulega verið fyrir hendi meðal fræðimanna en ekki stjórnmálaleiðtoga. Mikið hafi gerzt síðan.

„Nú fellur heimskautaárið tímalega saman við þessa feiknalegu pólitísku athygli; auk þess er athygli á heimskautasvæðunum, þar sem þau eru í ýmsu tilliti lykillinn að skilningi á loftslagsbreytingunum. Hér gerast þær hraðast og hér er hægt að bera kennsl á þau fyrst og að mörgu leyti hafa þær meira en svæðisbundna þýðingu; þær hafa hnattræna þýðingu,“ segir Winther. Þetta hafi komið skýrt fram á ráðstefnunni, svo sem hvað varðar bráðnun íss og hvað það þýðir fyrir hin ýmsu heimshorn.

Spurður hvort segja mætti að Norðmenn væru fremstir í heiminum á tilteknum sviðum heimskautarannsókna svarar Winther að auðvitað sé erfitt að keppa við stjórþjóðirnar, sem halda úti öflugustu rannsóknarstofnununum. „En kalt mat: á vissum sviðum erum við Norðmenn fremstir í heimi,“ segir hann. „Eitt



**NORÐURHEIMSKAUTSÍSINN HOPAR** Þessar myndir sýna útbreiðslu Norðurheimskautsíssins annars vegar í september 2006 og hins vegar í september 2040, samkvæmt spá bandarísku loftslagsrannsóknastofnunarinnar NCAR. Samkvæmt spánni gæti septemberísinn dregist saman á þessu tímabili úr 5,9 milljónum ferkílómetra í 1,9 milljónir ferkílómetra.
NORDICPHOTOS/AFP

þeirra er kallað paleoklima á fræðimáli, rannsóknir á borkjörnum af hafsbotni og úr jöklum til að safna upplýsingum um loftslag langt aftur í tímann, allt að milljónir ára.“ Þá segir Winther að mjög sterk og gömul hefð sé fyrir hafrannsóknum í Noregi, en sú hefð nái allt aftur til rannsókna Fridtjofs Nansen.

**Ford GT** bíllinn sem Brimborg hefur haft til sýnis í salarkynnum sínum var klessukeyrður í gær. Bíllinn endaði á ljósastaur þegar fara átti með hann í þrif fyrir bíladaga á Akureyri. Bíllinn er töluvert skemmdur. Á vef Brimborgar kemur fram að búið er að veita starfsmanninum sem klessti tugmilljóna króna ofursportbílinn áfallahjálp.



**Citroën C4** Grand Picasso verður frumsýndur í dag hjá Brimborg við Bíldshöfða. Opin verður milli kl. 12 og 16 og verður boðið upp á reynsluakstur og léttar veitingar.

**Everest** býður úrval Vango-tjalda á tilboði undir slagorðinu „Við tjöldum því besta". Tjöldin eru af ýmsum gerðum og stærðum og er verðið eftir því. Sum tjaldanna eru á fimmtíu prósenta afslætti.





















Vinirnir Jói og Gummi Kalli ásamt bjöllunni sem þeir endurheimtu nýlega. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Bjallan er komin heim

***Jóhann Bjarni Kjartansson eignaðist Volkswagen bjöllu, 1971 árgerð, árið 1993 en seldi hana nokkrum árum síðar. Nýlega fann hann bílinn aftur og er að hefjast handa við að gera hann upp.***

„Sagan á bak við þennan bíl hófst árið 1993. Þá keypti ég bjölluna og byrjaði, ásamt Gumma Kalla vini mínum, að gera hana upp í skúrnum hjá ömmu og afa á Selfossi. Það var ekki mjög vinsælt þar sem það var mikið ryk og vesen í kringum það. Það tók góða fjóra mánuði og við sprautuðum hana í sérstaklega fallegum grænum lit," segir Jóhann.

Jóhann átti bjölluna í tvö ár en seldi hana þá með miklum trega. Bíllinn endaði á partasölu við Rauðavatn og í hvert skipti sem Jóhann keyrði í bæinn sá hann bjölluna standa óhreyfða við veginn. Einn daginn, nokkrum árum seinna, var bíllinn horfinn og með honum vonin um að eignast hann aftur.

Þar til fyrir tveimur mánuðum þegar vinirnir hittust aftur. „Gummi Kalli spurði mig hvers vegna við keyptum ekki bara bjölluna aftur og ég tók hann á orðinu. Vinur minn fann bílinn í Reykhólasveit og ég hringdi í eigandann." Þegar eigandi bílsins heyrði söguna af bílnum féllst hann á að selja Jóhanni hann aftur.

„Við þurfum að gera hana upp frá grunni, og leita að sama græna litnum. Hún verður að vera í sama lit," segir Jóhann og lýsir einnig sérstaklega eftir varahlutum í bílinn þar sem erfitt sé að nálgast þá. Hægt er að hafa samband við félagana í netfangi josafat@internet.is.

*thorunn@frettabladid.is*






**DVD-spilarar** í bílum eru vinsælir meðal barna. Samkvæmt könnun FDM, systurfélags FÍB í Danmörku, horfir þriðja hvert barn á DVD-mynd í bílnum á leiðinni í fríið.


NÝR ISUZU NPR



Flutningskassi 20 m³
Heildarþyngd 6200 kg
Lyfta 1500 kg
Hliðarhurð 2,3m
Þráðlaus fjarst.
Bakkmyndavél
Spoiler
Útvarp CD

Kr. 4.390.000 án vsk.

Vélheimar
Eirhöfða 14, Reykjavík s. 587 5414
Þjónustuaðili: KHG Þjónustan

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




Öfugt við flesta hefur Honda aukið sölu sína um 15,9 prósent.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Bílasala dregst saman

***Bílasala hefur dregist saman um 0,5 prósent á Evrópska efnahagssvæðinu. Samdrátturinn er langmestur á Íslandi.***

Bílasala í löndum Evrópska efnahagssvæðisins hefur dregist saman um sem nemur 0,5 prósentum það sem af er árinu miðað við síðasta ár. Samdrátturinn er langsamlega mestur á íslandi, eða 26,4 prósent. Frá þessu er greint á vef FÍB.

Mest seldu bílar á Evrópska efnahagssvæðinu er sem fyrr framleiddir af Volkswagen en það sem af er árinu hafa 690.665 bílar verið nýskráðir. Næst í röðinni er Opel/Vauxhall og í þriðja sæti kemur Ford. *- tg*



Sigurjón Magnússon stofnaði fyrirtæki sitt á síðasta ári og hefur haft í nógu að snúast síðan.

# 300 tímar fara í hvern bíl

***Nýjum sjúkrabílum Rauða krossins er breytt úr sendibílum í sjúkrabíla á Ólafsfirði. Breytingarnar fara fram hjá Sigurjóni Magnússyni ehf.***

Í vetur tókust samningar milli Sigurjóns Magnússonar ehf. og Rauða kross Íslands um smíði á nítján sjúkrabílum. Þar að auki gerði fyrirtækið samning við Brunamálastofnun um smíði á þrjátíu yfirbyggðum kerrum. Heilmikil vinna liggur að baki hverjum bíl og hverri kerru, enda þurfa farartækin að þola mikið álag.

Þegar sjúkrabílarnir koma norður á Ólafsfjörð er fátt sem bendir til að hér séu sjúkrabílar framtíðar á ferð. Þeir eru að vísu með breyttri afl- og drifrein en að öðru leyti er um venjulega sendibíla að ræða.

Þegar umbreytingin hefst er fyrsta verk Sigurjóns og félaga er að klippa þakið ofan af bílunum og koma fyrir innréttingunum sem nauðsynlegar eru í bílana. „Við framleiðum allar innréttingar sjálfir. Þær eru smíðaðar í miklu samráði við sjúkraflutningamenn því þeir vita nákvæmlega hvað þarf að vera í bílunum og hvað ekki,“ segir Sigurjón Magnússon, framkvæmdastjóri og einn aðaleigandi Sigurjóns Magnússonar ehf. „Reynsla þeirra er notuð til grundvallar að allri vinnuvistfræði í bílnum.“

Rafkerfið í bílunum þarf einnig að endurnýja og koma fyrir bæði 220 og 12 volta kerfi. „Það liggur um 250 til 300 tíma vinna að baki hverjum bíl,“ segir Sigurjón. „Þetta er því nokkur vinna.“

Kerrurnar fyrir Brunamálastofnun eru byggðar hjá Sigurjóni frá grunni. Um kerrur fyrir mengunarvarnarbúnað og reykkafara er að ræða en þeim verður dreift til slökkviliða um land allt. „Við sjáum líka um smíði tveggja slökkvibíla og það er heilmikil vinna,“ segir Sigurjón. „Við fáum grindina að bílunum en húsin eru smíðuð úr trefjaplastið hjá okkur.“

Eðlilega er mikil lyftistöng fyrir lítið fyrirtæki að fá svo stóran samning. „Þetta er harður bransi og síðast er við buðum í smíði slökkviliðsbíla munaði 0,027 prósentum á bíl, sem er eiginlega hvort maður skilar þeim með fullum eða tómum bensíntank,“ segir Sigurjón og hlær. „En grínlaust þá finnst mér sorglegt að sveitarfélög séu að leita beint út fyrir landsteinana eftir tilboðum í stað þess að leita hér heima þar sem hægt er að fá vöruna á sambærilegu ef ekki miklu betra verði.“

*tryggvi@frettabladid.is*



Byrjað er að skera ofan af sjúkrabílunum til að koma innréttingunni fyrir.



Sigurjón Magnússon gerði samning upp á 97 milljónir um smíði sjúkrabíla. Heilmikil vinna liggur að baki hverjum bíl.


FERÐAVÖRURNAR færðu hjá okkur!

Álbox
á sumartilboði
Tilvalin í skottið, á tjaldvagninn, fellihýsið eða kerruna.

| Stærð mm | Lítrar | Krónur |
|---|---|---|
| 400X300X245 | 29 | ~~9.600.-~~ **8.160.-** |
| 550X350X245 | 47 | ~~10.800.-~~ **9.180.-** |
| 550X353X380 | 76 | ~~13.800.-~~ **11.730.-** |
| 750X350X350 | 91 | ~~16.600.-~~ **14.110.-** |
| 750X550X380 | 157 | ~~20.800.-~~ **17.680.-** |
| 1150x350x390 | 163 | ~~23.600.-~~ **20.060.-** |
| 750X550X590 | 240 | ~~24.800.-~~ **21.080.-** |



Plaststopparar á hornum fyrir stöflun
Þéttikantur
Handföng með gormi sem leggjast niður

JEPPASPIL margar gerðir



Come Up 6000S 12v **55.700 kr.**

KERRUSPIL



- Come Up DW 3000i 12v **29.900 kr.**
- Come Up DW 1500i 12v **8.900 kr.**

LOFTDÆLUR margar gerðir



- Smærri dælur í handhægum töskum, hentugar fyrir fólksbíladekkin, vindsængina og reiðhjólið.
- Stærri og öflugri dælur fyrir öll jeppadekk.
- Verð frá **4.900 kr.**

VIÐGERÐASETT fyrir dekk



**4.990 kr.**
Eigum einnig til loftmæla og fleiri vörur

DRÁTTARTÓG 20-24 mm



| m | tonn | Krónur |
|---|---|---|
| 10 | 8,3 | **6.225** |
| 10 | 12 | **6.690** |

| m | tonn | Krónur |
|---|---|---|
| 15 | 12 | **9.850** |
| 30 | 12 | **19.750** |

DRULLUTJAKKAR



- Jack All 48” **8.900 kr.**
- Jack All 60” **10.900 kr.**

07-0037 KC

ARCTIC TRUCKS®
Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is

Þýskar álkerrur



fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár.
Sumarsendingin nýkomin. Leitið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.

N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836



**Ferðum Herjólfs** verður fjölgað um tuttugu í sumar. Á mikilvægum ferðadögum er því áætlað að farnar verði þrjár ferðir.

COME2 SCANDINAVIA



Á leið til Norðurlandanna?

Hafðu samband við Come2 Scandinavia og við aðstoðum þig með flug, hótelgistingu, bílaleigubíl og fleira.

Erum einnig með tvær íbúðir til leigu í Kaupmannahöfn sem henta fjölskyldum, vina- og vinnuhópum.

Come2 Scandinavia, Vesterbrogade 17
1620 Kaupmannahöfn.

COME2 Scandinavia

+45 33 25 64 25 - info@come2scandinavia.com - www.come2scandinavia.com



Fjalladýrð í Möðrudal er vinsæll áfangastaður ferðamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Þjóðlegheit á hálendinu

***Fjalladýrð í Möðrudal er áningarstaður margra sem ferðast um hálendið. Vilhjálmur Vernharðsson, eigandi Fjalladýrðar, segir nóg hafa verið að gera síðustu ár.***

Vilhjálmur og eiginkona hans tóku við rekstri Fjalladýrðar árið 2001 og fóru þá í gagngerar breytingar. „Þegar við tókum við var þetta bara gamall veitingaskáli en við fórum strax að byggja þetta upp og erum núna með veitingastað, gistihús og tjaldsvæði og bjóðum upp á bæði gönguferðir og jeppaferðir um hálendið,“ segir Vilhjálmur.

Reksturinn hefur gengið mjög vel að sögn Vilhjálms og nóg að gera hjá þeim hjónum. „Við keyptum þetta að vísu þegar þjóðvegur eitt sem lá hérna í gegn var færður og núna er sjö kílómetra afleggjari hingað frá nýja veginum. Þetta var því smá bras til að byrja með en nú er nóg að gera. Við fáum til okkar mikið af rútuhópum í hádegismat og kaffi og svo eru margir farnir að keyra gömlu leiðina aftur því hún er miklu skemmtilegri en nýi vegurinn,“ segir hann.

Í Fjalladýrð eru rúm fyrir 27 manns í gistingu í uppábúnum rúmum. „Gestirnir eru að megninu til fólk á einkabílum en við erum náttúrlega líka að þjónusta ferðaskrifstofur með minni hálendishópa og svo fáum við mikið af bókunum frá einstaklingum beint að utan,“ segir Vilhjálmur.

Veitingarnar sem boðið er upp á í Fjalladýrð eru að sögn Vilhjálms mjög þjóðlegar. „Við erum alltaf með kjötsúpu og svo rjómavöfflur, kleinur, jólakökur og eitthvað svona ekta íslenskt með kaffinu. Við erum ekki með sérstakan matseðil á kvöldin en gistihóparnir geta bara valið hvað þeir vilja og við eldum það.“

Göngu- og jeppaferðirnar um hálendið eru mjög vinsælar. „Við erum með samtvinnaða jeppaferð og gönguferð upp á Herðubreið sem er alveg ný hjá okkur. Strax er búið að bóka eitthvað af ferðum í sumar og svo ætlum við bara að taka fólk sem dettur inn að kvöldi og vill kannski fara morguninn eftir. Ef fólk hefur svo áhuga á einhverju öðru á þessu svæði björgum við því bara en við erum opin fyrir öllu,“ segir Vilhjálmur.

*emilia@frettabladid.is*




Berjastreusel að hætti Jóa Fel

- fullt af blönduðum skógarberjum

Kleppsvegi 152
Smáralind

Opið mánudaga - föstudaga 7.00 - 18.00
laugardaga og sunnudaga 7.00 - 16.00

Ferðamannabólusetningar og ráðgjöf

tímapantanir í síma: 535-7700

ferðavernd

Læknasetrið Mjódd, Þönglabakka 1
www.ferdavernd.is ferdavernd@ferdavernd.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ





Branly-safnið er við hlið Eiffel-turnsins og tilvalið að skoða þetta tvennt í einu.

## Eigur ólíkra þjóðflokka

BRANLY-SAFNIÐ ER NÝLEGT OG MJÖG SKEMMTILEGT SAFN VIÐ HLIÐINA Á EIFFEL-TURNINUM Í PARÍS.

Í Branly-safninu, sem var opnað hinn 20. júní 2006, má sjá alls konar muni frá ýmsum löndum. Safninu er skipt upp í fjórar deildir sem hver um sig geymir muni frá einni heimsálfu og eru þær Afríka, Asía, Ameríka og Eyjaálfa. Sýningargripirnir gefa ákveðna innsýn inn í líf þeirra þjóðflokka sem þeir tilheyrðu og tengjast þeir bæði trúarathöfnum og daglegum störfum. Branly-safnið er alveg við hliðina á Eiffel-turninum svo tilvalið er fyrir þá sem fara að skoða hann að líta við í safninu í leiðinni. - eö



exit.is

// Starfsþjálfun í Evrópu

Austurríki, Spánn, Frakkland, Ítalía, Malta, Þýskaland, Bretland og Írland. Ef þú ert á aldrinum 18 – 30 ára er starfsþjálfun góð leið til þess að læra tungumál, öðlast starfsreynslu og kynnast ólíkri menningu. Hægt er að sækja um Leonardo da Vinci styrk sem rennur til greiðslu á hluta kostnaðar.

BORGARTÚNI 29 | 105 REYKJAVÍK | ICELAND | WWW.EXIT.IS | TEL. +354 562 2362 | FAX. +354 562 9662

Grillo S.p.A.



Grillo burðarvagnar

Hjá DeDion færðu breiða línu sláttuvéla og burðarvagna á beltum og hjólum, frá hinum þekkta smávélaframleiðanda Grillo á Ítalíu.

Auðveldaðu þér verkið. Auktu á hagkvæmni í rekstri með Grillo vinnuvélum.

Tækin frá Grillo eru einstaklega vel hönnuð og hugsuð til að vinna sem best með stjórnandanum. Við hönnunina er einnig tekið tillit til aðgengis þegar þjónusta þarf vélina, það styttir tímann sem vélin þarf að vera frá störfum vegna viðhalds. Grillo vélarnar smellpassa fyrir landbúnað, golfvelli, íþróttasvæði og verktaka. Hafðu samband við DeDion. Veldu Grillo fyrir öruggari rekstur.

Aflaðu þér nánari upplýsinga
Kíktu á netið: www.grillo.is

DeDion | Draupnisgötu 7L | 603 Akureyri
Sími 462 6900 | dedion@dedion.is | www.dedion.is

DeDion
Smávélar & Þjónusta

NATURALIS

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf.is
Bílasala Matthíasar



VW BJALLA 1.8 TURBO. Árg. 2002, ek. 68 þ.km, Bensín, 5 gírar. Verð 1.790þ. Tilboð kr. 1.590þ. Til sýnis og sölu hjá Bílalíf Kletthálsi 2, S:562-1717, sjá fleiri myndir á www.bilalif.is



M.BENZ E 200 KOMPRESSOR SPORT. Árg.2006, ek. 29 þ.km, Sjálfsk.Leður,Lúga og margt fleirra.Verð 4.980Þ.Til sýnis og sölu hjá Bílalíf Kletthálsi 2, S:562-1717 .Sjá fleirri myndir á www.bilalif.is

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 laug. 12-16.**
**www.bilalif.is**

Bílasalan Bílfang
www.bilfang.is



Palomino Bronco 800 Camper, fyrir flestar gerðir af pickup, 06/2002 með hækkanlegum toppi,fint ásikomulag, gott verð aðeins 600.000.- stgr. Ath skipti á bíl. GSM 864 8989 eftir lokun, Trausti

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

Arnarbílar
www.arnarbilar.is



CHRYSLER 300C árg 4/2005 ek 29.þ km 3500cc sjsk, umboðsbíll, 20" Krómfelgur, leður og margt fleira, Verð 4.190.þ Vantar allar gerðir bíla á skrá og á staðinn S:5672700



TILBOÐ HONDA CIVIC SI TILBOÐ árg 5/1998 ek 148.þ km 1400cc 5 gíra Verð 390.þ Tilboð 290.þ Vantar allar gerðir bíla á skrá og á staðinn S:5672700

**Arnarbílar ehf**
**Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

MAGNÚSSON EHF

**Innflutningur á notuðum og nýjum bifreiðum frá Þýskalandi og USA. www.bilasolur.is/magnusson**



BMW 545 E60 árg. 06.2004 ek. 78 þ. km Sjálfskipting - 8 strokkar 334 hö - Head up display - nýjar 19" M5 álfelgur. Leðuráklæði - ofl.ofl. Verð 7.880.000



M.BENZ E200 KOMPRESSOR 2007 AVANTGARDE W211Ek 32þ.km Leðurinnrétting Artico - hiti í sætum ofl. Verð 5.650.000.-



M.BENZ E 220 CDI DIESEL AVANTGARDE Ár 09.2004 ek 52þ.km Áhvílandi kr. 4.300.000 Lánveitandi er TM. Verð 4.780.000



RANGE ROVER SPORT HSE 4.4 L Ár 06.2006 Ek 16þ.km „19 álfelgur ofl. Verð 8.900.000



PORSCHE 911/997 S 355 Hö Ár 06.2006 Ek.6 .þ.km Sjálfskipting „19 álfelgur ofl. ofl.Verð 12.880.000. Ágúst sími 862 2000.



FORD E250 ECONOLINE CLUB WAGON 4X4 „35 7 Manna Ár 04.2005 5.400cc V8 Bensín 255 Hö,Eiginþyngd 3.100 Kg Ek.11.000 þ.km innréttaður með flatskjá DVD ofl. Verð 8.700.000

**Magnússon ehf.**
**Sími: 862 2000**
**a.magnusson**

## Bílar til sölu



Til sölu ný SunLite pallhýsi sem passa á japanska & ameríska pallbíla. Uppl. í s. 564 6000.



**Mótorhjólafatnaður**
Frábærir mótorhjólagallar á góðu verði úr leðri og Goritex. Sky Trading ehf símar 892 1116 og 892 5005.

Til sölu Toyota Avensis árg.09/00 Ek. 147 þús. En á vél 90 þús. Ásett verð 730 þús. Mjög góður stgr. afsl. Uppl. í s. 865 8387



**Toyota 4 Runner.**
**Til sölu Toyota 4 Runner Árg.'93 Ek. 120 þús. Mjög gott eintak. 33".**
**Upplýsingar í síma. 899 9436.**



Fiat Punto '98. Ek. 91 þús. Mikið af aukahlutum. Fæst ódýrt. Uppl. í s. 897 8333.



Nissan 350Z '03. Ek. 29 þús. M. Mjög flottur bíll með öllu. Uppl. í s. 897 8333.



Yaris 2002 5dyra 1300 vél ek. 93 þús. nýskoðaður. Áhv 550 þús. afb. ca. 19 þús. fæst gegn yfirtöku og 100 þús. út. Uppl. í s. 867 3182.



Chevrolet Camaro '95. Glæsilegur bíll, ek. 68 þús. mílur, bensín 3400 cc. 2 dyra, sjálfskiptur. Verð 790 þús. Uppl. í s. 862 2955.



Tilboð. Skoda Octavia ssk. árg 05, ek.47 þús, 200 þ+lán, afb. 18 þús á mán. Uppl. í s. 899 8776.



Til sölu Ford Focus árg. 05. Ásett verð 1.920 þ. fæst á yfirtöku láns ca. 1.840 þ. Álf., dökkar rúður og fleira. Uppl. í s. 891 6811, Daði.



Frábær 7 manna fjölskyldubíll! VW Touran FSi 1600, Árg. 7/2003 Ek. 60 þ. Grár/ sk. 08. Sumar + vetrad. V. 1.490 þ. Áhv. ca 1050 þ. afb 22 þ S. Árni 893 8325.



Til sölu Ford Econoline húsbíll 4x4, árg.'94 Ek. 110 þús. Frekari uppl. í s. 660 4567.



Daihatsu Terios '98, ek. 125 þús. Verð 350 þús. S. 564 6354 & 896 6847.



Til Sölu 40 feta Gámur & Cadillac 1956 þarfn. Uppl. í síma 660 3810.



Ford Transit '06 hjólastólabíll með festingum, rampi, og 3ja punktaöryggisbeltum fyrir hjólastólafarþega. Vel búinn bíll samkv nýjustu reglugerð um gerð og búnað ökutækja vegna flutninga á fötluðum. Verð 3550 þús. Uppl. í s. 860 0759.



Volvo S80 2.0T árg.'04 ssk. ek. 34þús. Rafm/hiti/minni í sætum o.m.fl. Mjög vel með farinn bíll. Skipti möguleg. Verð 3.7 m. Uppl. í s. 863 9905.



Toyota Corolla 1332 cc árg.'95 Ekinn 127 þús. Nýskoðaður og góður bíll. Verðtilboð óskast. Uppl. í s. 895 5045.



Mitsubishi Outlander 2,4 Árg. 2005, ek. 38 þús. Ssk, sumar/vetrardekk ásamt dráttarkúlu. Mjög vel með farinn. Verð 2.360 þús S. 896 4757.



**Stórlækkað verð !!**
Gullfallegur BMW 320I ekinn 202 þ. sjálfsk. Verð 390 Þús. Nýskoðaður. Uppl. í síma 895 8873.



Til sölu VW Caddy 1,9 TDI Árg.03/06 Ek. 30 þús. Álfelgur, vetradekk á felgum, olíumiðstöð. Ásett verð 1.900. þús. Áhv. 1.050 þús. Uppl. í s. 863 3465.



Til sölu Nissan Patrol Elegance ssk. 38" breyttur árg.04/01 ek. 96 þús. Ek. 8 þús. á vél. tölvukubbur 3" púst, loftdæla 2 álkassar, nýtt hljómflutningskerfi, Olíumiðstöð verðhugmynd 3.890.000.- Tilboð Óskast áhvílandi lán. Uppl. í s. 896 5290.



M.Benz E240 2001, ekinn 89 þ., ssk. Með leðri og lúgu, einn með öllu, glæsilegt eintak. Verð 2.680.000. Uppl. í s. 420 6600 & 895 2127, raðnr. 212211.



VW Golf '98. Vel með farinn, lítið ekinn. Fæst á góðu verði S. 840 4051.



Til sölu VW Passat 1,6 árg.'02 Ek. 79 þús. Engin skipti. Verð 1.050 þús. Uppl. í s. 867 4412.



**Gullmoli**
Grand Cherokee TSI, 5.2, árg. '98, ek. 60 þús. mílur. Verð tilboð. A.t.h. skipti. S. 695 0555.



Shadow Cruser pallh. í topp standi, m/ öllu, svefnp. f/ 4. Passar á 2 m. pall. Tilb., skipti ath. S. 615 4000.



Góður Nissan Terrano bensín árg. 2001. Ekinn 110 þ. Verð 1.250.000 kr. S. 821 2037.



Ford Escape XLT '05 ek. 33 þús. ssk. beisli, hleðsla, verð 2.690 þús. S. 660 3135.



Til sölu BMV 318I árg.'98 Ek. 136 þús. Með topplúgu, álfelgur, 6 diska cd, þjófavörn, yfirtaka á láni 720 þús. S. 694 5668.



Ford Escape XLS, sjálfskiptur, árg. 2006 ek. 19 þús. Listaverð 3,2 m. Verð 2,4 millj. staðgr. Uppl. í s. 696 2954.

Til sölu Chevrolet Blazer árg.'89 Tilboð óskast. Uppl. í s. 554 5562 & 896 5562.

Til sölu Lincoln Navigator framleiðsluár '03 (nýskráður 16-júlí '02). Ek. 65.000 km. Topplúga, rafm í öllu, dvd, power liftgate, kastaragrind, Webasto miðstöð, vetradekk á felgum, dráttarbeisli og margt fl. Verð 4.750.000 ákhv. 2.7., afborgun 43000. kr hjá Sjóvá. Skipti á ódýrari. Uppl. í síma 696 3537.

BMW 316i Skráður 09/2000, 1600cc. 2dyra 5 gíra. Rauður, Ekinn 90.000 sumar/vetrardekk. Verð 850.000. Uppl. í s. 660 8107.


Honda CBR 600 F4i 2001 ek. 21.000, nýyfirfarið. Engin skipti. Verð 750.000,- Bjarni S. 866 6995.


Toyota Corolla G6 '99, nýtt í bremsum, ný kúpling, ný dekk, 16" lowprofile, kraftpúst, góður bíll. Verð 340 stgr. S. 898 9088.


Mercedes Benz E50 AMG árg. '97 ek. 120 þ. 347hö. Verð 2.690 þús. Gott lán getur fylgt. Uppl. í s. 863 4714.


Til sölu Sitroen Berlingo árg. '04 ek. 58 þ. Verðhugmynd 960 þ. gott stgreiðsluverð. Sími 690 2563.


VW Passat 1.6. 7/2005, álfelgur, topplúga, krókur, litað gler,vetradekk á stálfelgum, ek.29þús. V. stgr 1.840 þús. S. 690 9986.


Til sölu Pontiac '86 með camaro framenda og kít. Bíll sem er búið að vinna mikið í, alltaf staðið inni og vel hyrtur. Verð 800 þ. áhv. 530 -30 á mán. Skoða skipti. Áhugasamir hirngi í s. 868 0910.


Toyota Land Cruiser árg. 03/2006 GX ssk., dísel. Ek. 7 þús. km. Uppl. í s. 898 5409.



Toyota Camry HYBRID 5,9L/100km Nýr frá 2600þús til leigubílstj., almennt v.3325þús. Highlander á Lexus RX400 grunni. 268 hö. 7,5L/100km! 2006 frá 3.790þús. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com


Grand Cherokee Laredo árg.'02. Ek. 75 þús. Toppeintak á gjafaverði 1920 þús. Uppl. í s. 690 3098 & 840 6145.


Mjög vel með farinn Ford Focus Station árg. 03 ek. 52 þ. Verð 1.050 þ. Uppl. í s. 869 2505.


Benz E200 '95, 126 þús. km, ssk., bensín, sóllúga. Verð790 þús. Sími 695 2518.


Volvo XC70 turbo Cross Country. ek 60 þ. árg. 11/03 Toppl., leður, innf barnas. v. 3.450 þús. Uppl. s. 897 3601.


Til sölu Nissan Note Tekna Árg.'06 Ek. 12000 þús. Ssk. Álfelgur, sumar/vetradekk, rafm.í öllu, lyklalaus, frábær fjölskyldubíll. Verð yfirtaka á láni. S. 699 1868.


Toyota Avensis Wagon Sol '03, ssk., loftk., tölvum., þj.bók, dráttarkr. Lán 25 þ./mán. 90 þ. út. S. 840 8053.


Til sölu Toyota Tacoma árg. 2005 Einn með öllu, TRD-Off Road pakki Ekin 39.000 þús. Verð 3.400þús. S. 896 4011.


Kia Sportage '99, ek. 155 þús. Verð 400 þús. Uppl. í s. 892 5739.



Ford F150 frá 1.750þús! Toyota Tacoma frá 1990þús. Ford 350/Dodge RAM 3500 4x4 dísel án hraðatakmarkara. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com


Musso '96, 38", ek. 200 þús. Búið að taka upp hedd. 35" dekk fylgja. Loftlæsingar, drifhlutföll, kastarar. Mikið endurnýjaður. S. 691 5698.


VW Golf Comfortline 2001 ekinn 113Þ,bsk,16"chrome felgur , flottur bíll Verð 690,000,- raðnr 202656 , uppl í síma 420-6600


Toyota Hilux '91 36" dekk, loftdæla, 2 bensíntankar. Sun-Lite pallhýsi, 7 fet, lítið notað. Verð 800.000. Uppl. í s. 862 0910.


TOYOTA LAND CRUISER 90 GX, 33" árgerð 12/00, ekinn 118 þ.km, Dísel, 5 gíra, verð 2.500.000. Aðeins 2 eigendur frá upphafi. Uppl í síma: 692-8873 og 897 2444.

VW Golf árg. '95 ek. 149 þ. km til sölu. Bsk., 5 d. Í góðu ástandi en þarfnast viðgerðar á gírkassa. Verðhugm. 100 þús. Sk.'08. S. 690 0611.

Toyota Corolla '98. Ek. 182 þús. Ný tímareim, nýtt í bremsum og ný sko.'08. Uppl. í s. 821 4523.

VW Golf '98. Ek. 179 þús. 5 dyra, rauður, vetrar og sumardekk. Verð 330 þús. Uppl. í s. 848 5621.

Toytoa Corolla árg. '94 ssk., ek. 95 þ.km. Tveir eigendur, alltaf í bílskúr, þjónustubók frá upphafi, ný yfirfarinn. Verð 290 þ. Uppl. í s. 899 4891 & 565 2579.

Pajero '98 árg., ek. 93 þús., 2 dyra, bensín. Uppl. í s. 664 9702.

Til sölu VW Golf Station 1,8 vél, árg.'98 5 Gíra. Verð 153 þús. Uppl. í s. 862 2213.

Renault Megane II 1600 Berline sjálfskiptur, þessi með rassinn, svartur, 9/2003 til sölu, ný vetrar og sumardekk ekinn um 50þús, hagstætt lán, 17.500 pr. mán. fæst á yfirtöku. Uppl. í síma 898 6559.

Blazer '89, til niðurrifs, góð dekk. Dekk á Bens '83 og Skoda Favortie. S. 869 6543.

Ford Mondeo '98 ek 117 þ.km. Í toppstandi & ferilsbók. Tilboð 295 þ. S. 860 0821.

Alfa Romeo 156 árg. '99 til sölu. Fallegur bíl. Uppl. í s. 865 8316.

Kia Sportage árg. '95 nýsk., ek. 146 þ. Lítur vel út. Reyklaus. Tilboð. Uppl. í s. 898 1996.

Til sölu W Vento árg.'93 Ek. 221.600 þús. 5 gíra, í góðu ástandi, smurbók. Verð 100 þús. Uppl. í s. 847 3447.

Ford Escort Ghia árg. 97, svartur, 5dyra, ek. 111 þús. Útvarp/geislaspilari, skoðaður '08. Sumardekk og glæný vetradekk fylgja. Verð 150 þús. S. 697 5662.

Suzuki Vitara tjónabíll til sölu, Ek. 80 þús. Uppl. í s. 845 2419.

VW Passat Highline '05 ssk., ek. 33 þús. Einn sá allra flottasti. S. 848 0900.

**Willis Wranglerg, Jaguar XJS, Chevrolet Montecarlo SS**
**Til sölu Willis Wranglerg.'92 4l. HO. 33" dekk. Verð 350 þús. Jaguar XJS Árg.'85 V12 6L. 2 Dyra, þarfnast lagfæ. Verð 280 þús. Chevrolet Montecarlo SS '85. V8. 5 L. HO 700 sk. T toppur. Þarnast lagfæringar. V.**

Dodge Sirrus '97, ek. 143 þús. V6, sk. '08. Í þokkalegu ástandi. Gott verð. S. 898 5409.

Til sölu vel með farinn sparneytinn VW Polo Árg.'97 Ek. 105 þús. Þarfnast viðgerðar, tilboð óskast. Uppl. í s. 864 0490.

Til sölu MF 135 og MF 35 og einnig til sölu Argon suðuvél og traktorsdekk 13,9 28". Uppl. í s. 849 5458.

Ford Ranger '92 ekinn 146 þ., 33" dekk, þarnast lagfæringar, verð 70 þ. Uppl. í s. 898 6929.

SOS vantar sjálfskiptingu í Nizzan Terano disel. Eða bíl í heilu. Uppl. í s. 860 3574.

## 0-250 þús.


Avensis 98 ek.127 þús. Verð 490 þ. Uppl. í s. 864 3898.


Nissan Micra 3ja dyra til sölu. Ný skoðaður. Árg. 1999. Verð 230 þ. Uppl. í s. 691 4329.


Toyota Corolla 1,6l ssk. ekinn 178þ. þarfn. lagf. Verð 100þ. S. 867 8069, Gummi.

Impreza árg. 97, mikið yfirfarinn. Ek. 160 þ. km, ssk. Litur vel út, fæst á 280 þ. S. 865 1349.

MITSUBISHI SPACE WAGON '95. 7 manna. Ek. 190 þús. Skoðaður og ný yfirfarinn. Reyklaus. Frábært viðhald frá byrjun. Gott eintak. Verð aðeins 250 þús. S. 698 9461.

**Verð 68 þúsund '1997**
Opel Corsa sk. 08 til sölu. Uppl. í s. 562 6326 & 895 4107.

Toyota 60 Land Cruser Dísel á 38" árg. '85. Verð 300 þús. Isuzu Trooper árg 91 dísel 28. Verð 60 þús. Uppl. í s. 847 0782.

Renault Megane Árg.'97 5 Dyra Ek. 150 þús. Skoðaður, í góðu lagi og gott að keyra. Verð 130 þús. Uppl. í s. 693 0130.

Toyota Corolla XLI, 7/1996, ekinn 178 þús., rauður, 1300vél, beinskiptur, nýskoðaður 08, bíll í toppstandi. Verð 175 þús. stgr. Upplýsingar í síma 862 9535 .

Til sölu Ford Explorer árg. '92. Nýuppgerð sjálfskipting. Verð 75 þús. Uppl. í s. 661 2874.

## 250-499 þús.


Til sölu Patrol árg. 1991. Mikið endurnýjaður, nýskoðaður og í góðu standi. Verð kr. 420.000.- Upplýsingar í síma 840 3733.


Peugeot 406, sjálfskiptur ek. 98þ. árg.'02 Aðeins kr.430 þ. Uppl. í s. 820 6558.


Toyota Corolla Turing 4x4 '98. Ek. 173 þ. V. 390 þ. Stg. S. 893 1050 eftir kl. 14.

Nissan Almera '99 ekinn 167000. og Toyota Corolla Touring 4WD '98 ekinn 165000. Báðir nýskoðaðir. Upplýsingar í síma 554 7127 & 825 0729.

Nissan Patrol árg.1990, ekinn 277 þús. er á 31" góðum dekkjum, mikið endurnýjað en þarfnast smá viðgerða. Verð 399 þús.eða tilboð. Sími 899 3280, Sigurbjörn

## 500-999 þús.


Gullmoli Opel Vectra árg. 2000 2,0L ssk. 16" sumard. + 15" vetrard., bæði á álf. Ekinn aðeins 80 þ.km. Uppl. í s. 899 3522.


VW Bora Dísel 1900TD 6 gíra 01 ek. 88 þ. Verð 990 þ. v.dekk á felgum fylgja. S. 669 9357.


Toyota Avensis 1800 ssk., árg. 2001 ekinn 74þ. fæst gegn yfirtöku á láni ákv. 840 þ. Uppl. í s. 820 3243.


Hushvarna 510 „05. ek. 3000 þ. ekkert ákv. hvít númer. Selst á 600 þ. Uppl. í s. 898 6706.


MMC Pajero árg. 1998 (12). Nýskoðaður. Góð Sumar- og vetrardekk. Toppeintak. Rafmagn í öllu. Ásett 900.000. Uppl. í s. 695 2589.


Til sölu Toyota RAV4 árg. 1998 keyrður 95.000, verð 650.000. Upplýsingar í síma 893 8424.

Til sölu Vw Golf 4 motion 2.0L árgerð '01 ek. 79 þús. ásett verð 940 þús. Áhvílandi 620 þús. afb. 21 þús. Tilboð yfirtaka + 200 þús. Sími 691 9207.

Ford Focus árg.'01. Ek. 90 þús. Ásett verð 690 þús. Uppl. í s. 557 6674 & 693 4236.

## 1-2 milljónir


Mazda 3 árg. '05 ek. 46 þús. km. fæst gegn yfirtöku á láni s: 8652338


Skoda Octavia Combi El. 2.0 árg.'03, bsk. m. dráttarkúlu, CD spilara, vetrardekk fylgja. Reyklaus. Verð 1 millj. Áhv. 280 þús. Yfirtaka láns í boði. Uppl. í s. 899 2953.

## HÚSBÍLAR TIL SÖLU

**Húsbíll af fullkomnustu gerð!**
**Coachmen Epic 36fet**
**árg. '06, ek. 13.000 mílur**



**Allar nánari uppl. í s. 896 4266.**

## HÚSBÍLAR TIL SÖLU




Frábær konubíll. Sparneytinn. Flottur og góður. 5 dyra, Hyundai Getz árg.'06 1600 vél, dökk grár, ek. 16 þús. km. Nýkominn úr ástandsskoðun, filmur í gluggum, 15"álfelgur, heilsársdekk, verð 1,650,000. Áhvílandi 1,250,000. Ekki skipti. Upplýsingar í síma 869 3678.


Trooper TDI '99 ek.172 þ.km. 35", loftdæla o.fl. Áhv 600þ. Verð 1190 þ. S. 891 7757.


Skoda Octavia STW 1.8 Turbo nýskr. 05/03 ek.63 þ. bsk. Verð 1.350. S. 892 9370.


Skoda Octavia Combi 2005 1,9TDI ssk., ekinn 34.000, reyklaus og vel með farinn. Ásett 1.890.000. Áhvílandi 1.330.000. Afb. 29.000. Engin skipti. Uppl í s. 899 4162.


Corolla árg. 2005 ekinn 23 þús. sjálfskiptur. Verð 1840 þús. Uppl. í síma 893 3503.


Vw Bora 2004 árg. Ek. 10 þús. Fæst á 180 þús. og yfirtöku á láni, áhv. 1.180 23 þús. á mán. Uppl. í s. 690 4065.


Dekurbíll, Toyota Avensis, Wagon Sol árg. 2004 ek. 42.000km. Aukabúnaður, dráttarkrókur, toppgrind og vetrardekk á stálfelgum. Verð 1.850.000kr. Upplýsingar í síma 899 1239.


Toyota Avensis Wagon Sol árg.11/04 ek. 44.000 þ. Ný sumardekk, skoðaður 09, nýsmurður, gullfallegur bíll á góðu verði 1.890 þ. Uppl. í s. 661 5000.


Til sölu Mitsubishi L200 11.2001 ekinn 156 þ. 33" breittur, kastaragrind og kastarar, krómgrind á pall, fallegur og vel með farinn bíll. Verð 1550 þús. S. 893 6654.



Nýr 2007 Dodge Caliber frá 1995þús, 7,4L/100km (fæst sem 4x4), Dodge Caravan frá 2.490þús! Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

## 2 milljónir +


Til sölu Audi A6 3.0 l Quatro árg. '03, ek. 53 þús. Með leðri og topplúgu og með öllum aukabúnaði. Skoða öll skipti. Verð 3.190 millj. Uppl. í s. 847 7128.


Volvo XC79 04 keyrður 49000 km. leður, krókur, blutooth. Tilb. 3.750.000. S. 892 2526.


Renault Kangoo árg. 2006 1,5. Dísel beinskipt. Ekinn 19 þús. Möguleiki á 100% láni. Ásett verð 1650. Tilboð 1.290 þús. kr. S. 849 9605.


M. Bens Ml 320. árg. 2001 ekinn 82 þ. mílur. Verð 2.650. Tilboð 50 þús. út + 2.080 þús. yfirtaka S. 891 8970.

## Bílar óskast

Óska eftir að kaupa 4-7 ára vel með farinn bíl sem hefur ekki verið keyrður mikið, ég mun borga hann á borðið ef semst um verð. Uppl. í s. 863 4361 ef. kl 13.

Óska eftir sparn. lítið keyrðum góðum bíl. Sk.'08. Fyrir allt að 250 þús. strg. Uppl. í s. 893 5752.

Óska eftir japönskum fólksbíl eða jeppa. Ca. árg. 00-04. Uppl. í s. 695 9543.

Óska eftir dísel jeppa eða pikup er með Audi 100 '92 + peningar 1- 2,5 millj. Uppl. í s. 821 3929 & 565 3929.

Skoðaður bíll óskast fyrir allt að 120 þús. stgr. Uppl. í s. 894 9002.

## Jeppar


**Dodge Ram 3500 - 44"**

5.9 cummings, árgerð 2004, ekinn 40.000km, 44" mikið breyttur, loftpúðar allan hringinn. Sjón er sögu ríkari. Tilboð óskast. Er til sýnis að Burknavöllum 17 í Hfj. Uppl. í s. 863 8423.


Pajero 97 2.5 TDI 35" ek.183þ 2.5" púst NMT CB Gott viðhald verð 690.000. Slétt skipti á tjaldv eða fellih.koma til greina. Uppl. í s. 861 1656.


Pajero '92. 3,0 bensín, 33" sjálfsk., leður. Ek. 215þ. Nýuppt. vél (orginal varahl.). Nýskoðaður. Verð 490 þ. S. 669 7962.


Hyundai Terracan 2005 3.0 Dísel beinskiptur ekinn 52.000. Ásett verð 3.200 þús. áhvílandi 2.400 þús. Tilboð 400.000 út og yfirtaka á láni. Upplýsingar í síma 856 6470.


**Volvo XC90**

Nýskráður 06/'03, 5 dyra, 7 manna, sjálfskiptur, topplúga, leður o.fl o.fl. Ek. 53 þ. ásett verð 3,7 m. Uppl. í s. 669 4422.


Range Rover Dísel. Árg. 06/2004. ek. 84 þús. Eyðsla 11,9 L. Vel útbúinn ferðabíl með krók. Verð 8,4 m. Tilboð 7.990.000. Skipti möguleg, einnig á íbúðarh. í Rvk. Uppl. í s. 663 0644.



2006-2007 Jeep Grand Cherokee frá 2,590, Ford Explorer frá 2.690, Dodge Durango frá 2.690, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.790, Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com


Ford Econoline Pathfinder 4 x 4 7,3 diesel árgerð 1988. Ryðlaus bíll ekinn 56.000 mílur í toppstandi. Verð 890,000. Upplýsingar í síma 897 7643.


Benz G230 '87, 236 þús. km, bensín, beinskiptur. Verð 490 þús. Sími 695 2518.


**Nissan Murano '05**

Ek. 45 þ. mílur ssk. Ásett verð 3,9, tilboð 3,2. Uppl. í s. 669 9668.

**Jeppi + sleði**

Til sölu Toyota Hilux árg.'91 breyttur 35" bensín, ek. 135 mílur, nýsk., verð 250 þ. Einnig Polaris 500 sleði árg. '91 ásamt ýmsum varahlutum, m.a. belti kúpling ofl. Verð 110 þ. Uppl. í s. 660 1921 um helgina.

## Fornbílar


Dodge Coronet '75, til uppgerðar. Varahlutabíll fylgir, verð 150.000 er á Akureyri s. 866 9282.

Til sölu Fornbíll árg. '57 Mercury Montero 2 dyra óskast tilboð í því ástandi sem hann er. S. 867 3794.

Dodge Kingsway Custom 1956 8 cyl. Takkaskiptur. 4d.sedan á uppgerðarstigi. Tilboð óskast. S. 897 4090.

## Pallbílar


Ford F250, 7.3 diesel, 5m, árg 00, ek.190 þ. Skipti mögul. á ódýrari fólksbíl. Uppl. í s. 863 8686

## Sendibílar


M.Benz Actros 1843 árg. 2001, Megaspace, Alopnun, 2t lyfta. Uppl. í s. 893 6957, Hilmar.


Benz Atego 1223 '03. Ek. 154 þ. Með lyftu og kæli. S. 893 7224.

Tek að mér að fjarlægja rusl úr heimahúsum, geymslum, görðum t.d. gras eða annan úrgang. Er með bíla 10-27 rm. Uppl. í s. 847 2480.

## Vörubílar


MAN 19-362 árg. '89 ekinn 595 þús. Með framdrifi, búkka og snjómokstursbúnaði að framan. nýleg dekk. Uppl í síma 895 3879.


**Hestaflutningabíll lækkað verð**

Hestaflutningabíll rúmar 8 hesta árg. '96 nýsk., ekinn 150 þ. Nýjar bremsur, góður og vel með farinn bíll. V.1,190,000 + VSK. Uppl. í síma 895 8873.


Ný innfluttur Man-vörubíll án vagns árg. 2000 með Hiap 225.-krana og spili. Uppl. í síma 697 6900 og 866 6684.

## Húsbílar



Álbox fyrir ferðabíla KE Málmsmíði, Hamarshöfða 5. S. 587 0626 & 696 3522.www.ke.is


M.Benz 207D árg. '80 orginal húsbíll frá Westalia, ek. 110 þús., ssk., 4 gíra, vökvastýri, full innréttaður með wc ofl. Bíllinn er í einstaklega góðu ástandi frá dekkjum til toppar. Skráður 6 manna, svefnpláss fyrir 2, óslitinn bíll að öllu leyti. Uppl. í s. 898 3939.


Til sölu er þessi gullfallegi Ford E350 árg. 2004 orginal húsbíll. Bíllinn er ekinn 79.000 mílur og er í topp ástandi. Tilboð óskast. Nánari upplýsingar veitir Jón í síma 695 1051.


Húsbíll til sölu Fiat Ducado árg. 2001 Roller Team Vel búinn með ýmsum fylgihlutum. Svefnpláss fyrir 4, skráður fyrir 6. 1,9 ltr vél, 90 Hö Ekinn 51 þús. Km. Verðhugmynd: 3.700.000 Upplýsingar í síma 896 4935 Eiríkur.


Ford Transit Rimor húsbíll árg. '94, ekinn 90 þ.km. Svefnpl. f. 5, sólarsella, 2 miðstöðvar, nýr svampur og áklæði, sjónvarpsloftnet, afturdrif, ný framdekk. Verð kr. 1.950.000, engin skipti. Upplýsingar í 893 9419.


**Peugeot 1996**

Ek. 87 þ.km ný tímareim, svefnpláss fyrir 6. Innfluttur frá Austurríki 2004. S. 564 4511 & 848 8026.


Glæsilegur McLuis Tandy 640 húsbíll árg. '05, ek. 4 þ., 2,8 dísel, einn með öllu. S. 567 2154 & 897 6419.

Renault Traffic '85, snyrtilega innréttaður. Kælir, gasmiðstöð og cd m/fjarstýringu. Fallegur bíll þó gamall sé. Verð 350 þús. eða tilboð. Uppl. í s. 664 9702.

## Mótorhjól


Til sölu Harley Davidson, Electra Glide - Screamin Eagle árgerð 2004. Ekið 9600 km. Skipti mögulega á ódýrum bíl, verð tilboð. Upplýsingar í síma 896 1653.


Pocketbike, nýtt úr kassa, á 4 hjól. Hraðastilling, þolir 110 kg, verð 65 þús. S. 899 9968.

Elskan mín til sölu!! Honda CBR 600 F3 árgerð 95 ekin 26 þús. mílur, mikið endurnýjað og er í fínu standi. Ásett verð 400 þús. Sími 862 9660.

Yamaha yzf 250 '04 til sölu ásett verð 490 þús. Uppl. í síma 848 9772.

Honda cbr600rr 2007 til sölu. Uppl. í síma 659 9009.

Til sölu Honda Shadow Spirit 750cc árg. 2001, perluhvítt að lit, opið púst. Eins og nýtt. Uppl. í s. 894 5094.

Suzuki GSX 750 F '92 ekið 12.000 km. Ný dekk og yfirfarið. Verð 350.000. S. 896 8909.

Til sölu V-ROD 100 ára afmælisútgáfa ek. 6000 þ.km árg.03 eins og nýtt. Verð 2.050 þ. S. 899 8737.

Til sölu Yamaha Road Star Midnight Star Silverado árg. '04 ek. 5000. mílur. Uppl. í síma 697 3041.

## TIL SÖLU

**HVAÐ DRÍFUR ÞIG ÁFRAM?**

www.rs.is

Mercury

Mercury utanborðsmótorar hafa sannað getu sína og styrk í gegnum árin og eru nú þeir mest seldu í heiminum í dag. Mercury mótorarnir eru fáanlegir frá 2,5 ha til 300 ha.

R. SIGMUNDSSON

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000

# hús&heimili

LAUGARDAGUR 16. JÚNÍ 2007



FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

**HÖNNUN**

## Heilagar kýr á vegginn

**HÚSGAGNIÐ**

## Mósambísk kista að sænski fyrirmynd

**INNLIT**

## Feng shui heimur Karenar Bjarkar Óskarsdóttir

FRÉTTABLAÐIÐ


AEG
ELDHÚSPAKKINN
Keramikhelluborð
AEG 66030 K-MN
Fjórar hraðhitahellur · Snertirofar
Tímastillir á öllum hellum
"Automax" stilling: Byrjar á að fara á mesta hita, en lækkar síðan á valda stillingu
Fjögurra þrepa eftirhitagaumljós
Kr. ~~73.579~~
Háfur
Airforce F3/AIRF 3
Til uppsetningar á vegg
Fyrir útblástur eða kolafilt
Kr. ~~23.053~~
Veggofn, stál
AEG COMPETENCE B 3051-4-M
Fjölvirkur ofn með 9 aðgerðum
Létthreinsibúnaður
Stórt ofngler
"ISOFRONT" þrefallt gler í ofnhurð, auðveldar þrif - kaldari framhlið · Sökkhnappar
Kr. ~~77.789~~
TILBOÐSVERÐ: Allur pakkinn: 109.900
Sími 530 2907 / 530 2908
SETTU ÞAÐ SAMAN HTH
NÝTT 2007
202.048,-
Hvít háglans/4000
ORMSSON LÁN: Mánaðarleg jöfn afborgun í 48 mánuði : Kr. 5.858.-
Opið í Smáralind í dag frá 11–18.
Velkomin í óvenjulega verslun!
ORMSSON
SMÁRALIND · SÍMI 530 2900 · www.ormsson.is
KVIKA




Senseo-kaffivélarnar hafa rokið út frá því í lok síðasta árs og eru vinsældir þeirra enn að aukast.

## Gæðakaffi á 30 sekúndum

Senseo-kaffivélin er orðin ein sú vinsælasta á landinu um þessar mundir en það eru Heimilistæki sem flytja vélarnar inn.

Það sem er sérstakt við vélarnar, fyrir utan gott kaffið úr þeim, er að það er enginn laus kaffikorgur við notkun hennar. Kaffið er í lokuðum púðum sem settir eru í vélina fyrir hvern bolla.

Hallgrímur Halldórsson, sölumaður hjá Heimilistækjum, segir það líka mikinn kost að nýtingin á kaffinu verði alltaf hundrað prósent. „Þegar hellt er upp á í hefðbundnum kaffivélum verður kaffið vont í könnunni eftir tiltölulega stuttan tíma og því afgangnum hellt. Með Senseo-vélinni hellir fólk bara upp á hvern bolla fyrir sig, einn eða tvo í einu, á þrjátíu sekúndum þannig að það fer ekkert í vaskinn,“ segir Hallgrímur.

| 2. Portúgalskir | 305 |
| 3. Ítalskir | 206 |
| 4. Pakistanskir | 72 |
| 5. Pólskir | 65 |
| 6. Íslenskir | 35 |
| 7. Filippseyskir | 23 |
| 8. Marokkóskir | 15 |
| 9. Nepalskir | 13 |
| 10. Indverskir | 11 |
| 11. Kólumbískir | 9 |
| 12. Argentínskir | 7 |
| 12. Slóvakískir | 7 |
| 14. Tyrkneskir | 6 |
| 15. Úrúgvæskir | 4 |
| 16. Breskir | 2 |
| 16. Lesótóskir | 2 |
| 16. Rússneskir | 2 |
| 16. Srílanskir | 2 |
| 16. Tælenskir | 2 |
| 21. Chileskur, dóminískur, eþjópískur, franskur, grískur, grænlenskur, malasískur, máritískur, perúskur, rúmenskur, spænskur og úgandskur | 1 hver |

## Samdi pakistanskt ljóð á skrifstofuhurðina

Arshed Ali, 34 ára, stýrir dekkjaverkstæði Impregilo á Kárahnjúkum. Ali er Pakistani og hefur verið starfandi á Kárahnjúkum síðan í maí 2004. Þar áður vann hann í átta ár fyrir Impregilo við stíflugerð í heimalandinu.

„Hér er ágætt að vera,“ segir Ali. „Ég get ekki kvartað yfir neinu. Ég er sáttur við launin og sáttur við vinnuveitandann.“ Hann segir launin eðlilega forsendu þess að hann vilji starfa við stíflugerðina. „Að sjálfsögðu. Annars væri ég ekki hérna uppi í fjöllum á Íslandi.“

Í horni verkstæðisins er lítil skrifstofukytra sem einnig er notuð sem kaffistofa. Athygli vekur stór handskrifuð letrun með arabísku letri á skrifstofuhurðinni utanverðri. „Þetta er ekki neitt,“ segir Ali aðspurður. Hann gefur undan þegar gengið er á hann. „Æ, þetta er bara lítið ljóð. Ég samdi þetta einhvern daginn þegar mér leiddist og skrifaði á hurðina.“ Hann þverneitar þó að greina frá inntaki kvæðisins.

Inni á skrifstofunni er eldavél og á henni stendur stór pottur. Ali segist þó ekki elda sér hádegisverð á verkstæðinu. „Nei, í pottinum laga ég mér pakistanskt te. Ég vil ekki þetta kaffi sem allir drekka hér.“

Ali bíður nú í ofvæni eftir því að fara heim til Pakistans í frí 25. júní. Þar mun hann hitta konu sína og börnin tvö, sex og rúmlega tveggja ára gömul. „Auðvitað hlakka ég til. Hér gerir maður ekkert annað en að vinna og hugsa um fjölskylduna.“

**LJÓÐSKÁLDIÐ** Kýs fremur te frá heimalandinu en kaffisullið sem flestir svolgra í sig dægrin löng sem stutt.





# Þjóðhátíð í Reykjavík 17. júní 2007

## Dagskrá

**Kl. 09:55**
**Samhljómur kirkjuklukkna í Reykjavík**

**Kl. 10:00**
**Í kirkjugarðinum við Suðurgötu**
Forseti borgarstjórnar, Hanna Birna Kristjánsdóttir, leggur blómsveig frá Reykvíkingum á leiði Jóns Sigurðssonar

Lúðrasveitin Svanur leikur:
Sjá roðann á hnjúkunum háu
Stjórnandi: Rúnar Óskarsson
Skátar standa heiðursvörð

**Kl 10:40**
**Hátíðardagskrá á Austurvelli**
Hátíðin sett: Björn Ingi Hrafnsson, formaður Þjóðhátíðarnefndar, flytur ávarp

Karlakór Reykjavíkur syngur:
Yfir voru ættarlandi.
Stjórnandi: Friðrik S. Kristinsson

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, leggur blómsveig frá íslensku þjóðinni að minnisvarða Jóns Sigurðssonar á Austurvelli

Karlakór Reykjavíkur syngur þjóðsönginn

Ávarp forsætisráðherra Geirs H. Haarde

Karlakór Reykjavíkur syngur:
Ísland ögrum skorið

Ávarp fjallkonunnar

Lúðrasveitin Svanur leikur:
Ég vil elska mitt land

Áslaug Skúladóttir kynnir og Ríkisútvarpið sendir dagskrána út í útvarpi og sjónvarpi

**Kl. 11:20**
**Guðsþjónusta í Dómkirkjunni**
Séra Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur prédikar

Dómkórinn syngur
Einsöngvari er Ágúst Ólafsson

**Kl. 13:00**
**Tjörnin og umhverfi**
Í Hljómskálagarði verður Skátaland með leiktæki, þrautabrautir og fleira

Fallhlífaklúbbur Reykjavíkur sýnir fallhlífastökk kl. 16

Í Hallargarði verður Sumargrín ÍTR
Ókeypis er í leiktækin í görðunum

Eldflaugatertubasar áhugamanna um íslenskar varnir í tjaldi við Skothúsveg

**Kl. 13:00**
**Akstur fornbíla og sýningar**
Hópakstur Fornbílaklúbbsins og sýning á Miðbakka.

Hópakstur Krúsers og sýning á Skothúsvegi

**Skrúðgöngur**
**Kl. 13:40**
Skrúðganga frá Hlemmi niður Laugaveg að Ingólfstorgi.

Lúðrasveit verkalýðsins leikur og Götuleikhúsið tekur þátt í göngunni

**Kl. 13:45**
Skrúðganga frá Hagatorgi í Hljómskálagarð.

Lúðrasveit Reykjavíkur leikur

**Kl. 14:00**
**Barna- og fjölskylduskemmtun á Arnarhóli**
Skoppa og Skrítla

Abbababb.

Atriði frá Hafnarfjarðarleikhúsinu

Fjöllistamaðurinn The Mighty Gareth

Obbosí - Kristjana Skúladóttir

Klassíski Listdansskólinn

Hattur og Fattur.

Atriði frá Möguleikhúsinu

Trúðurinn Wally

Danslistarskóli JSB

Laddi

Barnadansleikur Söngvaborgar með Siggu Beinteins, Maríu Björk, Georg og Helgu Brögu

Pollapönk

Stígur og Snæfríður úr Stundinni okkar kynna dagskrána

**Kl. 14:00 og 14:30**
Brúðubíllinn í Hljómskálagarði
Segðu mér söguna aftur

**Kl. 14:00**
**Dagskrá í Hallargarði**
Tóti trúður

Fimleikadeild Ármanns sýnir fimleika

Glímufélög í Reykjavík sýna glímu

Skylmingafélag Reykjavíkur sýnir skylmingar

Kínversk kung fu-sýning
Aikido-sýning

Sumargrín ÍTR

Spákonur í garðhýsinu

**Kl. 14:00**
**Danssýning á Ingólfstorgi**
Lúðrasveit verkalýðsins leikur fyrir sýninguna

Klassíski listdansskólinn

Kramhúsið

Danslistarskóli JSB

Drop the Pressure

Perlan

Romani Dance Studio

Danshópur Minervu Iglesias

Dansdeild ÍR

Danshópur Brynju Pétursdóttur

Dansíþróttafélagið Gulltoppur

Magadanshúsið

**Kl. 14:00**
**Dagskrá á Austurvelli**
Sniglabandið í beinni útsendingu á Rás 2

Vinir Láru

Ingó Geirdal töframaður

Slefberi

Dixie-bandið Öndin

**Kl. 14**
**Skákmót á Útitafli**
Lýðveldisskákmót Hróksins á útitaflinu við Lækjargötu

**Kl. 14:00**
**Uppákomur víðsvegar um Miðbæinn**
Götuleikhúsið sýnir á MR túninu ásamt Parabólu og Rimmugýgi

Danshópurinn Hnoð sýnir verkið Ætlarðu út í kvöld? á MR túninu

Sólskoðun Stjörnufræðivefsins á Austurvelli

Rammíslensk Rómeo og Júlía í nútíð og fortíð á vappi um bæinn

Reiðhjólagengið Ræbbblarnir sýnir hjólin sín

Súluleikfimi í Vonarstræti kl. 15

Hönnunarhópurinn Títa verður með Lifandi gínur í Bankastræti kl. 15

Danshópurinn Samyrkjar býður gestum og gangandi upp í dans

Götulíf skemmtir börnum á Fríkirkjuvegi

Lifandi bókasafn FSS verður í TM húsinu við Ingólfstorg frá kl. 13 - 16.

AUS- Alþjóðleg ungmennaskipti býður upp á Fjölþjóðlegt Hafnarstræti! frá kl. 14

**Kl. 14:00**
**Kraftakeppni við Ráðhúsið**
Trukkadráttur í Vonarstræti í keppninni Sterkasti maður Íslands

**Kl. 14:30**
**Dagskrá í Lækjargötu**
Trúðurinn Wally

Lalli töframaður

Vinir Láru

B3 Tríó

Svavar Knútur

Jazzsveitin Dúi

Blikandi stjörnur

Þjóðlagakvintet Tepokans

Myst

Kenya Nemor

Jack London

Rafhans 021

Hiphop - tónleikar: Dabbi T, Mag-B, Valli P.R., Danni A, Gunni Jr., Gísli Pálmi og Gunnar Maríe

**Kl. 14:30**
**Tónleikar í Ráðhúsi Reykjavíkur**
Englakórinn

Stúlknakór KFUK

Tríólurnar

Söngsveitin Fílharmonía

Paradís – Tónaregn í Reykjavík

Dixielandhljómsveit Árna Ísleifs

**Kl. 15:00**
**Dagskrá í Hljómskálagarði**
Trúðurinn Wally

Töframaðurinn Pétur Pókus

Iss piss fimleikatrúðarnir

Barnadansleikur með Fjörkörlum

**Kl. 15:00**
**17. júnímót í siglingum**
Siglingamót Brokeyjar á sundinu fyrir utan Sæbrautina

**Kl. 19:00**
**Dansleikur á Ingólfstorgi**
Komið og dansið

Furstarnir og Geir Ólafs

Buff

Heimilistónar

Salsa Iceland

Milljónamæringarnir

**Kl. 20:00**
**Tónleikar á Arnarhóli**
<3 Svanhvít

Hress/Fresh

Spooky Jetson

Gordon Riots

Shogun

Ultra Mega Technobandið Stefán

Sprengjuhöllin

Steed Lord

Benni Hemm Hemm

Ampop

Lay Low

Mezzoforte

**Kl. 20:00**
**Harmónikuball í Ráðhúsi**
Léttsveit Harmónikufélags Reykjavíkur leikur fyrir dansi

**Kl. 21:00**
**Dansleikur í Lækjargötu**
DJ Páll Óskar

**Kl. 24:00 Dagskrárlok**

**Týnd börn**
Upplýsingar í Hinu Húsinu
Pósthússtræti 3-5
Sími 411 5500

*Skipulagt hátíðasvæði er Kvosin þ.á.m. Austurvöllur, Kirkjustræti, Templarasund, Ingólfstorg, Arnarhóll, Tjarnargarður og Reykjavíkurhöfn. Umferð bifreiða er takmörkuð um þessi svæði og torgsala er óheimil án leyfis.*

*Umsjón með dagskrá þjóðhátíðar í Reykjavík hefur þjóðhátíðarnefnd á vegum Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur en Hitt Húsið sér um framkvæmdina.*

# *Vildi að ég gæti gubbað peningum*

Bassaleikarinn og hljóðmaðurinn **Bíbí Ásgeirsdóttir** var að koma úr hljómleikaferð um Evrópu með rokksveitinni Singapore Sling. *Fréttablaðið* tók hana í þriðju gráðu yfirheyrslu.



**HELSTA AFREKIÐ AÐ VERA ÞRIGGJA BARNA MÓÐIR** Ester Bíbí Ásgeirsdóttir elskaði einu sinni Wham.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Ertu búin að jafna þig eftir hljómleikaferðina?** Þetta er allt að koma. Ég reyni bara að komast í sund einu sinni á dag. Það er mjög gott, hreinsar sál og líkama. Svo er gufan líka snilld. Eftir nokkra heitapotts daga var ég meira að segja búin að enduruppgvöta sundtökin.

**Hvar var skemmtilegast að spila?** Á mig virkaði þetta allt bara sem ein allsherjar skemmtun. Ítalía var ótrúlega skemmtileg. Fólkið var bara allt svo rosa hrifið, vinalegt og ruglingslegt, af því að það talaði ekki nokkur maður stakt orð í ensku. En ég skildi samt kannski eitthvað, ég er ekki alveg viss. Eftir að við vorum búin að spila í Mílanó komumst við til dæmis að því að tónleikunum hafði verið útvarpað beint. Við komumst að því fyrir rælni bara af því að einn vinur okkar hafði staðið við mixerinn og heyrt að það var alltaf einhver kynnir að tala um okkur á milli laga í útvarpið.

Vín var líka æði! Þar spiluðum við á svona pönkbúllu. Allt starfsfólkið var með hundaólar og gaddabelti. Og það voru áletranir uppi um alla veggi um að kynþáttahatarar og kvenhatarar væru óvelkomnir. Pönkari í einhverri svaka múnderingu kom og færði okkur bestu grænmetissúpu sem ég hef smakkað og sagði okkur að hann hefði eldað hana heima og komið með hana í potti á hjólinu sínu því eldunaraðstaða væri ekki upp á marga fiska á staðnum. Kurteisari og vinalegri mann hef ég ekki hitt. En staðurinn var þegar opinn og austurríska ríkissjónvarpið var mætt og við sátum þarna til sýnis og allir horfðu á okkur borða og fara síðan eitt af öðru og spila ein á sviðinu fyrir framan allt þetta fólk og sjónvarpið í beinni. Eins og ég segi þá var allt fyndið á þessum túr og skemmtilegt og óviðbúið.

**Undarlegasta atvikið úti?** Eins og ég segi þá leið mér eins og þetta væri allt ein allsherjar undarlegheit. En það sem stendur upp úr er þegar við vorum bókuð á eitthvað strandfestival eftir að tónleikunum í Mílanó var aflýst vegna veðurs. Því þurfti að redda giggi í skyndi sem myndi um leið redda næstu gistingu. Við renndum af stað daginn eftir að leita að þessum stað sem tónleikarnir voru bókaðir á. Við vorum komin í pínulítinn fjallabæ fyrir utan Mílanó og eftir að hafa keyrt í gegnum bæjarmaraþonið að leita upplýsinga var okkur fylgt rétt út fyrir litla bæinn á pizzastað. Það var staðurinn! Eftir að hlæja eins og vitleysingar sáum við að sviðið var allt í lagi og þar sem við fengum gistingu slógum við til og bárum draslið inn. Ég og Henrik (söngvari og gítarleikari) vorum svo á sviðinu að koma dótinu okkar í gang þegar maðurinn sem stóð hjá mixernum og hafði hleypt okkur inn fór að tala við okkur, á ítölsku auðvitað. Okkur tókst að lokum að skilja að hann var að spyrja hvort við ætluðum að mixa. Við spurðum þá hvort hann vildi ekki mixa. Þá sagði hann að hann gæti það ómögulega því hann þurfti að baka pizzur. Þetta var náttúrlega mjög fyndið og við hugsuðum bara „Ókei, þetta er hvort eð er pizzustaður, þetta verður fínt“. Og svo gerðum við þetta bara. Það rættist hins vegar algjörlega úr kvöldinu og staðurinn fylltist af fólki sem elskaði tónlistina og þetta var æði. Það var til dæmis maður fremst sem hrópaði á Henrik „HENDRIXA HENDRIXA“ aftur og aftur til að líkja honum við Jimi Hendrix og ég stórefast um að hann hafi vitað að hann héti í raun og veru Henrik. Góð reynsla allt saman!

**Hvernig er að rúnta um með fimm sveittum karlmönnum?** Ég veit það ekki. Ég var sveitt sjálf, ég veit ekki hvort mér hafi tekist að vera eitthvað öðruvísi sveitt en þeir.

**ÞRIÐJA GRÁÐAN**

**NAFN:** Ester Bíbí Ásgeirsdóttir

**FÆÐINGARÁR:** 1975, sama ár og kærastinn minn og allir bestu vinir mínir fæddust.

**Á HUNDAVAÐI:** Fjölbraut Suðurnesja þar sem ég svaf á göngum og í tímum. Svo nám í upptökutækni í Írlandi og starfaði að því loknu í Þjóðleikhúsinu. Hljóðmaður í bíómyndum og núna hljóðmaður hjá Latabæ. Fyrrverandi meðlimur Kolrössu Krókríðandi og nú bassaleikari Singapore Sling.

**Hvað óttastu mest?** Ég er mjög lofthrædd. Og einhverra hluta vegna kom það í minn hlut að keyra um Alpana, endalausar háar brýr. Mjög ógnvekjandi.

**Hvaða lifandi persónu dáist þú mest að og af hverju?** Ég dáist mest að börnunum mínum. Þau eru bara svo endalaust sæt.

**Hvað er dýrasti hlutur sem þú hefur nokkurn tímann keypt þér?** Íbúðin mín.

**Hvar myndir þú helst vilja búa?** Bara þar sem ég bý eða einhvers staðar í Evrópu. París, Berlín. Kannski New York. Bara alls staðar sem ég gæti haft efni á að lifa sómasamlegu lífi.

**Ef þú hefðir ofurafl, hvert myndi þitt vera?** Gubba peningum. Þá gæti ég gert allt.

**Hvað gerir þig þunglynda?** Að geta ekki gert allt í heiminum sem ég vil, þegar ég vil.

**Hvað er ljótasti ávaninn sem þú hefur?** Að reykja.

**Hvað er uppáhalds orðið þitt?**
Þessi er erfið. Hmmm. Ég segi „hérna“ svona 2000 sinnum á dag og „mjög“ mjög oft.

**Ef þú færir á grímuball, í hverju myndir þú helst fara?** Það veit ég ekkert! Það einhver svona ákvörðun sem kemur bara þegar grímuballið kemur upp. Kannski bara með sólgleraugu. Þegar ég var lítil var ég alltaf prinsessa sem þurfti að neyða úr gallanum eftir svona þrjá daga þegar hann var orðinn útataður í kakómalti og ég svaf í fötunum af hræðslu við að þau myndu lenda í þvottavélinni.

**Köttur eða hundur?** Sem ég myndi fá mér ef ég gubbaði peningum? Þá fengi ég mér hund en eins og stendur er köttur algjör snilld. Þeir passa sig sjálfir og taka ekkert pláss og eru skemmtilegir líka. Kannski ég fái mér einhvern tíma bara bæði kött og hund.

**Hvað er neyðarlegasta tómstundagamanið þitt?** Ég skammast mín held ég ekki fyrir eitthvað sem mér finnst skemmtilegt. Ég spila til dæmis ekki golf. En mér finnst gaman að hlusta á texta í ömurlegum lögum. Ég er sökker fyrir sumu ömurlegu sjónvarpsefni eins og glötuðum raunveruleikaþáttum, En ég hef verið blessunarlega laus við sjónvarp síðustu mánuði svo kannski er mér borgið.

**Hefurðu einhvern tímann sagt einhverjum að þú elskir þá en ekki meinað það?** Nei, en tilfinningar mínar hafa breyst samt með tímanum. Einu sinni elskaði ég til dæmis Wham. Þeir eiga mjög góða texta.

**Hverjum þremur myndir þú bjóða í draumadinner?** Ég myndi velja fólk sem kynni að meta það svo ég myndi segja Nico manninum mínum og Jöru og Sigrúnu vinkonum mínum.

**Hvert er ömurlegasta starf sem þú hefur nokkurn tímann unnið við?** Ég held að snyrtivöruverslun eigi verst við mig af öllu sem ég hef annars tekið mér fyrir hendur.

**Er einhver sem þú skuldar afsökunarbeiðni fyrir eitthvað?** Já, eflaust. Það er nú erfitt að komast í gegnum lífið án þess, án þess að ég ætli að fara að útlista einhverjum leiðindum hér. En fyrirgefðu. Hver sem þú ert. Ég hef svo lítið leiðindaþol að ég tek mjög nærri mér ef einhver er leiður eða reiður út í mig út af einhverju.

**Ef þú ættir tímavel, hvert myndir þú helst vilja fara?** Fram í tímann bara að kíkja og svo eftir það örugglega aftur í tímann ef ég gæti troðið öllum sem ég þekki og þykir vænt um inn líka.

**Hvað er mesta afrek þitt?** Að vera þriggja barna móðir. Margt annað líka en þetta stendur upp úr sem kraftaverkið mitt.

**Hvernig viltu að fólk minnist þín?**
„Töff, yndisleg, góð, falleg, skemmtileg, fyndin“. Nei. Kannski bara eins og ég er, með smá móðu yfir.

**Hvað heldur fyrir þér vöku?** Það er fátt. Ef ég er þreytt þá sofna ég yfirleitt hvar sem ég er.

**Hvaða lag finnst þér að ætti að spila við jarðarförina þína?** Það er ekki bara eitt lag! Það verða að vera tónleikar! Opnunarlagið yrði náttúrlega Bíbí og Blaka. Svo bara allt það sorglegasta sem ég get tínt til. Það má ekki vera þurrt auga á svæðinu. Carpenters með eitthvað, kannski „I Say Goodbye to Love“. (með gítarsólóunum). Jimmy Rodgers með eitthvert jóðlæði, „My Rough and Rowdy Ways“. Og Jim Reeves með The Blizzard. Alvarlegu „Farðu nú að gráta lögunum“ verð ég að fá meiri tíma til að pæla í. Ég vona ég fái hann nú. Eitthvað gott með Bob Dylan. Og svo bara eitthvað gott kvikmyndaskor yfir allt svo allir gráti nú og þetta verði dramatískt og fallegt.

**Anna Margrét Björnsson**

”

Okkur tókst að lokum að skilja að Ítalinn var að spyrja hvort við ætluðum að mixa. Við spurðum þá hvort hann vildi ekki mixa. Þá sagði hann að hann gæti það ómögulega því hann þurfti að baka pizzur.




Samtök iðnaðarins og SVP-Samtök verslunar og þjónustu / Sjá nánar um endurvinnslu prentmiðla á www.si.is – Hönnun Hvíta húsið/ SÍA



**KÖFUN FYRIR RÉTTINDALAUSA** Gleðitíðindi fyrir réttindalausa kafara sem þrá ekkert heitar en froskalappir á fæturna og öndunarpípu í munninn. Nú er hægt að stunda svokallað „snorkling“ en það er köfun í Þingvallavatni í þurrgalla. Ískalt en undurfagurt.

# *Exótíska Ísland*

Það þarf ekki að fljúga til Kosta Ríka eða Indlands til að eiga exótískt sumarfrí. Litla landið okkar leynir á sér og víða leynast og leynast ekki framandlegir veitingastaðir, gistihús og afþreyingarmöguleikar. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* skoðaði framandi og forvitnilega möguleika fyrir ferðalangana sem ætla að halda sig á fósturjörðinni. Lítil misopinber leyndarmál.





**EYJAÁST** Fátt er skemmtilegra en bátsferð út í fagra ey, helst þar sem einn bóndi býr árið um kring og ferðalangar geta fengið innsýn í líf heimafólks. Litla eyjan Vigur á Ísafjarðardjúpi er gulli fegurri og heimagert bakkelsi úr eldhúsi bóndans má snæða í einu húsanna.

### Snætt í aldagömlu ævintýri

Við þjóðveg 1, í um tuttugu mínútna fjarlægð frá Akureyri er að finna lítið, krúttlegt, ofurrómantískt sveitaævintýri – veitingahúsið Halastjörnu. Það stendur á afar rómantískum stað, á æskuslóðum Jónasar Hallgrímssonar, í Öxnadal undir Hraundröngum. Innviðir veitingahússins minna einmitt einna helst á fyrirmannaheimili frá fyrri hluta síðustu aldar þar sem gestir sitja á antíkhúsgögnum og gæða sér á krásum með rósóttum borðbúnaði og jafnvel er hægt að fá einkaherbergi til snæðings. Þeir hugföngnustu geta svo fest kaup á sumum húsgagnanna en veitingahúsið hefur verið í samstarfi við antíkverslunina Frúna í Hamborg um sölu á innanstokksmunum. Eldhúsið er ekki síður rómað en umhverfið en ýmsir frægir gestakokkar hafa dvalið á staðnum og eldað úr íslensku sjávarfangi og ferskmeti úr matjurtagarðinum. Fyrirtaks dægradvöl fyrir nostalgíutaugarnar og skáldlegan innblástur.

### Handmjólkun í Þingeyjarsveit

Alltaf skulu Þingeyingar taka upp á einhverju skemmtilegu. Við erum ekki öll svo heppin að þekkja bændur á bæ og öðrum. Dreymir þó kannski mörg um að fá að smakka ylvolga mjólk, beint úr kúnum, og í villtustu draumum sumra er það að fá að handmjólka kú heilög stund. Í Mývatnssveit er hægt að reyna slíkt í Vogafjósi en í fjósinu er rekin kaffistofa sem er opnuð eldsnemma á morgnana og er opin til að verða miðnættis. Þar eru kýrnar mjólkaðar tvisvar á dag og hægt er að fylgjast með mjöltum í kaffistofunni og bragða á. Einnig standa þar til boða heimagerðar kræsingar, unnar úr fjósamjólkinni og öðrum sveitaafurðum, svo sem ostar, kæfur, konfekt og hverabakað brauð.

### Síðustu dagar kaupfélaganna

Gömlu góðu kaupfélögin, þar sem allt fæst, eru sjaldséðir fuglar. Finnir þú eitt slíkt skaltu prísa þig sælan og þakka guði enda kraftaverk. Í kaupfélaginu sem við leitum að á að vera hægt að kaupa metravöru, gúmmístígvél, gamlar ljótar styttur, frosið kindahakk í bland við lopasokka, búsáhöld og vinsældamatvöru. Kaupfélag Skagfirðinga er eitt af fáum sem enn búa svo vel að bjóða upp á þennan vörukokkteil, að metravöru meðtalinni, og Kaupfélag Steingrímsfjarðar, með höfuðstöðvar á Hólmavík á Ströndum, kemur einnig sterkt inn á listann. Það er stórlega vanmetin skemmtun að eyða vænum hálftíma í fjársjóðsleit í skipulögðu kaosi þar sem ótrúlegustu vörutegundir dúkka upp.

### Farfuglaheimili fortíðarhyggju

Það er ekki á hverjum degi sem forsetafrú heillast af farfuglaheimili en þegar Dorrit heimsótti eitt slíkt að Berunesi átti hún vart orð til að lýsa hrifningu sinni. Enda staðurinn einstakur. Gist er í gamla bænum, virðulegu aldagömlu húsi, og sómafólkið og hjónin sem byggja staðinn hafa búið þar síðan þau voru ung hjón og húsfreyjan ólst þar upp. Þau sinna gestum af stakri natni enda húsfreyjan húsmóðir lífsins af gamla skólanum og sér um að elda dýrindis heimilismat og baka hnallþórur ofan í gesti. Hvað svefnaðstöðu gesta varðar hefur gamli tíminn fengið að halda sér og eru dæmi um að gestir sofi í meira en 100 ára gömlum rúmum og mildir pastellitir klæða veggi og muni. Þegar við bætist austfirsk náttúra og góð hvíld er fátt sem getur klikkað.

### Hótel eins frægasta Íslendingsins

Uppskrift að einum framandlegasta kokkteil Austurlands er gisting í undrabænum Seyðisfirði. Þar er nefnilega að finna tvær sögufrægar byggingar sem nú hýsa Hótel Ölduna og er hótelið í eigu stórstjörnu Íslendinga, Sigurjóns Sighvatssonar. Hönnun hótelsins er engu lík en þar mætast gamli tíminn og herbergi og svítur búin nútímaþægindum sem eru þó sérstaklega spes að því leyti að til dæmis að hægt er að fá herbergi sem innihalda indverskar lokrekkjur. Í öðru húsinu er verslun og veitingastaður en þegar kvölda tekur er borðsalurinn dekkaður upp með hvítu damaski og kristal.

### Twin Peaks

Hveragerði er undarlegur og stórhuga bær. Nær ár hvert virðast bæjarbúar blása til einhverra stórtækra áforma. Tívolíið var helsta stolt þeirra um nokkurra ára skeið, Hótel Örk kom, sá og sigraði á vatnsrennibrautarmarkaðnum og flottheitin á 9. áratugnum, jólaland





**LEYNDARDÓMUR VESTFJARÐA** Listaverk og húsagerð Samúels Jónssonar frá fyrri hluta síðustu aldar er stórkostleg sjón og þess virði að gera sér ferð í Selárdal til að berja þessi einstöku verk augum.



**SNÆÐINGUR Í ÖXNADAL** Veitingahúsið Halastjarna er á slóðum okkar ástsæla Jónasar Hallgrímssonar og veitingastaðurinn gæti allt eins verið frá hans tíma. Aðdáendur antíkmuna geta svo fest kaup á einhverjum húsgagnanna.



**NÝALDARATHAFNIR OG SLEÐAFERÐIR** Snæfellsnesið eins og það leggur sig er ein fjársjóðskista framandlegheita. Hægt er að finna orkuna frá jöklinum, fara í sleðaferð upp á hann eða snæða á rómuðum veitingastöðum á svæðinu.



**BÆR UPPGÖTVANNA** Skyldustopp er í Hveragerði enda nóg skemmtilegt að uppgötva þar. Alltaf er klassískt að fá sér hamborgara í Eden en þar rétt hjá er líka Álnavörubúðin þar sem finna má fjársjóði fyrir lítinn pening.

Hveragerðis var enn eitt ævintýrið og svona mætti lengi telja. Bærinn sjálfur er heldur ekki síður eftirtektarverður útlits, hrollvekjandi og forvitnilegur, eyðilegur og lifandi í senn, einhvers konar Twin Peaks Íslands. Það er því skyldustopp í Hveragerði, þó ekki sé nema rétt til að reka nefið inn í eighties-paradísina Eden, eina stórkostlegustu spilakassa- og skyndibitasjoppu Íslands. Að því loknu má koma við í Álnavörubúðinni, en þar má finna ótrúlegustu klæði, allt frá suður-þýskum kjólum á þriggja ára upp í Kárahnjúkakraftgalla.

## Grúskað í dótinu hans Gísla

Á Örlygshöfn er að finna stórkostlegan stað en þar, að Hnjóti, safnaði bóndinn Egill Ólafsson heitinn ólíklegustu munum og úr varð eitt magnaðasta byggðasafn Íslendinga. Má þar finna allt frá gamla innbúinu hans Gísla að Uppsölum (þar á meðal hljóðfæri og aðrar uppfinningar úr hans smiðju sem enginn veit til hvers skal brúka í dag) upp í sovéskar flugvélar. Einnig eru þar gömlu flugstöðvarnar frá Sondodda og Þingeyri sem og fyrsta húsið sem hafði radíóvita. Allt ofsaspes, svo ekki sé talað um umhverfið sem hefur einmitt heillað margan og mörgum kvikmyndargerðarmanninum þótt það afar myndvænt.

## Eyjaferð

Eyjaferðir geta verið sérdeilis exótískar. Flatey, á sínu 19. aldar flippi, er auðvitað klassísk en eyjan sem við stingum upp á að þið heimsækið í sumar heitir Vigur á Ísafjarðardjúpi. Bátur fer daglega frá Ísafirði. Eyjan litla er í einkaeign og er bóndi eyjarinnar heimsóttur (af sama ættlegg og búið hefur á eyjunni síðan 1884) en þar stundar hann heilsársbúskap og hefur meðal annars tekjur af dúntekju. Í Viktoríuhúsi er svo hægt að fá heimagert bakkelsi úr smiðju bóndans en eyjan er forkunnarfögur og mjög svo öðruvísi. Innan um kýr, eyjafugla og kletta má svo finna eina kornmyllu landsins, frá árinu 1940. Sérstök og heimilisleg upplifun enda er eyjan lítið heimili og því eru gestir minntir á að guða ekki á glugga með myndavélarnar.

## Sofið við altarið

Fáum hefur varla látið sér detta í hug að gista í kirkju en nú er hægt að setja það atriði í framkvæmdalýsingu sumarfrísins 2007. Á Stöðvarfirði stendur nefnilega gömul afhelguð kirkja og hafa húsráðendur útbúið þar svefnaðstöðu fyrir tíu manns. Gistingin er hugsuð fyrir svefnpoka en sængurföt eru einnig í boði fyrir þá sem vilja og ágætis hreinlætis- og eldunaraðstaða er á staðnum. Til að toppa skemmtilegheitin má svo fá leigða átján feta skektu eða gúmmíbát til að róa á út á fjörð og má þá grilla eigin veiði á gasgrilli eftir bátsferðina.

## Snæfellskokkteill

Hvert sumar safnast hópur fólks á Arnarstapa eða Hellnum á Snæfellsnesi til að njóta orkuflæðis frá Snæfellsjökli. Ef það vantar einhverjar nýaldartaugar í þig er af nógu öðru að taka enda er þessi staður suðupottur frumlegrar skemmtunar. Til dæmis má bregða sér í sönghellinn aðeins norðar í Stapafellinu. Fyrirtækið Snjófell býður svo upp á snjóbíla- og snjósleðaferðir frá jökulrönd Snæfellsjökuls og að orkuflæðisathöfnum eða snjósleðaferð lokinni má svo skella sér á veitingahúsið Fjöruhúsið sem rekið er af fjölskyldu sem eldar, þjónar og gerir allt sem gera þarf á staðnum. Fyrir þá með sérþarfirnar má nefna að gárungarnir segja kokkinn á Svörtuloftum á Hellissandi, sem er í um tuttugu mínútna fjarlægð, hreinlega redda því sem redda þarf og hringi maður og athugi hvort hann geti eldað fyrir mann eitthvað af óskalistanum er því oft reddað.

## Náttúrulegir vatnsskemmtigarðar

Rafting hefur um nokkurt skeið verið vinsælt, sérstaklega meðal erlendra ferðamanna. Það sem margir vita ekki er hve auðvelt er að nálgast sportið og til að taka þátt þarftu hvorki reynslu eða sérstaka færni og jafnvel börn geta fengið að koma með. Langvinsælust er Hvítá og fyrirtækið Arctic Adventures býður upp á ferðir daglega. Börn yngri en tólf ára geta farið í bátinn á miðri leið, þegar búið er að þræða hættulegustu leiðina en Hvítá þykir ekki hættuleg á og erfiðleikastig hennar er 2 af 5. Fyrir þá sem vilja meira adrenalínkikk er Hólmsá öllu erfiðari en fyrirtækið býður líka upp á ferðir niður hana. Það eru ótalmörg skemmtileg vatnasport í boði á Íslandi sem ekki allir vita af og vert er að nefna einnig það nýjasta, svokallað snorkling. Slík köfun er fyrir þá sem ekki hafa farið á köfunarnámskeið en þá synda ferðamenn í sérstökum þurrgöllum í Þingvallavatni, með öndunarpípu í munni sér. Allir fá froskalappir svo það er auðvelt að synda og njóta umhverfisins.

## Sælkermatur og lystisemdir á hálendinu

Margir Íslendingar hafa aldrei stigið fæti inn á hálendi landsins. Ef ástæðan er sú að fólk geti ekki hugsað sér að vera án háhraðanettengingar og háklassahótels er slík ástæða ekki tekin gild lengur því í dag er að finna hótel norðaustur af Heklu, á Sprengisandsleið, sem býður upp á laxapaté, appelsínusúkkulaðimús, internet og sjónvarp. Hótelið, Hotel Highland, hefur verið starfrækt þrjú síðustu sumur og gestum finnst það mikið sport að fá slíka þjónustu á jafn ólíklegum stað.

## Naívismi Vestfjarða

Í Brautarholti í Selárdal bjó listamaðurinn Samúel Jónsson (1884-1969). Þar standa stórmerkilegar styttur hans enn, sem og kirkja sem hann smíðaði að eigin frumkvæði. Verk Samúels vekja gjarnan mikla athygli enda húsagerðin sem og listaverkin afar óvenjuleg og sérstök. Hrörlegt umhverfið og auðnin gera upplifunina enn sérstakari en verkin eru engin smásmíði og gefur þar meðal annars að líta eftirlíkingu af ljónagosbrunninum í Alhambra á Spáni og styttu sem sýnir Leif heppna skyggnast eftir Vínlandi.





## HLJÓÐFÆRI HUGANS

**Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál**

### Undrafuglinn

Bragi Kristjónsson skrifar fallega minningargrein um Elías Mar í Mbl. 6. júní, og kemst skemmtilega að orði sem oftar – með haglegri myndhverfingu: „Eitt af fallegustu ævintýrum lífsins eru kynnin og vináttan við Elías Mar skáld. Hann var furðufuglinn, sem undi alla tíð einn í bjargi sínu og stundaði þaðan rannsóknir sínar á sjónarspili mannlífsins. Hann lifði allt-af dularfullu lífi – þannig vildi hann hafa það. Skáldverk hans áttu gengi að fagna, en margan bezta skáldskap sinn skrifaði hann bara í hugi vina sinna.“

### Kvænt kona

Í Fréttablaðinu 19. maí var sagt að Þórunn Sigurðardóttir væri **kvænt** Stefáni Baldurssyni. Karlar eru kvæntir (dregið af kván: kona) og konur **giftar**, dregið af gefa, enda voru þær gefnar áður fyrr. Nú er að vísu algengt að tala um gifta karlmenn, enda má segja að karl og kona gefist hvort öðru. En kona getur tæpast verið kvænt, nema þá í samkynhneigðum hjúskap, kannski. Ekki veit ég hvernig Stefáni líkar að vera kván konu sinnar.

Í kvöldfréttum Sjónvarpsins 10. júní var svo sagt frá hannyrðakonu sem „**kvæntist aldrei**“.

### Sýningamagn

„Þarna er verið að velja úr verulegu magni af sýningum...“ sagði viðmælandi í morgunútvarpi 1. júní. Ekki vil ég tengja orðið **magn** við sýningar, heldur **fjölda**. Megum við kannski búast við að heyra talað um verulegt magn af fólki á sýningu? Hljómar það ekki fremur aulalega?

### Bitsljóir stýrivextir

Þannig hljóðar fyrirsögn á forsíðu Mbl. 6. júní og er hressileg tilbreyting í annars litlitlu málfari íslenskra dagblaða. Orðið **bitsljór** en haft um hníf sem bítur illa, en fellur vel að þeirri ásökun að stýrivextir Seðlabankans komi ekki að miklu gagni. Svona tilþrif í orðfæri sjást því miður sjaldan.

### leiti – leyti,

eru tvö orð ólíkrar merkingar, en stundum ruglað saman, ef til vill vegna vankunnáttu í stafsetningu. Þannig mátti sjá í Mbl. 7. júní „á næsta leyti“, sem er auðvitað rangt. **Leiti** merkir hæð sem ber við sjónarhring, og ekki verður séð lengra. Á næsta leiti merkir því nálægt, á næstu grösum. **Leyti** er aftur á móti haft um hluti, tillit, sbr. að mestu leyti: að hinu leytinu, eða um tíma, sbr. um sama leyti; um jólaleytið.

### Að forða slysum

Ég hélt að allir væru hættir þeirri vitleysu að „forða slysum“, en það sást í texta með frétt í Sjónvarpinu 6. maí og í fyrirsögn í Mbl. 8. júní: „Ekki banna hreyfingu til að forða slysi“. Hvert á að forða slysum? Frá hverju á að forða slysum? Sjá ekki allir hvað þetta er vitlaust? Hins vegar er bæði gott og nauðsynlegt að **forðast slys**.

### Braghenda

Pétur Stefánsson sendir þessa frárímuðu vorbraghendu:

*Íslenskt vor er ylríkt, bjart*
*og undur snoturt.*
*Ekkert veit ég yndislegra*
*eða hér í veröld fegra.*

Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is

# Maríubréf úr Svartaskóla

Maríubréf Einars Más Jónssonar kom út skömmu eftir páska og hefur síðan verið lesið víða. Deilirit uppá þrjúhundruð og fimmtíu síður eru fátíð hér í fámenninu. Þau komu reyndar nokkur út í vor. Kippurinn er merkilegur og bendir til að höfundar vilji reyna á mátt bókarinnar til að sveigja samtímaumræðu. Fyrstur var til eftir langt skeið Andri Snær. Hans bréf snerist um hugmyndafræðina íslensku, ófrjósemi hennar og heimsku. Einar Már er mun eldri en Andri og hefur ákaflega víðan sjóndeildarhring: menntun hans í miðaldafræðum, eðlislæg forvitni um ólíklegustu hluti, nærvera hans í íslenskri menningu og sjálfskipuð fjarvera, en Einar hefur um margra áratuga skeið búið í París, sem gerir það að verkum að hann horfir yfir sviðið af stærri hól en flestir aðrir. Svo bætir ekki úr skák að höfundur bréfsins er fjörlegur penni, hugmyndaríkur og frjór í samsvörunum, andstæðum, hugrenningameistari mikill. Bókin er því afburðaskemmtileg og höfundur færist mikið í fang. Raunar virðist mér hér faldar fáeinar bækur í einni.

Hvað liggur honum á hjarta? Hann grípur til þess ráðs að sviðsetja sjálfan sig að hluta í verkinu: miðja heimins er París og hann er þar staddur í enn þrengri brennipunkti: andlegt líferni latínuhverfisins er að sönnu fyrirferðarmest efni í bréfinu og hin áleitna spurning hvernig andlegar skammvinnar tískubólur í hugmyndasamkeppni franskra fræðimanna gátu dreifst yfir allan hinn menntaða heim, Ekki er ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur: Sartre, Levi-Strauss, Althusser, Barthes, Foucoult, Derrida og Lacan eru dæmdir úr leik. Flestir





**BÓKMENNTIR**

**Bréf til Maríu**

Höfundur: Einar Már Jónsson

Útgefandi: Ormstunga

★★★★★

Bréf til Maríu er hressilegur gustur um hjalla mannvísindanna og slær hroll að ýmsum við þann lestur.

áhangenda þeirra eru að mati Einars sporgöngumenn öfgasinna úr stúdentapólitík maóista og trotta. Þetta er nokkuð snöfurmannleg afgreiðsla en víða sannfærandi þó ekki sé hún studd nægilegum tilvitnunum til að hún hafi víðtækt gildi. Flesta þessa áhrifamiklu fræðimenn mannvísinda lærðu menn hér á landi að þekkja af þýðingum og nota jafnvel texta þeirra í verðlaunuðum ritum í þýðingum.

Einar sýnir fram á hvað það allt var varasamt. Ein þessi langa afgreiðsla er aðeins inngangur að úttekt hans á nýlegri bólum, frjálshyggjunni og röksemdum hnattvæðingar í hugsunarhætti. Gott ef það er ekki eitthvað þing hér á landi nú um helgina þar sem spekingar tala fyrir þessu tvennu og mætti Einar vera þar að deila við þá sem telja þjóðríkið liðið lík.

Hvað gerir gömlum ofvita úr Austurbæjarskóla, MR og Svartaskóla gerlegt að henda stórmennum andlegrar hugsunar á haugana sisona: jú, Einar er klassískt menntaður og les sjálfur frumtexta á mörgum tungum. Raunar er einn lokahnykkurinn í ádeilu hans vörn fyrir sígildri menntastefnu þar sem hann hirtir nýmæli í skólun barna og því viðhorfi að íslenska sé annars flokks mál. En maðurinn er með eindæmum vel lesinn, greindur og rökfastur á sitt mál. Mestu skiptir þau að hann les samtíma okkar í sögulegu ljósi, er skyggn á hversu sjálfhverfur hugsunarháttur okkar tíma er á miklu lengra tímaskeiði en við miðum við.

Í huga manns brýst fram söknuður að Einar skuli ekki hafa tekið þátt í opinberri umræðu meira og oftar en í einni bók og fáeinum ritdómum. Rit hans er hrópandi körp lýsing um sveitamennsku og fáfræði okkar sem heima sitja. Líklega verður margt í beittri gagnrýni hans þaggað af þeirri kynslóð sem ólmust hljóp á eftir tískubólunum uppúr 1970 og lengi vel á eftir: falla nú margir tittlingar til jarðar og spörfuglar kveina.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

## HELGARKROSSGÁTAN









Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.gatur.net




# ÞJÓÐHÁTÍÐAR TILBOÐ
# 40% AFSLÁTTUR

## TILBOÐIÐ GILDUR Í 3 DAGA
### FRÁ FIMMTUDEGI TIL LAUGARDAGS

**TEKK**
**COMPANY**

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 10-18 OG LAUGARDAGA KL. 10-16

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS





## STUÐ MILLI STRÍÐA: Hætta skal leik þá... aldrei

**TRYGGVI GUNNARSSON** VILL SJÁ FÓLK LEIKA SÉR Á 17. JÚNÍ



Þegar ég var lítill beið ég allan veturinn eftir sumrinu. Þegar það loks kom fór ég út og kom helst ekki inn aftur fyrr en hausta tók. Á vorin var hlaupið úti í stuttbuxum í fimm gráðu hita því samkvæmt dagatalinu var sumardagurinn fyrsti fyrir heilli viku.

Á sumrin tóku endalaus ævintýri við kringum hesthús Mosfellinga og þó svo ég skemmti mér konunglega voru hestamennirnir ekki ánægðir að sjá mig reyna að hitta tippin á hestunum með hrossaskít. Hestarnir voru heldur ekki ánægðir, sérstaklega þessi sem ég smellhitti í kónginn þannig að hann stökk yfir girðinguna og elti mig um allt hesthúsahverfið.

Á haustin var svo spilaður fótbolti þangað til of dimmt var til að sjá boltann. Þá tók endursköpun stórorrusta síðari heimsstyrjaldarinnar við með tindátum í sandkassanum. Greyin grófust ýmist undir í sprengjuregni eða enduðu úti í runna. Allir nema einn sem varð konungur heimsins. Mamma er enn að finna tindáta í blómabeðunum.

Sumarið var sá tími sem ég lék mér sem mest ég mátti. Lífið hætti að vera alvarlegt og allt sem ekki var gaman beið betri tíma og styttri daga.

Svona upplifa flest börn sumarið. Hversu margir fullorðnir skyldu gera það?

Það er eins og einhvers staðar á leiðinni glatist hæfileikinn að leika sér. Að stoppa í örskotsstund, virða hlutina fyrir sér, búa til sögu bak við þá og hlæja að þeim. Vissulega þarf að borga af lánunum, finna leikskólapláss fyrir börnin, setja köttinn í ormahreinsun og skipta um eldhúsinnréttingu en til hvers að standa í því ef maður gleymir að hafa gaman af lífinu?

Á morgun er 17. júní og ég legg til að allir sem fullorðnir eru fari í skrúðgöngu og geri þá hluti sem öll börn langar að gera en mega ekki. Fáið ykkur þrjá risasnuddusleikjóa, kaupið helíumblöðru og andið að ykkur helíum og talið asnalega, gangið á móti skrúðgöngunni og fyrir alla muni leikið ykkur.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# BT LEIKJATRÖLLIÐ



22”

## MEDION®

6366IS
MEDION RAZOR V
Intel® Core 2 Duo E6400
nVidia GeForce 7900GS - 256 MB
- DVI-I/D-SUB/HD TV-out/incl. HDTV/HDMI
500 GB 7200 rpm SATA 8MB Cache
2048 MB DDR2 vinnsluminni
LightScribe DVD Skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
LAN 10/100 Mbit
IEEE1394/Firewire - DV Ready
MCE Sjónvarpskort og Fjarstýring
Medion Media Bay
Lyklaborð og Mús
-- Hugbúnaður ---
Microsoft Windows Vista Premium
Microsoft Works 8.5

**199.999**

FRÁBÆR KAUPAUKI!

FYLGIR
21.999

MA477
APPLE IPOD NANO 2GB SILFUR

**Intel Core 2 Duo**
Nýjustu borðtölvuörgjörvarnir frá Intel. 40% hraðvirkari. Tölvan getur nú gert marga hluti í einu með nýju tækninni.

**nVidia GeForce 7900GS 256MB**
Aflmikið skjákort fyrir myndvinnslu og tölvuleiki. Gerðu kröfur um það besta.

**2GB Vinnsluminni**
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

**500GB Harður diskur**
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 500GB hörðum disk.

**Windows Vista Premium**
Nýja stýrikerfið frá Microsoft. Öruggara, einfaldara og flottara. Mikið af nýjum möguleikum með Vista.

BT LÁN™

| BT 19.788* | BT 10.801** | BT 7.805*** |
|---|---|---|
| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |

## HARÐUR DISKUR

Seagate

**14.999**

ST3320620A
Seagate Barracuda
500GB SATA2 16MB
7200rpm 16MB cache flýtiminni

## FLAKKARI

SPARAÐU 3.000 KR

**14.999**

~~17.999~~

LACIE

300968E
320GB LACIE F.A. PORSCHE USB2

## HARÐUR DISKUR

Seagate

**9.999**

ST3320620A
Seagate Barracuda 320GB
ATA100 7200rpm
16MB cache flýtiminni

## LYKLABORÐ

Hannað fyrir fartölvur!

Logitech

**9.999**

967684-0106
LOGITECH ALTO
Lyftir fartölvunni í rétta hæð. Útbúið USB tengjum. Passar í fartölvutöskur.

## FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

VAR AÐ LENDA



BAT:NOM1-NSUM7-LA1
FSC AMILO LA1703 AMD
AMD Sempron 3500+
15,4” CrystalView skjár
- 1280 x 768 upplausn
UniChrome Pro skjástýring
512MB DDR2 vinnsluminni (533)
80GB SATA Harður Diskur
Innbyggt þráðlaust net
DVD Skrifari - Dual Layer

Windows Vista Basic
MS Works
WinDVD
Nero 7
Norman Antivirus (3mán)

**69.999**

**AMD Sempron**
Aflmikill örgjörvi frá AMD. Útbúinn PowerNow! Technology.

**Windows Vista Basic**
Nýja stýrikerfið frá Microsoft. Öruggara, einfaldara og flottara. Mikið af nýjum möguleikum með Vista.

**15,4” CrystalView skjár**
Skarpur og bjartur skjár með sérstakri glampavörn. Skjárinn er einn mikilvægasti hluti tölvunnar.

BT LÁN™

| BT 7.056* | BT 3.896** | BT 2.843*** |
|---|---|---|
| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |

# BT LÁN KYNNIR KORTALAUS LÁN



Það hefur aldrei verið auðveldara að næla sér í lán fyrir tölvunni, heimabíóinu, Playstation 3, veggsjónvarpinu eða bara hverju sem er í BT! Þú þarft ekki að eiga kreditkort til að fá greiðslum dreift niður í þægilega mánaðargreiðslu. Við lánum þér í allt að 48 mánuði.

Þetta er jafn auðvelt og að telja uppí 3!

Þarft ekki kreditkort!

1. Þú kemur í BT og segir okkur hvað þig langar í.

Fáðu lánið á 60 sek!

2. Við sækjum um lánið fyrir þig og það tekur aðeins 60 sekúndur að fá það samþykkt.

EKKERT ÚT og ... á mánuði

3. Þú ferð út með bros a vör.

Hámarksupphæð á hvert lán er 300.000 krónur.

**Kl. 21.00**

*Elvar Már Kjartansson opnar sýningu sína „Streets of Bakersfield“ á Vesturveggnum í Skaftfelli Menningarmiðstöð á Seyðisfirði. Elvar er annar í röðinni í sýningarröð Vesturveggsins í sumar en í ár koma þar við sögu listamenn sem vinna á mörkum hljóðs/tónlistar og myndlistar. Í kjölfar opnunar mun hljóðlistamaðurinn Auxpan halda tónleika í Bistróinu. Sérstakur gestur verður tónlistamaðurinn Buck Owens sem dó langt fyrir aldur fram í fyrra.Sýningin mun standa til 4. júlí.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Leikið og sungið á Gljúfrasteini*

Í tilefni þjóðhátíðardagsins mun söngvaskáldið Ólöf Arnalds koma fram á Stofutónleikum í húsi skáldsins að Gljúfrasteini á morgun.

Ólöf flytur lög af plötu sinni Við og við sem kom út hjá 12 Tónum í vor en hún geymir þjóðlagaskotna melódíska popptónlist.

Ólöf hóf tónlistarnám árið 1986 í Tónmenntaskóla Reykjavíkur og lærði þar á fiðlu hjá Hrönn Geirlaugsdóttur. Einnig söng hún hlutverk Kalla í barnaóperunni Kalla og sælgætisgerðinni eftir Hjálmar H. Ragnarsson. Ólöf nam síðar söng undir handleiðslu Ruthar Magnússon í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Hún lauk stúdentsprófi af tónlistarbraut frá Menntaskólanum við Hamrahlíð vorið 2000. Ólöf lauk BA-gráðu í tónsmíðum og nýmiðlun frá Listaháskóla Íslands vorið 2006. Lokaverk hennar, myndbandstónverkið „Eins og sagt er“ var frumsýnt í Íslensku óperunni við mjög góðar undirtektir. Vegna fjölda áskorana var verkið tekið til sýningar um nokkurt skeið í Þjóðmenningarhúsinu í kjölfar sýningar hússins á því á Menningarnótt. Ólöf hefur í gegnum tíðina unnið með mörgum þekktum íslenskum tónlistarmönnum og hljómsveitum. Mætti þar helst nefna Skúla Sverrisson, múm, Slowblow og Mugison.

Sem fyrr hefjast tónleikarnir kl. 16.



SÖNGVASKÁLDIÐ ÓLÖF ARNALDS



**>Ekki missa af...**

síðustu sýningu vetrarins á sagnaverkinu **Svona eru menn** sem sýnt er á söguloftí **Landnámsseturins** í Borgarnesi í kvöld.

Þar segir **Einar Kárason** sögur af félaga sínum, **tónlistarmanninum KK,** sem hlustar af athygli á meðan saga hans er sögð - grípur einstaka sinnum inn í söguna og leikur síðan lög sem hann hefur samið innblásinn af lífsreynslu sinni.

# Paradís Tinnu

„Ég vil sýna raunveruleikann eins og hann er og vil að fólk upplifi tilfinningu og áhrif verka minna,“ segir Tinna Lúðvíksdóttir, listljósmyndari, sem hefur verið boðið að taka þátt í samsýningu fjögurra listakvenna í Lundúnum. Sýningin hefst 29. júní og stendur til 29. júlí, en auk Tinnu sýna listakonur frá Brasilíu, Þýskalandi og Englandi. Sýningin verður í Danielle Arnaud listagalleríinu, sem leggur áherslu á samtímaverk.

Tinna hefur verið búsett í Noregi í fimmtán ár. Hún útskrifaðist frá Listaháskólanum í Bergen árið 2001 og hefur sýnt verk sín víða í Noregi. Hún hefur meðal annars starfað sem ljósmyndari í Noregi og við kvikmyndaframleiðslu.

Yfirskrift sýningarinnar í Lundúnum er „A Private Paradise“.



TINNA LÚÐVÍKSDÓTTIR LISTLJÓSMYNDARI

Gallerieigandinn, Danielle Arnaud, sem er virt á sínu sviði, vildi fá verk á sýninguna sem sýndu túlkun listakvennanna á „einkaparadís”. Tinna setti saman fjórar ljósmyndaseríur fyrir sýninguna, alls tólf myndir, og hefur unnið að verkunum frá áramótum.

„Ég tók myndir á Íslandi, en ég sýni einnig myndir sem ég hef tekið í Noregi. Myndirnar túlka mína einkaparadís og eru meðal annars teknar á Snæfellsnesi,” segir Tinna.

Tinna heldur til Kaíró í Egyptalandi í október þar sem henni hefur einnig verið boðið að taka þátt í sýningu. „Það verður mikið ævintýri að koma þangað,” segir hún.

Upplýsingar um verk Tinnu má finna heimasíðunni: www.tinna.no

bryndisholm@hotmail.com


## SÉRFERÐIR



## Haustsigling á Rín

**25.–30. ágúst**

Yndisleg ferð þar sem dvalið er á góðu hóteli í Andernach við Rín í undurfögru umhverfi. Farið í skoðunarferð um hina stórmerku Köln sem stendur við Rín, m.a. í dómkirkjuna sem var 600 ár í byggingu. Síðan verður farið um borð í skipið mps Statendam sem er glæsilegt hollenskt skip og siglt hina fallegu leið til Königswinter. Þar verður í boði að fara í skoðunarferð upp á Drachenfelsen. Talið er að þar hafi Sigurður Fáfnisbani vegið orminn. Haldið til Boppart sem er mjög skemmtilegur bær og dvalið þar í einn dag. Síðan er borgin Koblenz heimsótt og að því loknu farið aftur til Kölnar. Sama dag er ferðalöngum ekið til Frankfurt Hahn í flug.

**Lágmarksþátttaka er 20 manns**

**Verð á mann í tvíbýli**

**84.900 kr.**

**Innifalið:** Flug með sköttum, allur akstur, gisting í tvær nætur í Andernach ásamt morgun- og kvöldverði, þriggja daga sigling með fullu fæði og einum gala-kvöldverði. Íslensk leiðsögn.

**>> Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100**

Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Express Ferðir, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100


# Tónlistarhátíð við Djúpið

**Tónlistarhátíðin Við Djúpið verður haldin vestur á Ísafirði dagana 18. til 24. júní. Tinna Þorsteinsdóttir veitir henni nú forstöðu. Hefur hátíðin ekki verið stærri í sniðum en á þessu sumri.**

Gestir koma víða að úr heiminum: frá Frakklandi, Danmörku og Bandaríkjunum. Glæsilegir listamenn koma fram á tónleikum og kenna jafnframt á námskeiðum á tímabilinu fyrir lærða og leika.

Þar fer fremstur í flokki hinn heims- og landskunni sellóleikari Erling Blöndal Bengtsson, sem fagnaði fyrr á þessu ári 70 ára starfsafmæli. Mun hann standa fyrir námskeiði fyrir unga tónlistarmenn og er þegar fullbókað á það.

Sérstakur gestur hátíðarinnar er Evan Ziporyn, klarínettuleikari, tónskáld og meðlimur hinar heimsþekktu samtímasveitar Bang on a Can, en hann heldur námskeið þar sem kynnt verður tónlist frá þeirri sælu eyju Balí. Hann er stofnandi sveitarinnar Gamelan Galak Tika, þar sem leikið er á hátt á þriðja tug Gamelan-hljóðfæra. Af þessu tilefni verða sérstaklega flutt inn til landsins Gamelan-hljóðfæri fyrir þátttakendur á námskeiði hans að spreyta sig á og hlustendur að njóta, en það verður að teljast fátítt ef ekki einstakt tækifæri á Íslandi fyrir áhugamenn um tónlist fjarlægra staða. Námskeið er opið öllum áhugasömum: tónskáldum, hljóðfæraleikurum og tónmenntakennurum.

Aðrir sem koma fram eru hinn þjóðþekkti píanóleikari Vovka Stefán Ashkenazy, Davíð Þór Jónsson, spuna-/djass píanóleikari með meiru úr FLÍS-tríóinu, en tríóið kom fram á hátíðinni í fyrra og vakti þá mikla lukku. Einnig mun Tinna Þorsteinsdóttir kenna á námskeiði í samtímatónlist fyrir unga píanónemendur. Skipar því píanóið veigamikinn sess á hátíðinni í sínum fjölbreytileika.

Tónleikarnir eru annar meginþáttur hátíðarinnar: opnunartónleikar verða á þriðjudegi 19. júní kl. 20 í Hamrinum. Þar leikur Erling Blöndal Bengtsson verk eftir Bach, Sibelius, Piatti og Kodaly. Á fimmtudagskvöldinu 21. júní verða lokatónleikar spunapíanónámskeiðs með Davíð Þór Jónssyni og nemendum hans í Edinborgarhúsinu og hefjast kl. 20. Á föstudeginum verða þar tónleikar kl. 20 með þeim Evan Ziporyn, Christine Southworth og Aton. Á laugardeginum kl. 21 gefst landsmönnum nær og fjær kostur á að njóta beinnar útsendingar á Rás 1 með Erling Blöndal Bengtssyni, Vovka Ashkenazy, Evan Ziporyn, Christine Southworth, Tinnu Þorsteinsdóttur og Aton í Hamri. Þar spilar svo Vovka Ashkenazy á hátíðartónleikum á sunnudeginum kl. 16. Auk þessa verða tvennir nemendatónleikar og tvennir hádegistónleikagjörningar með Davíð Þór annars vegar og Aton hins vegar.



**ERLING BLÖNDAL BENGTSSON SELLÓLEIKARI** Hann kemur heim í sinn gamla heimabæ og er tvímælalaust stjarna þessarar metnaðarfullu hátíðar við Djúpið.

Í ár er sú nýjung höfð á, að boðið er upp á tónsmíðanámskeið undir handleiðslu hins unga og efnilega Dana, tónskáldsins Simon Steen-Andersens og tónlistarhópsins Aton, sem mun frumflytja verk eftir hann á sérstökum tónleikum og nemendur á námskeiðinu. Simon Steen-Andersen hefur vakið mikla athygli í heimalandi sínu fyrir frumlega nálgun með hljóðheimi sínum og hefur hlotið fjölda viðurkenninga.

Hátíðin er haldin í samvinnu við tónlistardeild Listaháskóla Íslands, Háskólasetur Vestfjarða, Tónlistarskóla Ísafjarðar og Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar, Edinborgarhúsi. Nýverið hafa tveir splunkunýir flyglar verið teknir í notkun á Ísafirði, í sal Tónlistarskóla Ísafjarðar, Hömrum og nú síðast í nýuppgerðu Edinborgarhúsi sem hátíðin mun njóta góðs af. Ísafjörður verður því iðandi af mannlífi og tónlistarlífi um Jónsmessu, sem að heimamenn og ferðamenn geti notið.

Skráning á hátíðina, sem er nú haldin í fimmta árið í röð, fer vel fram. Enn er hægt að skrá sig á nokkur námskeið, sem eru opin fyrir allt tónlistarfólk á mismunandi stigum náms og atvinnumennsku. Nánari upplýsingar um dagskrána og skráningu er að finna á heimasíðu hátíðarinnar: www.viddjupid.is.

pbb@frettabladid.is



TINNA ÞORSTEINSDÓTTIR PÍANÓLEIKARI

# Ern og dálítið ofvirkur



**LEIKSTJÓRINN DE OLIVEIRA** Gerir kvikmyndir ánægjunnar vegna.

Portúgalski leikstjórinn Manoel de Oliveira lætur ekki aldurinn há sér og er síður en svo sestur í helgan stein þó hann eigi tvö ár í tugina tíu. Í síðustu viku frumsýndi þessi spræki listamaður nýjustu mynd sína í Bandaríkjunum auk þess sem tvö nýleg verk hans voru sýnd hjá stofnuninni Anthology Film Archives, sem sérhæfir sig í varðveislu og rannsóknum á framúrstefnukvikmyndum.

De Oliveira hefur verið elsti leikstjórinn sem skráður er í gagnabanka upplýsingaveitnnar Internet Movie Database síðustu sex árin. Hann er fæddur 1908 og með þeim virkari í bransanum – í gagnabankanum er hann skrifaður fyrir leikstjórn 46 mynda en þá elstu gerði de Oliveira árið 1931. Hann hefur aukinheldur leikið í nokkrum myndum, skrifað handrit, klippt og framleitt ófáar.

De Oliveira á að baki langan og merkan feril en myndir hans hafa afar sjaldan sést hér á landi. Framleiðni hans er með eindæmum en nýjasta myndin ku vera afar metnaðarfull framhaldsmynd Belle de jour sem leikstjórinn Luis Buñuel gerði árið 1967 og skartaði leikurunum Catherine Deneuve og Michel Piccoli. Sá síðarnefndi leikur einnig í þeirri nýjusem er samnefnd þeirri fyrstu.

Haft er eftir de Oliveira að hann leikstýri kvikmyndum ánægjunnar vegna og óháð viðbrögðum gagnrýnenda. Hann lifir einföldu lífi fjarri sviðsljósinu en verk hans hafa hlotið fjölda viðurkenninga. **- khh**

## NÝJAR BÆKUR




Bókaútgáfan Hólar hefur gefið út bókina **Úr steinaríkinu**, eftir **Bjarna E. Guðleifsson**, náttúrufræðing á Möðruvöllum í Hörgárdal. Steinaríkið er víðfeðmasta ríki náttúrunnar; snertir í rauninni alla þætti hennar og því er í bókinni víða komið við. Meðal annars er fjallað um steina, jarðveg, veður, loftlagsbreytingar, auðlindir, vegi, hús, vélar, raforku, vetni og álver, svo eitthvað sé nefnt. Ekki er um eiginlega kennslubók að ræða heldur auðlesinn texta og vangaveltur um ýmsa þætti tengda steinaríkinu. Einnig eru í kverinu teikningar og ljóð tengd hverju viðfangsefni og í sumum tilvikum einnig töflur og kort. Höfundurinn hefur áður gefið út rit um jurtaríkið og dýraríkið undir yfirskriftinni **Náttúruskoðarinn**. Hann hefur starfað við rannsóknir á plötnum og smádýrum við tilraunastöð Rannsóknarstofnunar Landbúnaðarins. Hann hefur einkum fengist við rannsóknir á kalskemmdum og vetrarþoli plantna en einnig rannsakað áhrif mannlegra athafna á smádýralíf í jarðvegi og gróðri. Hann er nú prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

13 14 15 **16** 17 18 19

**Laugardagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 14.00 **Dómkórinn** heldur tónleika í **Grundarfjarðarkirkju** á **Snæfellsnesi**. Á efnisskrá tónleikanna eru íslensk þjóðlög og sálmar, sönglagaflokkur eftir Brahms. Aðgangur er ókeypis en stjórnandi kórsins er **Marteinn H. Friðriksson**.



☐ 16.00 Kórtónleikar í **Reykholtskirkju**. Fram koma **Breiðfirðingakórinn** og finnski kórinn **Karis** ásamt kvennakvartettinn **Alla Breve og Vastkvartetten**, sem er lítill karlakór.

☐ 21.00 Hljómsveitin **Hellvar** heldur tónleika á **Hótel Djúpavík**.

### OPNANIR

☐ 21.00 **Elvar Már Kjartansson** opnar sýningu sína **Streets of Bakersfield** á **Vesturveggnum** í **Skaftfelli Menningarmiðstöð** á **Seyðisfirði**. Elvar er annar í röðinni í sýningarröð Vesturveggsins í sumar en í ár koma þar við sögu listamenn sem vinna á mörkum hljóðs/tónlistar og myndlistar. Í kjölfar opnunar mun hljóðlistamaðurinn **Auxpan** halda tónleika í **Bistróinu**. Sérstakur gestur verður tónlistamaðurinn **Buck Owens** sem dó langt fyrir aldur fram í fyrra.Sýningin mun standa til 4. júlí.

### SÝNINGAR

☐ 11.00 í **Gerðarsafni** í **Kópavogi** stendur yfir sýningin **The Provincialists / Útkjálkamenn**. Þar sýna fjórir norrænir listamenn: **Ane Lan**, **Astri Luihn**, **Madeleine Park** og **Þórdís Alda Sigurðardóttir**. Listamennirnir vinna með ýmsum aðferðum og útfrá ólíkum hugmyndum en eiga það sameiginlegt að búa og starfa utan þeirra stórborga þar sem meginstefnur myndlistar eru ákvarðaðar og myndlistinni er komið á framfæri. Sýningin stendur til 24. júní en safnið er opið alla daga nema mánudaga milli 11 og 17.



☐ 14.00 **Guðmundur Thoroddsen** heldur sína fyrstu einkasýningu í **101 gallery** á **Hverfisgötu**. Á sýningunni eru málverk listamannsins sem gefið hefur sýningunni yfirskriftina **Rjómaísland**. Sýningin er opin þriðjudaga til laugardaga milli 14 og 17 og stendur til 19. júlí.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

☐ 14.00 Sýning **Þuríðar Sigurðardóttir**, **Stóð**, í gallerí **Suðsuðvestur** lýkur um helgina. Viðfangsefni Þuríðar á sýningunni er íslenski hesturinn og býður hún áhorfandanum að taka þátt í rannsókn sinni á tengslum manns og dýrs í gegnum upplifun lita og áferðar feldsins.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


www.ellingsen.is

Himinn og haf / SÍA 9070850




# Njóttu lífsins í Fleetwood Bayside




## Staðalbúnaður

- Saumlaust Fílon®-þak með sambyggðum Rack Track-teinum, engar berar þéttingar
- Vatnsþolnar eldhúsplötur með saumlausum köntum
- Rafhemlar
- Fjórir stuðningsfætur
- Sveif lyftikerfis þægilega sett í mittishæð
- Grjótþolnar TPO-plötur að aftan og framan
- Galvaníseraðar hliðarplötur úr stáli
- Grjót- og vatnsþolið geymsluhólf að framan úr steyptu plasti
- Stálgrind úr holum bitum
- E-Z Lube Axle™ öxull og öflugar Slipper-blaðfjaðrir
- Álfelgur með krómuðum róm og krómaðri miðju
- Gólf og rúmbotnar úr ósamsettum Structurwood-plötum
- Þykkir állistar umhverfis vagn eða rúm
- „Posi-Lock"-lyftikerfi úr ryðfríu stáli
- Hurð með álramma í einu lagi
- Undirstöður sæta með máluðum málmramma
- Áfastir rúmfætur
- Hurðarþrep með innbyggðu geymslurými
- Öryggiskeðjur með pósitífri læsingu
- Nefhjól sem leggst upp
- Varadekk, festing, felgulykill og vínylhlíf fyrir varadekk
- Skiptur Sunbrella® 302 tjalddúkur með gluggaflipum
- Gagnsæir vínylgluggar
- Efri eldhússkápar velta ekki en sveiflast með fullri geymslugetu
- Djúpur postulínsvaskur
- 3 gashellur
- 9 kg LP-gaskútur og vínylhlíf fyrir gasgeymi
- 80 l vatnsgeymir undir gólfi
- Þétt svampdýna með áklæði
- 53 l gasískápur
- 25 ampera straumbreytir með hleðslutæki
- 12 V rafknúin vatnsdæla
- Útiljós á palli
- Vatnsþolið matborð með saumlausum köntum
- Fóðruð tjöld fyrir gluggum og rúmum
- Skrautkappi allan hringinn
- Truma® gashitari
- Truma® vatnshitari

## Útilegukortið




Kaupauki! Öllum Fleetwood fellihýsum fylgir Útilegukortið

Takmarkalausir gistimöguleikar um allt land!

## Aðrar upplýsingar

| | |
|---|---|
| Árgerð | 2007 |
| Rafgeymir | 12 V 115 amp |
| Heildarlengd | 584 cm (12 fet) |
| Heildarbreidd | 226 cm |
| Lengd að innan | 203 cm |
| Eigin þyngd | 1198 kg |
| Heildarþyngd | 1590 kg |

Verðdæmi:

| | |
|---|---|
| Verð | 1.895.000 kr. |
| Útborgun | 200.000 kr. |
| Mánaðargreiðsla | 24.254 kr.* |

*miðast við 84 mánuði




Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is

Opið mánudag-föstudag 8-18
laugardag 10–16

Ellingsen
– fullt hús ævintýra

**Sýningar á söguloft**i

**MR. SKALLAGRÍMSSON**
Júní: 20. kl.20 laus sæti, 29. kl.20 laus sæti
Júlí: 1. kl.15, 1. júlí kl.20 Laus sæti 5. kl.20 laus sæti, 13. kl.20 laus sæti, 14. kl.15, 14. kl. 20
Ágúst: 11. kl.20, 12. kl.20, 18. kl.20, 19. kl.20, 30. kl.20, 31.kl.20 laus sæti

**SVONA ERU MENN** (KK og Einar)
Aukasýning 16. júní kl. 20

**Leikhústilboð í mat:**
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsinar www.landnamssetur.is

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS




**ÞURÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR MYNDLISTARMAÐUR**

# Síðustu forvöð

Sýning Þuríðar Sigurðardóttur „Stóð“ í gallerí Suðsuðvestur lýkur nú um helgina. Viðfangsefni Þuríðar á sýningunni er íslenski hesturinn og býður hún áhorfandanum að taka þátt í rannsókn sinni á tengslum manns og dýrs í gegnum upplifun lita og áferðar feldsins.

Með því að höfða til löngunarinnar til að klappa mjúkum dýrum verða málverkin nánast ómótstæðileg og um leið koma fram spurningar um málverkið sem miðil. Þaulunnin og tímafrek kallast þau á við listasöguna og vega salt milli hins fígúratífa og abstrakt.

# Upplestur Lárusar kominn út

Svipmyndir nefnist ný útgáfa á tveimur safndiskum, sem komnir eru út frá forlaginu LP-útgáfa og 12 tónar dreifa, sem geyma úrval úr stórum bálki hljóðritana úr safni Ríkisútvarpsins af túlkunum Lárusar Pálssonar leikara. Þar gefur að heyra flutning þessa ástsæla og dáða leikara á ljóðum og sögum, og heyra má brot úr nokkrum leikritum sem hann átti hlut að. Upptökurnar spanna nærri tvo áratugi á ferli Lárusar, þær elstu frá því á fimmta áratug síðustu aldar en þær síðustu voru gerðar skömmu fyrir dauða listamannsins. Saman gefur þetta val fjölbreytta hugmynd um list Lárusar á ýmsum tímum. Magnús Hjálmarsson, tæknimaður Ríkisútvarpsins hefur yfirfarið upptökurnar og unnið eftir þeim stafræn afrit svo að list leikarans fengi notið sín sem best.

Lárus Pálsson fæddist í Reykjavík árið 1914. Hann fór að leika í Menntaskólaleikritum og sótti síðan í slóð Haraldar Björnssonar og Önnu Borg og fór til náms í Kaupmannahöfn við Konunglega leikhúsið á árunum 1934–1937 og lék síðan þar í borg um þriggja ára skeið í nafntoguðum leikflokki. Hann kom þar einnig fram í kvikmynd. Hann sneri heim haustið 1940 og gekk til liðs við Leikfélag Reykjavíkur sem leikari og leikstjóri og breytti verkefnavali félagsins verulega. Starfaði hann þar við mikla aðdáun og vinsældir uns Þjóðleikhúsið tók til starfa vorið 1950 þar sem hann starfaði síðan sem leikari og leikstjóri til dánardags árið 1968 og varð á skammri ævi einn helsti áhrifamaður í íslensku leikhúslífi. Árið 1941 stofnaði Lárus leiklistarskóla sem starfaði um árabil og menntaði marga þá leikara sem síðar létu að sér kveða á íslensku leiksviði frá 1946 langt fram eftir öldinni. Var skóli hans raunar fyrirrennari leiklistarskóla Þjóðleikhússins þar sem Lárus kenndi síðar.

Lárus var ekki aðeins mikilvirkur stjórnandi og metnaðarfullur leikhúsmaður. Hann var afbragðsleikari bæði á sviði og í útvarpi. Hann vann leikgerð að Íslandsklukkunni eftir Halldór Laxness sem var opnunarsýning Þjóðleikhússins og leikin þar með nokkurra ára bili á sjötta áratugnum og er kunn af hljóðritun. Hann var afar virkur upplesari, fór um landið og flutti þá meðal annars stóran hluta Péturs Gauts einn sem aðrir hafa leikið eftir honum. Sem upplesari hafði hann gríðarleg áhrif á opinberan flutning lauss og bundins máls. Einn nemendi hans sem var undir sterkum áhrifum frá lesstíl Lárusar var Óskar Halldórsson sem sagði um Lárus Pálsson að hann hefði verið jafnvígur „á gleðileik og harmleik, en hæst reis list hans í ljóðrænni túlkun og náði þar sérstöðu. Ljóðskynjun hans virtist dýpri og ríkari en annarra, og framsögn hans, mjúk eða sterk, auðug eða einföld, nálgaðist einatt þá fullkomnun að öll önnur umfjöllun textans virtist út í hött.“

Ævisaga Lárusar hefur um langt skeið verið í vinnslu og er Þorvaldur Kristinsson höfundur hennar.

pbb@frettabladid.is



**LEIKLIST** Lárus Pálsson 1914-1968




**LEIKLIST** Svipmyndir geyma úrval af upplestri og flutningi Lárusar fyrir Ríkisútvarpið.


KRINGLU KRÁIN

Karma í kvöld

Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“ GRETTIR

LADDI 6-TUGUR

Mið 20/6 kl. 20 UPPS. Fim 21/6 kl. 20 UPPS. Fös 22/6 kl. 20 UPPS.
Lau 23/6 kl. 20 UPPS. Sun 24/6 kl. 20 UPPS. Fim 28/6 kl. 20 Síðustu sýningar

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is

BORGARLEIKHÚSIÐ





Náttúrufegurð & ró undir jökli

Starfsmannafélög,fyrirtæki og hópar

Tilboð á Hótel Ólafsvík í allt sumar

Gisting kvöldverðarhlaðborð og hvalaskoðun kr 10,000 á mann

Gisting og kvöldverðarhlaðboð kr 8000 á mann
Ath getum útvegað leiðsögumann um nesið fyrir hópa

Tilboð þetta gildir fyrir 10 og fleiri











HÓTEL Ólafsvík

Hótel Ólafsvík • Ólafsbraut 20 • 355 Ólafsvík • Tel: +354 436 1650 • hotelolafsvik@simnet.is • www.hotelolafsvik.is




**HRAFNSEYRI VIÐ NORÐANVERÐAN ARNARFJÖRÐ** Rætt verður um þjóðerni og hnattvæðingu á fæðingarstað Jóns Sigurðssonar um helgina.

# Hnattvæðing á Hrafnseyri

Nú um helgina standa Háskólasetur Vestfjarða og Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri fyrir þjóðhátíðarþingi á Hrafnseyri. Þingið er skipulagt í samvinnu við Evrópufræðastofnun Háskólans á Bifröst, Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og Hugvísindadeild Háskóla Íslands. Hátíðarþingið ber yfirskriftina „Þjóð og hnattvæðing“ og eru nokkrir af virtustu fræðimönnum heims á þessu sviði væntanlegir til Hrafnseyrar til að fjalla um þetta áhugaverða málefni.

Íslensku fyrirlesararnir verða þeir Auðunn Arnórsson blaðamaður, Birgir Hermannsson, stjórnmálafræðingur, Eiríkur Bergmann Einarsson, stjórnmálafræðingur og forstöðumaður Evrópufræðaseturs Háskólans á Bifröst, Guðmundur Hálfdánarson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, og síðast en ekki síst Valdimar Halldórsson, staðarhaldari á Hrafnseyri.

Erlendu fyrirlesararnir eru heldur engir aukvisar á þessu sviði en þau eru Lene Hansen, Liah Greenfeld og Ole Wæver. Lene Hansen er dósent í alþjóðasamskiptum við stjórnmálafræðideild Háskólans í Kaupmannahöfn. Liah Greenfeld er prófessor í stjórnmálafræði við Boston University en hún hefur stundað fræðistörf og kennt við marga virtustu háskóla heims, m.a. Harvard-háskóla. Ole Wæver er prófessor við stjórnmálafræðideild Háskólans í Kaupmannahöfn. Málþingið fer fram á ensku.

Þingið hefst í dag en það fer fram á afar viðeigandi stað, á fæðingarbæ Jóns Sigurðssonar við Arnarfjörð en þar er að finna safn og kapellu til minningar um þann mikla stjórnmálaleiðtoga, vísinda- og fræðimann.

Dagskráin hefst síðan aftur kl. 10 á morgun og stendur til hádegis. Eftir hádegi tekur svo við hátíðardagskrá í tilefni af þjóðhátíðardegi Íslendinga þar sem Þorsteinn Pálsson, ritstjóri Fréttablaðsins, flytur hátíðarræðu dagsins.

Nánari upplýsingar um dagskrá, fyrirlesara og efni fyrirlestra er að finna á vef Háskólasetrs Vestfjarða, www.hsvest.is

# Gömul ógn vofir enn

Stofudramað með endalausum skotum, illindum, pirringi og gömlum leyndarmálum var á sínum tíma svæði fyrir uppreisnarmenn. Inní stofudrama natúralismans var dreginn heimur sem naut ekki hins þaulskipulega byggingarlags sem meistari Ibsen hafði á endanum fullnumið sig í; þangað var dreginn hinn ofsafengni heimur alkóhólisma, barnamorða og sjúklegra sambanda. Hér á landi var það sögulegt hlutverk Jökuls Jakobssonar að ganga að stofudramanu dauðu þótt nokkrir yngri höfundar tækju það upp á sína arma: Vésteinn, Steinunn og Birgir Sigurðsson.

Á heimili sitt boðar Sigtryggur Magnason nú leikhúsgesti og raðar í þröngum stofum Þingholtanna stólum fyrir stofudrama um millistéttarfólk íslenskt – það gæti raunar verið hvar sem úr hinum vestræna heimi og ástleysi þess og harmur verður honum yrkisefni í snotran smáþátt um kunnugleg efni. Við höfum komið hér áður.

Sigtryggur prjónar snoturlega með þrílitt band og dregur mann inní sögu þessa fólks sem býr enn við afturgöngu á heimilinu. Þetta er í bland minnisvarði um Albee og Virginíu Woolf nema það er ekkert drukkið nema gos.

Hann er með dúndurleikara í vinnu: Bergur Þór Ingólfsson setur upp, Ingvar Sigurðsson og Edda Arnljóts leika hjónin og Jörundur Ragnarsson fer snoturlega með sögumannshlutverk sitt, er þriðji maðurinn í þessum þríhyrningi.

Tiltækið að sýna í heimahúsi er óvenjulegt á reykvíska vísu en þekkt víða um lönd. Það er skemmtileg nýjung en leikarastéttin þráir það mest að komast í önnur



SIGTRYGGUR MAGNASON

### LEIKLIST

**Naiv sýnir Yfirvofandi**

Höfundur: Sigtryggur Magnason.
Leikstjóri: Bergur Þór Ingólfsson.

★★★

Snotur sýning á óvenjulegum stað um gamalkunnugt efni.

rými en leikhúsin sjálf, rétt eins og innréttingar og hið ytra rými skipti mestu máli meðan það er innrætting leiksins sjálfs, innrætið sem er sýnt sem er höfuðatriði dramans eins og sagan sýnir.

Þetta er hófstillt og snotur sýning, ekki magnmikil eða þrungin, heldur full af leiða og blindgötuóþreyju. Uns allt springur og áhorfandinn fær hopp í hjartað og hugsar með sér: sjitt að menn skuli ekki hafa fattað hvað Edda Arnljótsdóttir er flínk leikkona orðin eftir langa stöðu í vörn í sóknarliði. En það er ég víst búinn að segja nokkrum sinnum áður.

Sýningin er sjónvarpsdrama, yfirvegað, rétt um klukkutími um margnýtt efni sem leikhúsgestir, bíógestir og sjónvarpsglápar-ar hafa séð mörgum sinnum. En það er fallega byggt upp með alúðarfullri vinnu og bendir ótvírætt til að Sigtryggur eigi að halda áfram skrifa texta fyrir svið.

Leikhópurinn rekur heimasíðu: www.naiv.blog.is. Þar er tilkynnt um frekari sýningarhald.

**Páll Baldvin Baldvinsson**


# Þaulreyndir

Aðeins bestu fáanlegu hráefni eru notuð til matseldar á Vor og er öll matreiðsla í höndum þaulreyndra listakokka.



MÁN.–FIM. 9:30–22:00 | FÖS. 9:30–01:00 | LAU. 11:00–01:00 | SUN. 11:00–22:00
VOR | LAUGAVEGI 24 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 562 2322 | WWW.VOR.IS

**Sumarið 2007 er komið**







22.-24. júní
**Fjölskylduhátíð RSÍ á orlofssvæði rafiðnaðarmanna í Skógarnesi við Apavatn**
Tjaldsvæðið í Skógarnesi er nú betur búið en nokkru sinni fyrr. Golfvöllurinn verður opnaður á hátíðinni.

29. júní
**Spennugolf, golfmót á Strandarvelli við Hellu**

**Orlofshús, fellihýsi og tjaldvagnar**
Félagsmönnum stendur til boða 40 orlofshús á 14 stöðum á landinu ásamt íbúðum í Kaupmannahöfn og á Spáni, 2 fellihýsi í Þórsmörk og 11 tjaldvagnar í Reykjavík og á Akureyri. Sjá nánar á rafis.is

ORLOFSSVÆÐI
rafis.is

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS



## > TÍSKUFRÉTTIR

**Reykjavíkurtískunni** voru gerð góð skil um síðustu helgi í New York Times Style Magazine en þar var meðal annars minnst á búðirnar Liborius, KronKron, Kisuna og Belleville. Sagt er í greininni að mikil gróska sé í íslenskri fatahönnun þessa dagana.

**Ný skóbúð NTC**, GS-Skór verður opnuð í Smáralindinni um helgina. Umgjörð búðarinnar er hin glæsilegasta, sem og úrval skótausins.

**Leikkonan Kate Winslet** verður hið nýja andlit snyrtivörumerkisins Lancome og bætist þar í hóp fegurra kvenna eins og Isabellu Rossilini, Ines Sastre og Umu Thurman. Winslet verður í nýjustu auglýsingu ilmvatnsins Trésor.

# stíll

utlit@frettabladid.is





**Flott veski** frá ensku goðsögninni Vivienne Westwood. Fást í allskyns útgáfum í KronKron.



**Dimmbláan jakka** frá Spútnik, Laugavegi. Blazer-jakkinn er án efa sumarjakkinn í ár.

OKKUR LANGAR Í ...



**Töff ökklastígvél** með rúnaðri tá frá Vivienne Westwood, fást í KronKron.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

# *Svalt sumarfrí?*

Ég er ein af þeim sem hrífast meira af tísku hausts og vetrar en sumarsins, þegar mér finnst tískuverslanir fyllast af ósamstæðum og glannalegum litum og efnum sem maður getur ekki beðið eftir að fari á útsölu á haustin. Það er einhvern veginn erfiðara að vera smart á sumrin, en margar konur halda að árstíðin hlýja þýði það að maður eigi að dressa sig frá toppi til táar í túrkisblátt, appelsínugult eða pastelliti. Ég á erfitt með að losna úr viðjum klassískra lita eins og svörtu, hvítu, gráu og beige og held mig við þá sama hvað hitamælirinn segir. Nú fara margir að huga að sumarleyfum erlendis, hvort sem það er í borgarferð (og þá oftast í 30 stiga mollu!) eða við strönd. Ég er einmitt að reyna að endurhugsa fataskápinn fyrir sumarfríið og er að sirka út hina fullkomnu „garderóbu“ sem ætti að henta bæði í stórborg eða á sölum í evrópskum strandbæ. **Sumarið í ár er fyrst og fremst algjört kjólasumar, og þá erum við að tala um þægilega, lausa kjóla með einskonar sixtís-sniði sem ættu að ganga við bókstaflega allt.** (Ég var sérstaklega hrifin af útfærslum Chloé á litla sixtískjólnum eins og á meðfylgjandi mynd). Það er hægt að vera í kjólum á daginn við ballerínuskó, eða já, Converse-strigaskóm ef maður er rokkgella, eða yfir bikiníið á ströndinni við sandala. Talandi um skó þá ættu allar konur að fjárfesta í þægilegum flötum ballerínuskóm og einu stykki „ thong“ sandölum sem fást í skemmtilegum glimmerútgáfum eða jafnvel með semelíusteinum í anda MiuMiu. Stuttbuxur og hnébuxur eru áfram vinsælar í sumar en þær eru fullkomnar í borgarferðina með ermalausum bol og sólgleraugum. Stjörnurnar fara svo ætíð með gríðarstór Pashmina-sjöl í flugvélarnar en það er einkar þægilegt að kúra undir þeim í kaldri loftræstingu. Fyrir ströndina eða exótískari staði þá eru svokallaðir „kaftan“-kjólar (lausir með indversku sniði og síðum ermum) fullkomnir í hitann. Svo er bara að muna að setja SPF 40 á nefið og jafnvel hatt eða slæðu á höfuðið svo að maður komi ekki eins og sveskja heim úr sumarfríinu.





**KVENLEGT** Fallega sniðnar svartar buxur við sexý gegnsæja blússu frá haustlínu Preen.



**KYNÞOKKAFULLUR** Kamellitaður kjóll gerður úr mörgum efnisræmum í anda hönnuðarins Hervé Léger frá sumarlínu Preen. FRÉTTABLAÐIÐ/ AFP



**HINDBERJA-BLEIKT** Skærbleikur og þröngur kjóll við sokkabuxur og ökklastígvél í stíl frá haustlínu Preen.

# Líkaminn til sýnis

Hönnunarparið Thea Bregazzi og Justin Thornton skapaði merkið Preen á síðasta áratugi. Í sumar náði Preen nýjum hæðum með litríkri og þröngri „nineties“-línu og kjólarnir þeirra eru á óskalista allra helstu tískudrósa heims. Bregazzi og Thornton búa í Notting Hill í London og hafa hingað til verið þekkt fyrir jarðarliti og svart og hvítt. Daður þeirra við neonliti kom þeim rækilega á tískukortið í ár og þau eru frumkvöðlar hinnar nýju „ Body-con“ tísku en það þýðir „líkamsmeðvitund“ – sumsé níðþröng föt! Bregazzi fékk innblástur frá hönnuðum eins og Azzedine Alaia og Hervé Léger. „Ég var að hugsa um fyrirsætuna Yasmin Le Bon sirka 1989“ segir hún. Við kjólana, sem eru ýmist í neonbleiku, grænu, gulu eða mjúkum kamellit, eru svo rokkuð ökklastígvél í svipuðum litaafbrigðum. Nú er Preen selt á yfir 120 stöðum um allan heim og haust/vetrarlínan hefur líka fengið margróma lof. Þar gefur að líta kamelfrakka, þrönga kjóla í hindberjableiku og plómurauðu við þykkar sokkabuxur og ökklastígvél. En fyrir þær sem ekki hafa efni á níutíu þúsund króna kjól þá hafa hjónakornin einnig hannað Preen línur fyrir TopShop í London undanfarin tvö ár.

annabjornsson@frettabladid.is



**NÚTÍMALEGUR** Beige-litaður kjóll með skemmtilegu sniði.



**EINFALT OG HVÍTT** Níðþröngur stuttur hvítur kjóll með chiffoni.



**„BODY CON“ KJÓLAR FRÁ PREEN** Fallegir silfurgráir kjólar með dömulegum áherslum og slaufu frá haustlínu Preen. Fást í Trilogiu, Laugavegi 7.





MOON
BATHE
Komið og fagnið með okkur
í Kringlunni laugardaginn 16. júní.
Tilefnið er formleg opnun
fyrstu sérverslunar MAC á Íslandi.
Skákaðu sólinni
á glæstu sumri
með nýrri sýn á fegurðina.
Taktu tunglið fram yfir -
baðaðu þig í merlandi mánaskini.
MAC Kringlunni.

# Allir vilja spila til heiðurs Díönu

Listinn yfir þá söngvara og hljómsveitir sem ætla að koma fram á minningartónleikum um Díönu prinsessu 1. júlí næstkomandi verður sífellt stærri og glæsilegri og í gær bættust Anastacia, Andrea Bocelli, Josh Groban og Fergie úr Black Eyed Peas í hópinn. Hjartnær tíu ár eru liðin frá því að Díana lést í umferðarslysi í París og af því tilefni hafa synir hennar, prinsarnir Vilhjálmur og Harry, skipulagt tónleika sem fram fara á Wembley-leikvanginum. Tónleikarnir verða í raun einn allsherjar söngleikur þar sem listamennirnir koma fram hver í sínu lagi. Enginn annar en Andrew Lloyd Webber sér um stjórn söngleiksins.

Meðal annarra sem hafa boðað komu sína á Wembley þetta kvöld eru Take That, Duran Duran, Bryan Ferry, Rod Stewart, Kanye West og að sjálfsögðu Sir Elton John, sem var náinn trúnaðarvinur Díönu á meðan hún lifði.



**JOSH GROBAN** Gullbarkinn ætlar að heiðra minningu Díönu á Wembley.



**DÍANA PRINSESSA** Tíu ár eru liðin frá því hún lést í umferðarslysi í París.

## Handhafar Grímunnar 2007



**SÝNING ÁRSINS**
**Dagur vonar**
eftir Birgi Sigurðsson í sviðsetningu Leikfélags Reykjavíkur. Leikstjórn annaðist Hilmir Snær Guðnason.

**LEIKSKÁLD ÁRSINS**
**Benedikt Erlingsson**
fyrir einleikinn Mr. Skallagrímsson í sviðsetningu Söguleikhúss Landnámssetursins.

**LEIKSTJÓRI ÁRSINS**
**Benedikt Erlingsson**
fyrir leikstjórn í leiksýningunni Ófögru veröld í sviðsetningu Leikfélags Reykjavíkur.

**LEIKARI ÁRSINS Í AÐALHLUTVERKI**
**Benedikt Erlingsson**
fyrir hlutverk sitt í leiksýningunni Mr. Skallagrímssyni í sviðsetningu Söguleikhúss Landnámssetursins.

**LEIKKONA ÁRSINS Í AÐALHLUTVERKI**
**Sigrún Edda Björnsdóttir**
fyrir hlutverk sitt í leiksýningunni Degi vonar í sviðsetningu Leikfélags Reykjavíkur.

**LEIKARI ÁRSINS Í AUKAHLUTVERKI**
**Þröstur Leó Gunnarsson**
fyrir hlutverk sitt í leiksýningunni Killer Joe í sviðsetningu Leikhússins Skámána.

**LEIKKONA ÁRSINS Í AUKAHLUTVERKI**
**Charlotte Bøving**
fyrir hlutverk sitt í leiksýningunni Ófögru veröld í sviðsetningu Leikfélags Reykjavíkur.

**LEIKMYND ÁRSINS**
**Gretar Reynisson**
fyrir leikmynd í leiksýningunni Ófögru veröld í sviðsetningu Leikfélags Reykjavíkur.

**BÚNINGAR ÁRSINS**
**Þórunn Elísabet Sveinsdóttir**
fyrir búninga í söngleiknum Legi í sviðsetningu Þjóðleikhússins.

**LÝSING ÁRSINS**
**Halldór Örn Óskarsson**
fyrir lýsingu í leiksýningunni Ófögru veröld í sviðsetningu Leikfélags Reykjavíkur.

**TÓNLIST ÁRSINS**
**Hljómsveitin Flís**
fyrir tónlist í söngleiknum Legi í sviðsetningu Þjóðleikhússins.

**SÖNGVARI ÁRSINS**
**Bjarni Thor Kristinsson**
fyrir hlutverk sitt í óperunni Brottnáminu úr kvennabúrinu í sviðsetningu Íslensku óperunnar.

**DANSARI ÁRSINS**
**Erna Ómarsdóttir**
fyrir hlutverk sitt í danssýningunni Mysteries of Love í sviðsetningu Ernu Ómarsdóttur og Jóhanns Jóhannssonar.

**DANSHÖFUNDUR ÁRSINS**
**Erna Ómarsdóttir og Margrét Sara Guðjónsdóttir**
fyrir kóreógrafíu í danssýningunni Mysteries of Love í sviðsetningu Ernu Ómarsdóttur og Jóhanns Jóhannssonar.

**BARNASÝNING ÁRSINS**
**Abbababb!**
eftir Gunnar Lárus Hjálmarsson (Dr. Gunna) í sviðsetningu Leikhópsins Á senunni í samstarfi við Hafnarfjarðarleikhúsið. Tónlist er eftir Gunnar Lárus Hjálmarsson (Dr. Gunna). Leikstjórn annaðist María Reyndal.

**ÚTVARPSVERK ÁRSINS**
**Harún og sagnahafið**
eftir Salman Rushdie í þýðingu Karls Emils Gunnarssonar. Leikstjórn annaðist Guðmundur Ingi Þorvaldsson. Leikendur: Arnar Jónsson, Árni Beinteinn Árnason, Rúnar Freyr Gíslason og Steinn Ármann Magnússon. Tónlist er eftir Axel Árnason. Hljóðsetningu annaðist Björn Eysteinsson.

**HEIÐURSVERÐLAUN LEIKLISTARSAMBANDS ÍSLANDS**
**Leikararnir Herdís Þorvaldsdóttir og Róbert Arnfinnsson** fyrir framúrskarandi ævistarf í þágu leiklistar á Íslandi.








**ABBABABB!** Dr. Gunni, höfundur barnaleikritsins Abbababb, var að vonum ánægður með að hljóta verðlaunin fyrir bestu barnaleiksýninguna. Ásamt honum veittu leikarar og aðstandendur sýningarinnar verðlaununum viðtöku. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Dagur vonar valin best en Benedikt stal senunni

**Gríman, íslensku leiklistarverðlaunin, voru haldin í fimmta sinn í íslensku óperunni í gærkvöldi. Benedikt Erlingsson var óumdeildur sigurvegari kvöldsins.**

Sýningin Dagur vonar hreppti eftirsóttustu verðlaun Grímunnar í gærkvöldi og var kjörin besta sýning ársins. Leikfélag Reykjavíkur setti upp sýninguna, sem er eftir Birgi Sigurðsson, en Hilmir Snær Guðnason leikstýrir. Það var hins vegar áðurnefndur Benedikt sem stal senunni en hann hlaut þrenn verðlaun.

Benedikt var kjörinn leikstjóri ársins fyrir Ófögru veröld, einnig í sviðsetningu Leikfélags Reykjavíkur, og þá hlaut hann tvenn verðlaun fyrir frammistöðu sína í Mr. Skallagrímssyni, sem leikari ársins og leikskáld ársins.

Þetta er í annað sinn sem Benedikt reynist sigursæll á Grímunni en fyrir tveimur árum var hann valinn leikstjóri ársins þegar hann stýrði Draumaleik, sem þá var einnig valin besta sýning ársins. Þetta er í fyrsta sinn sem Hilmir Snær stýrir verðlaunaleiksýningu en hann hefur tvívegis hlotið Grímuna fyrir bestan leik í aðalhlutverki, árið 2003 fyrir Veisluna og í fyrra fyrir frammistöðu sína í sýningunni Ég er mín eigin kona.

Leikararnir Herdís Þorvaldsdóttir og Róbert Arnfinnsson hlutu heiðursverðlaun Leiklistarsambands Íslands í gær fyrir ævistarf sitt í þágu leiklistar á Íslandi. Voru þau hyllt af viðstöddum í Óperunni í gær þegar forseti Íslands, Herra Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti þeim verðlaunin.

Úrslitin í gær komu fáum á óvart og voru í takt við það sem flestir gagnrýnendur höfðu spáð. Dr. Jón Viðar Jónsson leiklistarfræðingur spáði Degi vonar verðlaununum í viðtali við Fréttablaðið fyrir skemmstu og þá hefur Sveinn Einarsson, leikhúsfræðingur og fyrrverandi Þjóðleikhússtjóri, látið hafa eftir sér að Dagur vonar sé í hópi bestu leikrita sem skrifuð hafa verið hér á landi á síðustu árum.

Benedikt hefur hlotið einróma lof fyrir túlkun sína á Agli Skallagrímssyni í leiksýningu sinni sem sýnd er á Landnámssetrinu í Borgarnesi. Benedikt var einmitt upptekinn við leik í sýningunni framan af kvöldi í gær en var fluttur með þyrlu frá Borgarnesi til Reykjavíkur í gærkvöldi. Benedikt mætti á hátíðina í tæka tíð til að taka á móti verðlaunum sínum.

Fyrr á árinu hlaut Benedikt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins sem uppfræðari ársins fyrir Mr. Skallagrímsson. Þá sagði Benedikt að vinsældir verksins kæmu sér mikið á óvart. „Mér datt ekki í hug að svona stór hluti þjóðarinnar hefði þennan Íslendingasagnanörd í sér,“ sagði Benedikt.



**HILMIR SNÆR GUÐNASON** Leikstýrði bestu leiksýningu ársins, Degi vonar eftir Birgi Sigurðsson. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**BENEDIKT ERLINGSSON** Setti upp Mr. Skallagrímsson á Landnámssetrinu í Borgarnesi og sýnir stórbrotinn leik í titilhlutverkinu. Benedikt hlaut þrenn verðlaun í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

# Aðeins meiri gæði




**TÓNLIST**
**Jógvan**
Jógvan
★★★
Besta íslenska Idol/X-Factorplatan til þessa og það frá Færeyingi.

Íslensku Idol/X-Factorplöturnar eru alveg hreint ótrúlegt fyrirbæri. Plöturnar hafa selst misvel en samt virðist trúin á þær alltaf jafn sterk hjá útgefendum þeirra. Hins vegar verður að viðurkennast að plata Jógvans er það langskásta sem kemur hefur út í þessari sérstæðu plötuútgáfu hér á landi og býður upp á örlítið árangursríkari metnað en áður.

Það helsta sem gerir plötu Jógvans betri en forvera hans er að heildarmynd plötunnar er meira spennandi. Útsetningarnar eru vandaðri, jafnvel frjóar, og söngur Jógvans sjálfs, en um hann snýst auðvitað allt heila klabbið, afar lipur. Ég stóð reyndar ekki upp í sætinu mínu og klappaði, né finnst söngurinn vera algjörlega framúrskarandi og á heimsvísu, og mig langar ekkert að fara á stefnumót með þessum ágæta Færeyingi enda hélst sætið mitt alveg skraufþurrt meðan ég hlustaði á plötuna. Jógvan sýnir samt sem áður ágætis takta, hefur fína breidd og fer vel með lögin, þó hann klikki á nokkrum tónum.

Lagavalið heldur samt áfram að vera jafn ófrumlegt. Einfaldlega þekktar ballöður settar í annan ballöðubúning. Mætti alveg hugsa út fyrir rammann í þeim efnum. Frumsömdu lögin koma bærilega inn í pakkann og er ákveðna línu að finna á plötunni, frá upphafi til enda, sem gerir þennan fyrrnefnda heildarsvip plötunnar ágætlega sterkan.

Plata þessi áreitir mann á engan hátt, inniheldur engan líklegan ofursmell, hróflar ekki við tónlistarlegum vitum manns eða krefst nokkurs af hlustendanum. Hún er hins vegar besta plata sem Idol/X-Factorstjarna hefur sent frá sér, er fagmannlega unnin, notaleg og líkleg til söluafreka. Veit reyndar ekki alveg hvers ég á að krefjast frá plötum af þessum toga, helst myndi ég vilja að útgáfu þeirra yrði hætt. Eitt annað: Sena verður að fara að leggja meiri metnað í hönnun á plötuumslögum. Þau halda áfram að vera jafn ferlega hugmyndasnauð og ófrumleg að það nær einfaldlega engri átt. Það hlýtur að vera hægt að hafa öðruvísi framhlið á plötu en með einfaldri mynd af söngvaranum, smá photoshop-breytingum og stöfum sem maður finnur í Word.

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**












ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| OCEAN´S 13 | kl. 3:50 - 5:30 - 6:30 - 8 - 9 - 10:40 | 7 | ZODIAC | kl. 6 - 9 | 16 |
| OCEAN´S 13 VIP | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | | BLADES OF GLORY | kl. 1:50 - 3:50 | 12 |
| PIRATES 3 | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 | 10 | ROBINSON ÍSL TAL | kl. 2 - 4 | L |
| PIRATES 3 VIP | kl. 2 | | | | |




AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CODE NAME CLEANER | kl. 4 - 8 - 10 | 10 |
| OCEAN´S 13 | kl. 9 | 7 |
| PIRATES 3 | kl. 6 | 10 |
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 6 | L |
| ROBINSON ÍSL TAL | kl. 4 | L |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| CODE NAME CLEANER | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10 | 10 |
| OCEAN´S 13 DIGITAL | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 7 |
| PIRATES 3 DIGITAL | kl. 2 - 7:20 - 10:30 | 10 |
| ROBINSON ÍSL TAL DIGITAL-3D | kl. 4 | L |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| FANTASTIC FOUR | kl. 2 - 4 - 6 - 8 | L |
| OCEAN'S 13 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| ZODIAC | kl. 10 | 16 |
| GOAL 2 | kl. 2 | L |
| PIRATES 3 | kl. 4 | 7 |







LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 2, 4, 6, 8 og 10-POWER | L |
| HOSTEL 2 | kl. 6, 8 og 10 | 18 |
| THE LAST MIMZY | kl. 2, 4 og 6 | L |
| DELTA FARCE | kl. 8 og 10 | 10 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | kl. 2 og 4 -450 kr.- | L |

www.laugarasbio.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| FANTASTIC FOUR 2 | kl.1.30- 3.40-5.50 -8- 10.10 | |
| FANTASTIC FOUR 2 LÚXUS | kl.1.30- 3.40-5.50 -8- 10.10 | |
| HOSTEL 2 | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 18 |
| THE LAST MIMZY | kl. 1.30 - 3.40 | |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3 | kl. 1.30 - 5 - 9 | 10 |
| SPIDERMAN 3 | kl. 2 - 5 - 8 | 10 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 3 - 6 - 8.20 -10.30 | |
| THE HOAX | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| 28 WEEKS LATER | kl. 3 - 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| FRACTURE | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| THE PAINTED VEIL | kl. 3 - 5.30 | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| HOSTEL 2 | kl. 8 - 10 | 18 |
| THE INVISIBLE | kl. 4 - 6 - 10.30 | 16 |
| 28 WEEKS LATER | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE LIVES OF OTHERS | kl. 5.30 - 8 | 14 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| HOSTEL 2 | kl. 8 - 10 | 18 |
| SPIDERMAN 3 | kl. 4 | 10 |

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíói merktar með rauðu


# Íslenskir veitingastaðir of dýrir

Reykjavík býður upp á allt of dýra veitingastaði að mati bandarísks blaðamanns sem ferðaðist nýlega um landið. Jonathan Finer skrifaði um reynslu sína á vefsíðu Miami Herald og sagði Reykjavík bjóða upp á þá dýrustu veitingastaði sem hann hefði nokkurn tíma séð. Viðmiðin voru borgir sem hann hafði nýlega heimsótt eins og Hong Kong, Tokyo, Dubai, New York og London.

„Það var sama hvert við fórum, alls staðar endurtók sagan sig. Rákumst til dæmis á fiskihlaðborð með ógirnilegum humri á sama verði og olíutunna!“ segir Finer hneykslaður í greininni.



**SÆGREIFINN** Blaðamaðurinn bandaríski John Finer var ánægður með gæði og verð á tveimur veitingastöðum.

Hann var þó alls ekki óánægður með allt enda sagðist hann hafa fundið tvo góða veitingastaði í Reykjavík þar sem verðskráin var ekki svo sjokkerandi. Fyrst lá leið hans á Sægreifann þar sem hann snæddi hrefnukjöt og humarsúpu sæll og glaður. Daginn eftir var honum bent á að bestu borgarana í bænum fengi hann á Hamborgarabúllunni. Honum þóttu báðir staðirnir þrælfínir og sagði hann Búlluna hafa staðið vel undir væntingum. Í lok greinarinnar sagði hann: „Ísland er að sjálfsögðu miklu meira en matur. En þegar allt kemur til alls er fátt sem toppar góðan mat á sanngjörnu verði. Með því að leggja okkur svolítið fram fundum við tvo slíka staði.“

# Frosti og Þröstur hættir í Mínus

**Gítarleikarinn Frosti Logason og bassaleikarinn Þröstur Jónsson eru hættir í rokksveitinni Mínus. Í stað Þrastar hefur verið ráðinn Sigurður Oddsson, söngvari Future Future, en enginn gítarleikari verður ráðinn í stað Frosta.**



**MÍNUS** Rokksveitin Mínus hefur misst tvo máttarstólpa úr sínum herbúðum, þá Frosta Logason og Þröst Jónsson.

„Samstarfið hjá okkur er orðið dautt einhvern veginn og það er langt síðan það varð þannig,“ segir Frosti Logason, sem er einn af stofnendum Mínuss. „Ég var sjálfur með þær hugmyndir að sigla þessu fleyi í höfn og segja þetta gott. Þröstur var sammála því en hinir ekki. Ég ber virðingu fyrir því ef þeir vilja halda áfram en ég vil ekki hjakkast í þessu lengur. Það er mjög jákvætt að það sé gerð breyting fyrir alla sem að málinu komu en að halda áfram með ástandið óbreytt hefði bara verið áframhaldandi moð.“

### Ekki vinir í mörg ár

Aðeins eru nokkrar vikur liðnar síðan fjórða hljóðversplata Mínuss, The Great Northern Whalekill, kom út og því koma tíðindin mjög á óvart. „Það var búið að taka langan tíma að gera plötuna og koma henni í framkvæmd og það hefði verið leiðinlegt að hætta án þess að klára hana með allt þetta ókláraða efni sem við áttum. Meiningin var að fylgja þessu eftir en við erum búnir að ræða þetta mál og eftir þær samræður langaði þá að halda áfram. Við skiljum í mesta bróðerni en við höfum ekki verið vinir í mörg, mörg ár. Við höngum ekkert saman og erum búnir að láta þetta ganga mikið lengur en eðlilegt er.“

### Kominn yfir söknuðinn

Aðspurður segist Frosti ekki sakna Mínuss eftir öll þessi ár. „Við áttum mjög góðan tíma fyrir nokkrum árum en þetta er bara svo löngu búið. Maður er fyrir löngu kominn yfir þann söknuð.“

### Vítamínsprauta í rassinn

Söngvarinn Krummi segir að það sé bæði erfitt og skrítið að kveðja þá Frosta og Þröst en telur að spennandi hlutir séu framundan. „Það hefði verið hálfgerð synd að leggja niður bandið. Við erum nýbúnir að gefa út plötu og allt það og okkur fannst eðlilegast að halda áfram. Það var mjög mikill metnaður fyrir því,“ segir Krummi, sem býst við breytingum á stefnu sveitarinnar. „Þetta er eins og ein góð og feit vítamínsprauta í rassgatið að fá nýjan meðlim og leyfa bandinu að þróast í nýja átt.“

### Útgáfa erlendis í haust

Næst á dagskrá hjá Mínus er upphitun fyrir bandarísku dauðarokksveitina Cannibal Corpse á Nasa hinn 30. júní. Í haust er síðan stefnan sett á að gefa nýju plötuna út erlendis og fylgja henni þar eftir.

freyr@frettabladid.is







# Fá fjórar stjörnur

Hljómsveitirnar Benni Hemm Hemm og Stórsveit Nix Noltes fá fjórar stjörnur af fimm mögulegum á heimasíðunni musicomh.com fyrir frammistöðu sína á tónleikum á staðnum Catch í London.

„Það er svona tónlist sem vex inni í þér eins og sú hlýja tilfinning sem þú færð þegar einhver sem þú hefur áhuga á brosir til þín í lestinni á leiðinni heim,“ segir í umsögninni um Benna Hemm Hemm. Tónlist Stórsveitar Nix Noltes er lýst sem blöndu af sígaunapönki með íslenskum þjóðlagaáhrifum sem ná aftur fyrir þann tíma sem Emilíana Torrini kom fram á sjónarsviðið.

„London þarf á fleiri hljómsveitum eins og Benna Hemm Hemm og Stórsveit Nix Noltes á að halda til að matreiða fyrir sig svona fína rétti og kenna okkur Bretum hvernig á að njóta oftar svona góðrar tónlistar.“



**STÓRSVEIT NIX NOLTES** Hljómsveitirnar Benni Hemm Hemm og Stórsveit Nix Noltes fá góða dóma fyrir frammistöðu sína í London.

# Syngur fyrir Kínverja

Helga Dýrfinna Magnúsdóttir, 23 ára gömul Kópavogsmær, tekur þátt í Miss Tourism í ár. Keppnin fer fram í Kína og leggur Helga uppí langferðina í byrjun júlí. „Ég tók þátt í Hawaiian Tropic-keppninni og lenti þar í öðru sæti. Upphaflega stóð síðan til að ég færi til Las Vegas en þegar það datt uppfyrir stakk Ásdís Rán Gunnarsdóttir uppá því að ég tæki þátt í þessari keppni,“ útskýrir Helga sem var að vonum spennt fyrir ferðinni. „Mér líst alveg rosalega vel á þetta enda hef ég aldrei áður komið til Kína,“ bætir hún við.

Helga ætti að vera sjóuð í keppnum því hún hefur verið nokkuð iðin við kolann við að koma sér á framfæri. Hún hefur tvívegis tekið þátt í Ungfrú Reykjavík og svo prófaði hún að syngja fyrir hina harðskeyttu dómnefnd í Idol-leit Stöðvar 2. Keyrði alla leið til Akureyrar eftir að hafa misst af inntökuprófunum í höfuðborginni. „Ég hef verið að læra söng en tókst ekki að yfirbuga stressið sem fylgir því að syngja fyrir framan myndavélarnar,“ útskýrir Helga sem hefur þó ekki lagt sönginn á hilluna því hún hyggst þenja raddböndin fyrir dómefndina í Kína en þátttakendur reyna með sér í hæfileikakeppni. „Ég hef verið að bræða það með mér að syngja Somewhere Over the Rainbow,“ segir Helga. - fgg

**FJÖLHÆF** Helga hefur tvívegis tekið þátt í Ungfrú Reykjavík og reyndi einu sinni við Idol-leit Stöðvar 2.



# Ein milljón eintaka seld

Rúmlega ein milljón eintaka af Playstation 3-leikjatölvunni hefur selst í Evrópu og Ástralíu. Milljónasta eintakið seldist eftir níu og hálfa viku, sem er betri árangur en Sony náði með fyrstu tveimur Playstation-tölvunun.



**PLAYSTATION 3** Leikjatölvan hefur náð miklum vinsældum víðs vegar um heiminn.

Þrátt fyrir að Playstation 3 hafi komið út í Japan í nóvember á síðasta ári hefur leikjatölvan næstum því selst í milljónum eintaka á því svæði. Í Norður-Ameríku hefur tölvan selst í yfir 1,3 milljónum eintaka. Leikurinn Resistance: Fall of Man hefur selst í 600 þúsund eintökum í Evrópu og Motorstorm í yfir hálfri milljón.



**CHOW YUN-FAT** Atriði með leikaranum voru klippt út í Kína.

# Klipptur út út í Kína

Kínversk yfirvöld hafa klippt í burtu helming atriðanna með kínverska leikaranum Chow Yun-Fat úr framhaldsmyndinni Pirates of the Caribbean. Ástæðan er sú að þau eru talin móðga kínverskan almenning.

Chow Yun-Fat kemur aðeins fram í tíu mínútur í kínversku útgáfunni í stað þeirra tuttugu mínútna sem eru í upprunalegu útgáfunni. Yfirvöldin vildu ekki gefa frekari ástæður fyrir aðgerðum sínum en kínverska tímaritið Popular Cinema hefur skýringuna á reiðum höndum: „Sjóræninginn sem Chow leikur er sköllóttur, óróttur með langt skegg og langar neglur. Þessi ímynd er í takt við hugmyndir Hollywood um að gera Kínverja að illmennum.“



## > Besti dómarinn



Jóhannes Valgeirsson dæmdi stórviðureign KR og FH í fyrrakvöld með stakri prýði og fékk átta í einkunn hjá Fréttablaðinu fyrir frammistöðu sína.

## > Bestu ummælin

„Það er enn helvíti súrt að tapa þessu. Við áttum svo mikið af dauðafærum í fyrri hálfleik að það var ferlega súrt að nýta þau ekki. Ég kalla það óheppni en vissulega hefur það eitthvað með getu að gera,“ sagði Teitur Þórðarson í viðtali við Sýn eftir leik KR og FH.



# sport

sport@frettabladid.is

**6. UMFERÐ LANDSBANKADEILDAR KARLA:** FH HELDUR UPPTEKNUM HÆTTI

# *Getur eitthvert lið stöðvað meistarana?*

FH heldur fjögurra stiga forystu á toppi Landsbankadeildarinnar. KR var engin fyrirstaða í Vesturbænum þar sem FH vann rétt eins og síðustu ár. Jafnteflið gegn Fylki í 5. umferðinni hafði engin áhrif á FH-liðið sem mætti vel stemmt til KR-leiksins.

Valur og Keflavík eru þau lið sem flestir knattspyrnuunnendur binda vonir við að elti FH og nái að stríða þeim svo mótið klárist ekki fyrir verslunarmannahelgi eina ferðina enn. Bæði lið unnu og sýndu lipur tilþrif í sóknarleiknum.

KR og Fram eru búin að skilja sig frá öðrum liðum á botninum og bræðurnir Teitur og Ólafur Þórðarsynir sitja í heitustu þjálfarastólum landsins þó klárlega sé heitara undir Teiti en Ólafi.

Blikar unnu sinn fyrsta leik í sumar og Fylkir er kannski það lið sem byrjar best án þess að fólk taki eitthvað sérstaklega eftir því en Fylkir er aðeins fimm stigum á eftir FH og mjakar sér hægt og rólega upp töfluna.




## TÖLURNAR TALA

**Flest skot:** 16, Breiðablik
**Flest skot á mark:** 11, Breiðablik
**Fæst skot:** 6, HK
**Besta skotnýting:** Valur, 23 %
**Hæsta meðale.:** Breiðabl., 6,91
**Lægsta meðaleink.:** Vík., 3,77
**Grófasta liðið:** Fram, 18 brot
**Prúðasta liðið:** KR, 8 brot

**Fjöldi áhorfenda:** 6.068
Stórleikur KR og FH dró að sér flesta áhorfendur í sjöttu umferðinni, 2.238 talsins. Annars var umferðin vel sótt ef litið er á hana í sögulegu samhengi. Á síðustu sjö árum hefur sjötta umferð mótsins aðeins einu sinni verið betur sótt en það var fyrir tveimur árum.



**ALFREÐ GÍSLASON** Stýrir landsliðinu hugsanlega í síðasta skipti á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Styttist í stórleik Íslands og Serbíu í handbolta:

# Arnór kannski í hópnum

**HANDBOLTI** Síðari leikur Íslands og Serbíu um laust sæti á EM í Noregi í janúar fer fram í Laugardalshöll á sunnudag og er þegar orðið uppselt. Serbarnir unnu fyrri leikinn ytra með einu marki og því erfitt verkefni sem bíður landsliðsins.

Arnór Atlason hefur verið að æfa með liðinu síðustu daga en hann var ekki með úti í Serbíu og eru nú einhverjar líkur á því að hann verði í hópnum. Alexander Petersson fékk högg á hnéð á æfingu í fyrradag en ætti að verða klár á morgun. Aðrir eru heilir.

„Það er mikil stemning í mannskapnum og undirbúningur hefur gengið vel. Það er hugur í mannskapnum og við ætlum okkur að klára verkefnið og við treystum á stuðning áhorfenda í Höllinni,“ sagði Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari, sem er hugsanlega að stýra landsliðinu í síðasta skipti á morgun. - hbg

# Það vilja allir vinna okkur

**Ásgeir Gunnar Ásgeirsson er leikmaður 6. umferðar Landsbankadeildar karla hjá Fréttablaðinu. Ásgeir átti frábæran leik á miðju FH sem vann KR 2-0.**

**FÓTBOLTI** Ásgeir Gunnar Ásgeirsson starfar sem sölumaður hjá Góu-Lindu í sumar en stundar þar að auki tannlæknanám. „Það er kannski smá kaldhæðni í því að vera að selja nammi og vera svo í tannlækningum,“ sagði Ásgeir í léttum tón en hann skoraði fyrra mark FH í 2-0 sigrinum á KR.

„Mér fannst þetta verðskuldaður sigur. Við vissum að þeir ætluðu að selja sig dýrt en væru líka brothættir. Við urðum svolítið værukærir eftir að við komumst yfir og seinni hálfleikur var frekar bragðdaufur. Hann var frekar þægilegur, mér fannst þeir ekki vera að gera neitt,“ sagði Ásgeir.

Margir einblína á KR og stöðu þess þegar deildin er skoðuð og þá gleymist oft að hampa Íslandsmeisturunum, sem hafa spilað frábærlega. „Það tekur bara pressuna af okkur, ég held að það sé bara fínt. Það eru allir sem vilja vinna okkur. Menn koma ákveðnari til leiks gegn okkur eins og hefur verið með KR í gegnum árin,“ sagði Ásgeir.



**MARKINU FAGNAÐ** Ásgeir Gunnar fagnar markinu með Frey Bjarnasyni, sem líst greinilega ekkert á að fá félaga sinn í fangið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hlutverk þessa frábæra miðjumanns vill oft gleymast. Ásgeir er máttarstólpi í FH-liðinu en hefur ekki alltaf verið í sviðsljósinu. Ásgeir er vitanlega ánægður með tímabilið hjá meisturunum fram að þessu. „Mórallinn er frábær og sjálfstraustið er líka gott eins og sést í leikjunum,“ sagði Ásgeir.

Hann meiddist á hné í janúar og missti af öllu undirbúningstímabilinu. „Þetta eru álagsmeiðsli í hnénu. Ég finn alltaf fyrir þessu en læt þetta ekki hafa nein áhrif á minn leik. Þetta jafnar sig líklega ekki alveg meðan maður þjösnast á þessu,“ sagði Ásgeir Gunnar Ásgeirsson. hjalti@frettabladid.is

FRÁBÆR ÆVINTÝRAMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA!




NÝ LEYNDARMÁL - NÝR MÁTTUR - ENGAR REGLUR

600 kall
meðan myndin er í sýningum!

MasterCard

MasterCard korthafar fá miðann á þessa skemmtilegu fjölskyldumynd á aðeins 600 kr. meðan myndin er sýnd, greiði þeir með kortinu. Myndin er sýnd í Laugarásbíói og Smárabíói.

LAUGARÁS BÍÓ Komin í bíó! SMÁRA BÍÓ

Meira á www.kreditkort.is/klubbar



**GUÐMUNDUR** Fagnar hér marki sínu gegn KR í fyrrakvöld ásamt Ásgeiri Gunnari Ásgeirssyni og Dennis Siim. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Guðmundur Sævarsson duglegur að skora gegn KR:

# Meira en helmingur markanna gegn KR

**FÓTBOLTI** Guðmundur Sævarsson, bakvörðurinn knái í FH, skoraði í fyrrakvöld annað mark sinna manna gegn KR í Vesturbænum. Það var hans ellefta mark í efstu deild á ferlinum en þar af hefur hann skorað sex þeirra á móti KR. Guðmundur skoraði þrennu í 7-0 sigrinum fræga á Kaplakrikavelli í lokaleik umferðarinnar 2002 og þar að auki hefur hann skorað þrívegis í Vesturbænum.

„Ég held nú að liðinu öllu líði yfirleitt vel í Vesturbænum,“ sagði hann aðspurður um hverju þetta sætti. „Ég legg svo sem enga sérstaka áherslu á að skora gegn KR,“ bætti hann við.

Markið í fyrrakvöld skoraði hann þar að auki með skalla sem þykir heldur óvenjulegt. „Ég man nú ekki hvenær ég skoraði síðast með skalla. Ég held samt að það hafi einhvern tímann gerst áður í meistaraflokki,“ sagði hann.

Hann er þó alls ekki óvanur því að skora mörk því hann lék sem framherji í gegnum alla yngri flokkana hjá FH. Þótti hann markheppinn með eindæmum.

Guðmundur spilaði sitt fyrsta tímabil í efstu deild árið 2001. „Ég spilaði sem bakvörður í 2-3 leikjum þegar Hilmar Björnsson meiddist en annars lék ég fyrst og fremst á hægri kantinum þessi fyrstu ár í deildinni. Það var svo árið 2004 sem ég fór í bakvörðinn. Mér líkar vel þar og þar að auki gefur þjálfarinn mér leyfi til að sækja aðeins fram á völlinn,“ sagði hann.

Hann er vitanlega sáttur við árangur FH-liðsins til þessa á mótinu og segir að það stefni að sínum fjórða Íslandsmeistaratitli í röð. „Ég held að við hefðum vel sætt okkur við þessa góðu byrjun fyrir mót.“ - esá



**MEISTARAR** Tim Duncan og Tony Parker fagna titlinum. NORDICPHOTOS/AFP

San Antonio NBA meistari:

# Spurs sópaði Cleveland

**NBA** San Antonio tryggði sér fjórða NBA-titil sinn á níu árum í fyrrinótt eftir 83-82 sigur á Cleveland. Spurs sópaði einvíginu 4-0 og leikmenn Cavs, með LeBron James í broddi fylkingar, sáu aldrei til sólar.

Frakkinn Tony Parker var valinn verðmætasti leikmaður úrslitanna og þegar fáni þjóðar hans var kominn yfir axlirnar sagði hann að þetta væri „draumi líkast. Ég vil ekki vakna.“

„Ég þreytist aldrei á að vinna titla, þetta er líklega sá sætasti hingað til,“ sagði Duncan. - hþh

Joshua Helm:

# Kominn í KR

**KÖRFUBOLTI Körfuknattleiksdeild KR hefur fengið góðan liðsstyrk en Joshua Helm hefur samið við félagið. Hann var valinn besti erlendi leikmaður úrvalsdeildarinnar þegar hann lék með KFÍ fyrir tveimur árum þar sem hann skoraði 37,2 stig að meðaltali í leik.**

**Tyson Pattersson verður ekki áfram hjá KR en auk Joshua hefur Jovan Zdravevski samið við KR.** - hþh

# Ótrúlegt verð

*Frí samsetning og heimsending á öllum grillum á stórhöfuðborgar-svæðinu og á Akureyri*



27% AFSLÁTTUR

## Sterling 1716

- 11.4kW / 48,000 BTU Dual H™ brennari úr ryðfríu stáli
- 3742cm² - heildar umfang með hliðarborðum/hellu
- Porselín húðaðar járngrindur til eldunar
- Porselín húðað Flav-R-Wave™ eldunarkerfi
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Lineral Flow™ gasventlar
- Sure-Light™ rafeinda kveikjukerfi
- Hágæða Perma-Mold XL™ niðurfellanleg hliðarborð með áhalda-krókum

TILBOÐ 21.999kr

Verð áður 29.999,-

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



36% AFSLÁTTUR

## Sterling 1104

- 8.7kW / 30,000 BTU I-brennari úr ryðfríu stáli
- 2710cm² - heildar umfang með hliðarborðum/hellu
- 1677cm² - án hliðarborðs/hellu
- Porselín húðaðar járngrindur til eldunar
- Porselín húðað Flav-R-Wave™ eldunarkerfi
- 1Lineral Flow™ gasventlar
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Innbyggður hitamælir
- Hágæða Perma-Mold XL™ niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum
- 18 cm / 7" hjól

TILBOÐ 15.999kr

Verð áður 24.999,-



25% AFSLÁTTUR

## Grandhall Premium 327

- Hitamælir í loki
- Slá fyrir viskustykki
- Hitaplata úr pottjárni
- Elektrónísk kveikja
- Mót fyrir gaskút í skáp, heldur gaskútnum stöðugum
- Stál með háglansandi grafítáferð
- 5 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli
- Hliðarbrennari úr steyptu brassi, 4,5kWh (15.000BTU)
- Heildargeta 22kWh (75.000 BTU)
- Eldunargrindur úr massífu ryðfríu stáli
- Eldtemjarar úr pottjárni
- Breidd: 169 cm, dýpt: 66 cm, hæð: 122 cm

TILBOÐ 74.900kr

Verð áður 99.900,-

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



30% AFSLÁTTUR

## Grandhall Freedom 326S

- 5 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli 17,8 kwh (61.000BTU)
- Bakbrennari með sér stillingu 4,2 kwh (14.000BTU)
- Heildargeta 22kwh (75.000BTU)
- Hitaplata úr pottjárni
- Hitamælir
- Eldtemjarar
- Elektrónísk kveikja
- Tvöfaldur skápur með mót fyrir gaskút
- Hægt að taka hliðarborð af
- Breidd: 163 sm, dýpt: 66 sm, hæð: 122 sm

TILBOÐ 104.900kr

Verð áður 149.900,-

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



49.999kr GOTT VERÐ

## BBQ Master 2300

- Brennari: 3 brennarar úr ryðfríu stáli með sér stillingum hver
- Heildargeta: 9kwh/30.000 BTU
- Eldtemjari úr ryðfríu stáli
- Grindur: Eldunargrindur úr gegnheilu pottjárni
- Grillflötur: 55 x 43 cm, hitaplata 55 x 19 cm
- Efri grind: 55 x 13 cm
- Tvöfalt lok úr ryðfríu stáli, innbyggður hitamælir
- Snúnings grillteinn
- Rafeinda kveikja
- Útdraganleg hliðarborð
- Breidd: 149 cm. Dýpt: 60 cm
- Læsanleg hjól
- Yfirbreiðsla fylgir

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



24% AFSLÁTTUR

## Grandhall Elite 791

- Hitamælir í loki
- Hitaplata úr pottjárni
- Rafeindakveikja
- 6 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli
- Hliðarbrennari úr steyptu brassi, 4,5 kWh (15.000BTU)
- Bakbrennari, 3,8 kWh (13.000BTU)
- 27,6kWh (94.000 BTU) heildargeta
- Eldunargrindur úr massífu ryðfríu stáli
- Eldtemjarar úr ryðfríu stáli
- Snúnings grillteinn úr ryðfríu stáli, 240V mótor
- Læsanleg hjól
- Yfirbreiðsla fylgir

TILBOÐ 189.900kr

Verð áður 249.900,-

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

Gildir til og með 17. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

*Skemmtilegast að versla*






# Raunhæft að stefna á sigur

**Íslenska kvennalandsliðið mætir því franska í undankeppni EM á Laugardalsvelli í dag. Frakkar hafa á að skipa einu besta liði heims en landsliðsþjálfarinn er bjartsýnn fyrir leikinn. Hann segir að varnarleikurinn verði í fyrirrúmi.**

**FÓTBOLTI** Franska landsliðið hefur unnið báða leiki sína í riðlinum 6-0 og situr í sæti númer 7 á styrkleikalista FIFA. Ísland er í 21. sæti. Landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson er þó hvergi banginn fyrir leikinn.

„Það er raunhæft að stefna á sigur, en þetta verður mjög erfiður leikur. Frakkar eru sterk þjóð en það má ekki gleyma því að við erum líka með marga leikmenn sem eru framúrskarandi á alþjóðlegan mælikvarða,“ sagði Sigurður.

„Frakkar spila mjög góða knattspyrnu, þær halda boltanum vel og spila skemmtilega. Þær eru með nokkra mjög fljóta leikmenn, meðal annars eina allra fljótustu stelpu sem ég hef séð. Við þurfum að hafa góðar gætur á þeim því þær eru sterkar sóknarlega. Ef við spilum þéttan varnarleik og beitum öguðum skyndisóknum eigum við eftir að fá okkar færi. Þau þurfum við að nýta og þá eigum við fulla möguleika á að vinna, ég fer ekkert ofan af því,“ sagði Sigurður.

Landsliðsþjálfarinn hefur skoðað lið Frakka vel og meðal annars sá hann leik þeirra gegn Grikkjum. „Ég mun gera leikmönnum mínum ljóst fyrir leikinn hvernig Frakkar spila. Maður sér ákveðna rútínu hjá þeim, við þurfum að vera vakandi fyrir því. Ég hef séð nokkra leiki með þeim á spólum og svo fór ég á leikinn gegn Grikkjum.“

Gegn jafn sterku liði er eðlilegt að landsliðsþjálfarinn leggi áherslu á varnarleikinn. „Við munum leggja áherslu á þéttan varnarleik. Við erum með sterkt lið sóknarlega, liðið hefur skorað í öllum leikjum undir minni stjórn nema einum og við erum að skora meira en tvö mörk að meðaltali í leik. Við erum líka sterk í föstum leikatriðum, það þurfum við að nýta okkur,“ sagði Sigurður.



**ÆFT AF KAPPI** Landsliðsþjálfarinn skokkaði með liðinu á æfingu á Laugardalsvellinum í gær. Hér eru Þóra B. Helgadóttir og Sigurður Ragnar Eyjólfsson á æfingu landsliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í næstu viku mæta Íslendingar Serbum, sem munu auk Frakka keppa við Ísland um laust sæti á EM. „Þessir tveir leikir núna eru gríðarlega mikilvægir fyrir okkur, líklega mikilvægustu leikirnir. Við þurfum á góðum úrslitum á heimavelli að halda,“ sagði þjálfarinn.

hjalti@frettabladid.is

Aðstoðarþjálfari Hearts talar vel um Eggert:

# Í byrjunarliðinu í haust?

**FÓTBOLTI** Stephen Frail, aðstoðarþjálfari Hearts, fer fögrum orðum um unglingalandsliðsmanninn Eggert Gunnþór Jónsson sem er á mála hjá félaginu. Frail vonast til að Eggert fái fleiri tækifæri til að sýna sig á næsta tímabili en hann kom við sögu í fimm leikjum liðsins í vetur.

„Maður sér hversu góður leikmaður hann er þegar orðinn þegar hann spilar með aðalliðinu, jafnvel í æfingaleikjum. Hann er góður íþróttamaður og hefur gott viðhorf. Hann er ávallt tilbúinn til að læra meira og leggja meira á sig. Hann bætir sig í hverjum leik með aðalliðinu og ég hef séð hann standa sig gríðarlega vel með varaliðinu. Stundum hefur hann meiri áhyggjur af því sem aðrir eru að gera í liðinu en að einbeita sér að eigin frammistöðu. Ég vona að hann komi sér almennilega fram á sjónarsviðið á næsta tímabili,“ sagði Frail í samtali við The Scotsman.



**EGGERT GUNNÞÓR** Hefur staðið sig vel hjá Hearts þrátt fyrir ungan aldur en Eggert er nítján ára gamall. FRÉTTABLAÐIÐ/SNS

Fyrr í sumar var það ljóst að Frakkinn Julien Brellier færi frá liðinu og segir greinarhöfundur að Eggert gæti vel fyllt skarð hans á miðjunni.

Frail líkir honum einnig við Theodór Bjarnason hjá Celtic. „Þeir eru báðir gríðarlega hungraðir í árangur.“

- esá

**Klausturhvammur 1**
220 Hafnarfjörður
Tvær íbúðir

Stærð: 306 fm
Fjöldi herbergja: 8
Byggingarár: 1980
Brunabótamat: 38.750.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind






Í DAG kl. 15-16. Verið velkomin!

Verð: 59.900.000

Glæsilegt endaraðhús sem skiptist í tvær íbúðir. Á jarðhæð er 4ra herbergja íbúð sem er mjög góð til útleigu. Aðalíbúðin er einnig 4ra herbergja sem skiptist í tvennar stofur, stórt unglingaherbergi og rúmgott hjónaherbergi ásamt 29fm innbyggðum bílskúr. Húsið að utan er í mjög góðu ástandi. Glæsileg eign sem mikið hefur verði lagt í. Lítið mál er að sameina íbúðirnar tvær aftur saman. Sjón er sögu ríkari.

Brynjar Ingólfsson
Sölufulltrúi
823 1990
brynjar@remax.is



Þórarinn Jónsson
Lögg. fasteignasali
thorarinn@remax.is



RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is



**STUÐNINGUR** Áhorfendur þurfa að flykkjast að baki landsliðinu í dag.

Kvennalandsliðið spilar í dag:

# Allir á völlinn

**FÓTBOLTI** Kvennalandsliðið í knattspyrnu leikur klukkan 14 í dag mjög mikilvægan leik gegn Frökkum í undankeppni EM í knattspyrnu. KSÍ setur markið hátt, stefnan er að bæta aðsóknarmetið á Laugardalsvelli á kvennalandsleik. Aðsóknarmetið er 2.974 manns sem sáu leik Íslands og Englands árið 2005.

„Við vonumst til að sem flestir mæti og styðji okkur, ég hvet alla til að mæta og sjá tvö góð lið mætast,“ sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari og það er ekki annað hægt en að taka undir þau orð. Aðeins 1.000 krónur kostar á leikinn en frítt er fyrir sextán ára og yngri. - hþh



**SAMHELDNI** Myndbandið eykur einnig samheldni en mórallinn í liðinu er frábær, að sögn Sigurðar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Sigurður Ragnar Eyjólfsson:

# Þjóðarstoltið rifið upp

**FÓTBOLTI** Þjálfari kvennalandsliðsins beitir skemmtilegri aðferð til að peppa stelpurnar upp. „Við gerum þetta fyrir alla leiki,“ sagði Sigurður um myndband sem hann sýnir daginn fyrir leik og rétt fyrir upphafsspyrnuna.

„Þetta er orðið hluti af undirbúningi liðsins. Ég er með myndbrot úr íslenskum fótbolta, nú síðast reyndar bara frá kvennalandsliðinu. Það er ætlunin með þessu að kveikja á þjóðarstoltinu, sem reyndar er mikið fyrir. Þetta hefur gefist vel,“ sagði Sigurður en hádramatísk tónlist er undir myndunum sem kveikja neistann í leikmönnum. - hþh



**50 CENT** Hefur oft staðið í ströngu á skrautlegum ferli. NORDICPHOTOS/AFP

50 Cent:

# Ber ekki vitni gegn Iverson

**NBA** Rappstjarnan og sprelligosinn 50 Cent þarf ekki að bera vitni vegna ákæru á hendur Allen Iverson síðar í mánuðinum. Dómari kvað þennan úrskurð í gær en Iverson er gefið að sök að hafa lamið mann í andlitið með flösku.

50 Cent, eða Curtis Jackson III eins og hann heitir réttu nafni, var ekki viðriðinn slagsmálin en hann er náinn vinur öryggisvarða Iverson sem áttu þátt í slagsmálunum. Vegna þessa hefði hann þurft að mæta í réttarsalinn en til þess kom þó ekki. - hþh

Á Spáni er uppi fótur og fit þar sem fjölmiðlar þar í landi bendla Eið Smára við sölu frá Barcelona í sumar:

# Eiður Smári vill annað tímabil til að sanna sig

**FÓTBOLTI** Arnór Guðjohnsen, faðir og umboðsmaður Eiðs Smára, sagði við enska fjölmiðla í gær að Eiður yrði líklega áfram í herbúðum Barcelona á næsta tímabili. Orðalagið var ekki það sterkt að hann útilokaði sölu frá Barcelona en sagði drenginn vera ánægðan hjá Katalóníufélaginu.

Fjölmiðlar á Spáni og Englandi hafa verið duglegir við að orða Eið við félög á borð við Fenerbahce, Newcastle og nú síðast enn og aftur Manchester United. Eiður hefur aldrei farið leynt með dýrkun sína á Spáni og Barcelona, sem á þó lokaorðið í framtíð hans.

„Í sannleika sagt hef ég ekki heyrt neitt frá Manchester United. Þetta eru bara vangaveltur. Ég held að Barcelona vilji bíða með sín mál þar til eftir helgina. Þá er kannski hægt að fá skýrari mynd á það sem mun gerast. En á þessu stigi er ekkert að frétta,“ sagði Arnór við Sky-fréttastofuna í gær.

Aðspurður hvort Eiður yrði áfram hjá Barcelona svaraði Arnór: „Líklega. Hann er mjög ánægður hérna. Hann hefur ekki spilað mikið eftir áramót en á meðan Samuel Eto´o var meiddur gerði hann nokkuð vel. Hann vill því fá annað tækifæri á næsta tímabili til að sanna sig enn frekar,“ sagði Arnór Guðjohnsen um málefni landsliðsfyrirliðans. - hþh



**EIÐUR** Hefur ekki þótt standa undir væntingum á meðal kröfuharðra stuðningsmanna Barcelona. NORDICPHOTOS/AFP





Íslensk orkumál og virkjanir – alþjóðleg fyrirmynd í umhverfismálum

Landsvirkjun býður landsmönnum að heimsækja sex stöðvar í sumar þar sem bæði er hægt að kynna sér staðreyndir um umhverfisvæna íslenska orku og skoða fjölbreyttar sýningar um menningu, list og sögu.



„Hvað er með Ásum?“
Ævintýraferð í goðheima fyrir alla fjölskylduna. Goðastyttur Hallsteins Sigurðssonar við texta Árna Björnssonar, þjóðháttafræðings.
**Laxárstöðvar í Aðaldal**



Orka í iðrum jarðar!
Heimsækið gestastofuna í Kröflu, sjáið myndir frá Kröflueldum. Kynnist jarðvarma og orkuvinnslu.
**Kröflustöð í Mývatnssveit**



Kraftverk
Listaverk sem sjaldan hafa komið fyrir almenningssjónir – mörg hver með áhugaverða sögu sem tengist Landsvirkjun og orkumálum. Kjarval, Ásgrímur, Gunnlaugur Blöndal og fleiri.
**Ljósafossstöð við Sog**



Kynnist Kárahnjúkavirkjun!
Upplýsingar um Kárahnjúkaframkvæmdirnar ásamt ferðamennsku og útivist norðan Vatnajökuls. Góður viðkomustaður áður en haldið er upp á Fljótsdalsheiði.
**Végarður í Fljótsdal**



Líf í Þjórsárdal
Ómissandi viðkomustaður á leiðinni inn á Sprengisand og í Veiðivötn.
**Sultartangastöð ofan Þjórsárdals**



Heimsókn í Húnaþing
Kynnið ykkur orkumál og starfsemi Blöndustöðvar í starfsmannahúsi stöðvarinnar.
**Blöndustöð, Húnaþingi**

Kynnist okkur af eigin raun
Heimsækið Landsvirkjun í sumar.
Stöðvarnar eru opnar alla eftirmiðdaga í sumar.

Nánari upplýsingar á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000

Landsvirkjun

PIPAR • SÍA • 71131

## VIN DIESEL

Vin lék fyrst í leikhúsi sjö ára gamall. Hlutverkið hlaut hann fyrir tilviljun þegar hann og vinur hans brutust inn í leikhúsið til að gera prakkarastrik. Starfsmaður greip þá glóðvolga og sendi þá tilbaka með tuttugu dollara, handrit og loforð um að mæta í leikhúsið á hverjum degi eftir skóla. Síðan þá hefur ferillinn legið upp á við og hefur Vin meðal annars leikið í myndinni The Fast and the Furious sem Sjónvarpið sýnir kl. 22.50.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR ER ÁHYGGJUFULL

# *Endalok eðlilegra sjónvarpsþátta*

Ég held að besta sjónvarpsefni í heimi sé þættirnir hans David Attenborough. Reyndar er ég líka alveg sannfærð um að hann sé með besta starf í heimi. Hvað getur mögulega verið betra en að ferðast um heiminn og fræðast um lífríki og dýraríki og fá svimandi háar upphæðir fyrir?

Annars þykir mér nýjustu þættir Attenborough taka ansi mikið á taugarnar. Málið er að kallinn er helst til of upptekinn af loftlagsbreytingum og notar hvert tækifæri til að spila með samvisku áhorfandans. Hann talar mikið um ísbirnina sem eru víst ekki vel settir ef loftslagið hlýnar meira. Þá eru þeir sýndir ganga yfir bráðnandi ís og ég engist um af áhyggjum. Svo fer ég og ætla að kolefnisjafna mig til að leggja eitthvað pínulítið af mörkum fyrir ísbirnina. En neinei, þá þarf maður að eiga bíl til að gera það. Jæja.

Annað sem veldur mér áhyggjum er litli krúttuþátturinn minn Gilmore Girls sem hefur lagt upp laupana. Alveg þykir mér þetta dæmigert. Hann var náttúrulega of fallegur og dásamlegur til þess að geta gengið lengur. Hver nennir að horfa á þátt um krúttlegan bæ þar sem



aðalpersónan er dugleg að læra, með skemmtilegan húmor, góð við afa sinn og ömmu og samviskusöm? Hún er ekki sýnd sofandi hjá slæmum strákum, takandi eiturlyf eða í flegnum bolum og stuttum pilsum. Rory Gilmore er reyndar ein eðlilegasta unglings-kvenhetja í sjónvarpi sem ég man og mjög góð fyrirmynd. Reyndar má segja annað um aðra í þættinum en þeir voru gott skemmtiefni inni á milli.

En auðvitað gengur slíkur þáttur ekki upp í nútíma sjónvarpi. Sjónvarpsáhorfendur eru orðnir svo brenglaðir af öllu framboðinu að þeir hafa ekki þolinmæði í að horfa á eitthvað sem sýnir einhver venjulegheit. Núna nennir fólk ekki að horfa á sjónvarp nema það sé eitthvað krassandi og ennþá betra ef eitthvað viðbjóðslegt kemur á skjáinn sem veldur velgju eða jafnvel martröðum. Helst þarf einhver að éta blóðsugur eða míga á sig og þá er þetta fyrst orðið áhorfanlegt! Gott væri líka að það sæjust í eitt stykki barm, nærbuxur eða jafnvel bara klof og ekki væri verra ef upp kæmi blóðugur slagur sem ylli martröðum næsta mánuðinn. Og jú heimur versnandi fer.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.40 Fjölskylda mín** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.25 Spanglish** STÖÐ 2



▶ **20.00 The Haunted Mansion** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.10 American Inventor** SIRKUS



▶ **21.50 The Dead Zone** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** 08.01 Gurra Grís 08.06 Lítil prinsessa 08.17 Halli og risaeðlufatan 08.29 Músahús Mikka 08.53 Skordýr í Sólarlaut 09.18 Vinnuvélar 09.25 Leyniþátturinn 09.38 Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar 10.00 Latibær

**10.30 Kastljós**

**11.00 14-2 e.**

**11.30 Gullmót í frjálsum íþróttum** (1:7)

**13.30 Landsleikur í fótbolta** Bein útsending frá leik kvennaliða Íslands og Frakklands.

**16.00 Formúlukvöld** e.

**16.30 Formúla 1 - Tímataka** Bein úts.

**18.15 Táknmálsfréttir**

**18.25 Hvað veistu?** e.

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

▶ **19.40 Fjölskylda mín** (5:7)

**20.15 Tímaflakk** (6:13)

**21.05 Hjálparhellur** (Ladies in Lavender) Bresk bíómynd frá 2004. Tvær systur bjarga dularfullum útlendingi sem skolar á land við heimili þeirra um 1930. Meðal leikenda eru Judi Dench, Maggie Smith.

**22.50 Ökufantar** (The Fast and the Furious) Bandarísk hasarmynd frá 2001. Lögreglumaður laumar sér inn í hóp bíladellustráka í Los Angeles til að reyna að koma upp um þjófagengi. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**00.35 McMullen-bræður** (The Brothers McMullen) e.

**02.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.05 Dirty Dancing: Havana Nights**

**08.00 Ocean´s Twelve**

**10.05 Dangerous Minds**

**12.00 The Haunted Mansion**

**14.00 Dirty Dancing: Havana Nights**

**16.00 Ocean´s Twelve**

**18.05 Dangerous Minds (e)**

▶ **20.00 The Haunted Mansion**

**22.00 Collateral** Spennumynd með Tom Cruise og Jamie Fox í aðalhlutverkum. Leigubílstjóri kemst í hann krappan þegar hann tekur leigumorðingja upp í bílinn.

**00.00 Courage under Fire (e)**

**02.00 Gang Tapes**

**04.00 Collateral**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**10.30 Going to the Mat**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Bold and the Beautiful**

**14.30 So You Think You Can Dance NÝTT** (1.23)

**16.00 Leitin að strákunum** (9.9)

**16.40 Blue Collar TV** (29.32)

**17.05 Örlagadagurinn** (2.31)

**17.40 60 mínútur**

**18.30 Fréttir**

**19.00 Íþróttir og veður**

**19.05 Lottó**

**19.15 How I Met Your Mother** (13.22)

**19.35 Joey** (20.22) Bandarískir gamanþættir um skrautleg ævintýri og framabrölt Joeys Tribbianis í Hollywood. Flestir þekkja Joey sem einn af vinunum traustu en eftir að leiðir þeirra skildi ákvað Joey að freista gæfunnar og flytja til bíóborgarinnar í leit að frægð og frama. (20.22) Nú hefur Joey loksins séð að sér og vill fara á stefnumót með bestu vinkonu sinni. Hún er hinsvegar ekki viss hvort að hún vilji eitthvað með hann hafa.

**20.00 Stelpurnar** (4.24)

▶ **20.25 Spanglish** Rómantísk og einkar ljúf gamanmynd fyrir alla fjölskylduna með Adam Sandler í aðalhlutverki. Myndin er eftir James L. Brooks, einn aðalhöfundi Simpsons-fjölskyldunnar og leikstjóra Óskarsverðlaunamyndanna Terms of Endearment og Broadcast News. Fjallar um ráðsetta fjölskyldu í Los Angeles sem ákveður að ráða til sín húsfreyju og barnapíu frá Mexíkó. Reynist hún vera ung, bráðmyndaleg einstæð móðir sem hefur dóttur sína með sér. Á örskömmum tíma gerbreyta þessar lífsglöðu og nægjusömu mæðgur lífi hinnar sundruðu og vegvilltu efnafjölskyldu. Aðalhlutverk: Adam Sandler, Téa Leoni, Paz Vega. Leikstjóri: James L. Brooks. 2004. Leyfð öllum aldurshópum.

**22.35 Memoirs of a Geisha** Rómantísk og hádramatísk Óskarsverðlaunamynd um unga konu sem seld var í ánauð á barnsaldri. Henni er gert að sjá um þvott og þrif á vinsælu geisjuhúsi en hún er metnaðargjörn og ákveðin í að vinna sig upp frá botninum. Leyfð öllum aldurshópum.

**01.00 Going for Broke**

**02.30 Timeline**

**04.20 Raising Waylon**

**05.50 Fréttir**

**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**17.15 Hooking Up** (1.5) (e)

**18.00 Bestu Strákarnir** (7.50) (e)

**18.30 Fréttir**

▶ **19.10 American Inventor** (13.15) (e)

**20.05 Joan of Arcadia** (10.22) Önnur þáttaröðin um Joan. Sagan af Jóhönnu af Örk færð í nútímann. Táningsstelpan Joan er nýflutt til smábæjarins Arcadia þegar skrítnar uppákomur fara að henda hana. Hún fer að fá skilaboð frá Guði sem fer að segja henni að gera alls kyns hluti sem hún og gerir. Þessu nýja hlutverki þarf hún síðan að koma inn í daglega líf sitt sem reynist alls ekki auðvelt. Þáttaröðin var tilnefnd til Emmy verðlauna auk þess sem hún hlaut Peoples Choice Award fyrir bestu dramaþættina.

**21.00 Live From Abbey Road** (7.12) Þættir með lifandi tónlist frá þessu þekktasta upptökuveri heims sem Bítlarnir gerðu ódauðlegt. Heimsfrægir tónlistarmenn flytja þrjú lög á milli þess sem þeir spjalla um tónlist sína og lífið. Fjölbreytnin er mikil og meðal gesta eru. Josh Groban, Massive Attack, Iron Maiden, Muse, Red Hot Chili Peppers, Jamiroquai, Damien Rice, Richard Ashcroft, Gipsy Kings, Norah Jones og Paul Simon. Frábærir tónlistarþættir þar sem tónlistarmennirnir eru í sínu rétta umhverfi.

**22.00 Leitin að strákunum** (9.9) Leitin að Strákunum er alíslenskur og ofurraunverulegur skemmtiþáttur sem gengur út á að finna sjónvarpsstjörnur framtíðarinnar. Þrír munu standa uppi sem sigurvegarar og fá að launum sinn eigin sjónvarpsþátt á Sirkus. (9.9) Úrslitaþáttur leitarinnar. Nú kemur í ljós hvaða þrír keppendur fá tækifæri til að stýra sínum eigin þætti á Sirkus.

**22.45 Hidden Palms** (1.8) (e)

**23.30 Night Stalker** (6.10) (e)

**00.15 Supernatural** (18.22) (e)

**01.05 Joan of Arcadia** (10.22) (e)

**01.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**10.20 Vörutorg**

**11.20 Rachael Ray** (e)

**15.05 Top Gear** (e)

**16.00 How Clean is Your House?** (e)

**16.30 Robin Hood** (e)

**17.20 World's Most Amazing Videos** (e)

**18.10 On the Lot** (e)

**19.10 Yes, Dear** (e)

**19.40 Everybody Hates Chris** (e)

**20.10 World's Most Amazing Videos** (13.26) Ótrúleg myndbrot sem fest hafa verið á filmu.

**21.00 Stargate SG-1** (7.22) Afar vandaðir þættir byggðir á samnefndi kvikmynd. Þetta er önnur þáttaröðin sem SkjárEinn sýnir um Jack O'Neill og sérsveit hans sem hélt í könnunarleiðangur út í geiminn eftir að jarðarbúar fundu „stjörnuhlið" sem opnaði þeim aðgang að áður óþekktum plánetum.

▶ **21.50 The Dead Zone** (10.12) Johnny Smith sér ýmislegt sem öðrum er hulið. Hann reynir sitt besta til að nýta gáfuna til góðs, en finnst stundum að hún sé bölvun en ekki blessun. Fyrir nokkru sýndi SkjárEinn fyrstu þáttaröð þessara mögnuðu spennuþátta, og nú er loksins komið að þeirri næstu.

**22.40 Hack** (13.18) Mike Olshanzky, leikinn af David Morse á ekki sjö dagana sæla. Hann var rekinn úr lögreglunni fyrir agabrot og gerðist í kjölfarið leigubílstjóri.

**23.30 House** (e)

**00.20 Kidnapped** (e)

**01.10 The L Word** (e)

**02.00 Angela's Eyes** (e)

**02.50 Tvöfaldur Jay Leno** (e)

**04.30 Vörutorg**

**05.30 Óstöðvandi tónlist**


GOTT FÓLK McCANN



ENN Á TALI MEÐ HEMMA GUNN
16-18:30 ALLA SUNNUDAGA

HLUSTAR ÞÚ Á EINA VINSÆLUSTU ÚTVARPSSTÖÐ LANDSINS?
HELGARSTUÐ MEÐ HEMMA GUNN.

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.25**
**Memoirs of a Geisha**



Rómantísk og átakanleg Óskarsverðlaunamynd um Chiyo, sem er seld í ánauð níu ára gömul. Eigandinn sendir hana í geisju-nám og ein frægasta geisja Japans ákveður að styrkja Chiyo í náminu. Frægðarsól Chiyo rís hratt en hennar eina markmið er að ná athygli manns sem hún varð ástfangin af mörgum árum áður.

**▶ Við mælum með Ökufantar Sjónvarpið kl. 22.50**

Bandarísk hasarmynd frá 2001. Lögreglumaður laumar sér inn í hóp bíladellustráka í Los Angeles til að reyna að koma upp um þjófagengi. Leikstjóri er Rob Cohen og meðal leikenda eru Paul Walker, Vin Diesel, Michelle Rodriguez og Jordana Brewster.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Laugardagur til lukku
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Músík að morgni dags
**09.03** Út um græna grundu
**10.15** Krossgötur
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Laugardagsþátturinn
**14.00** Leitin að eldsneytinu
**14.40** Tímakornið
**15.30** Með laugardagskaffinu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Á hvítri eyju í bláum sjó
**17.05** Hvítu svingdívurnar
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Auglýsingar
**18.28** Á vængjum yfir flóann
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Kringum kvöldið
**19.30** Stefnumót
**20.10** Sögur af sjó og landi
**21.00** Dragspilið dunar
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Flakk
**23.10** Danslög
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**08.50 PGA Tour 2007 - Highlights** (Stanford St. Jude Championship)
**09.45 Það helsta í PGA mótaröðinni**
**10.10 NBA 2006/2007 - Playoff games** (Cleveland - San Antonio)
**12.10 Pro bull riding** (Chihuahua, Mexico)
**13.05 World Supercross GP 2006-2007**
**14.00 Opna bandaríska mótið** Útsending frá þriðja degi á opna bandaríska meistaramótinu í golfi.
**17.00 Arnold Schwarzenegger mótið**
**17.30 Spænski boltinn - upphitun**
**18.00 Opna bandaríska mótið** Bein útsending frá þriðja degi á opna bandaríska meistaramótinu í golfi sem fram fer á Oakmont-vellinum í Pensylvaníu. Þetta er einn erfiðasti völlurinn í Bandaríkjunum og fjölmörg stórmót hafa verið haldin þar allar götur síðan 1925.
**23.00 Box - Miguel Gotto vs. Zab Jud** (Box - Miguel Gotto gegn Zab Judah) Útsending frá bardaga þeirra Miguel Gotto og Zab Judah um heimsmeistaratitilinn í veltivigt hnefaleika.

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.50** Duedrengen **7.10** Dragejægerne **7.35** Yu-Gi-Oh! **8.00** Hannah Montana **8.25** Rideklubben **8.50** Shin Chan **9.00** Børneblæksprutten **9.15** Ungdomsprogram **9.30** Viften **10.00** TV Avisen **10.10** Kløvedal i Indonesien **11.10** Smag på Danmark - med Meyer **11.45** Min store drøm **12.15** Nikolaj og Julie **13.00** Hemmeligheder og bedrag **14.30** Fest ved fjorden **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Johanne i Troldeskoven **16.00** De store katte **16.25** OBS **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.10** Det lille hus på prærien **18.00** Far til fire for fuld musik **19.30** Inspector Morse **21.15** Conviction **21.55** Josie and the Pussycats **5.30** Gurli Gris **5.35** Zoe Kezako **5.50** Trolderi

## NRK 1

**6.00** Mikkes klubbhus **6.50** Pippi Langstrømpe **7.30** Kårni og Børni **8.00** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **8.15** Villmark **8.40** Perspektiv: Utblåsning **9.10** Friidrett: Golden League: Bislett Games **11.40** Gjensynet **12.40** Pauline & Paulette **13.55** Moskusokse-patruljen **14.40** Doc Martin **15.30** Solens mat **16.00** Gisle Wink på eventyr **16.25** I småkrypland **16.30** Fabrikken: Fabrikkenprisen 2007 **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** 'Allo, 'Allo! **18.30** Edel vare **19.30** Kingdom **20.15** Grieg-galla **21.05** Kveldsnytt **21.20** Beyond the Sea **23.10** Alfred Hitchcock presenterer **5.30** Stå opp! **5.31** Fimlene **5.50** Den lille røde traktoren **6.00** Lisa

## SVT 1

**7.15** Franklin **7.35** Katter - en dokusåpa **7.45** Så här går det till på Saltkråkan **8.15** Sagoträdet **8.30** Pi **8.45** Mánaíd-tv **9.00** Fieteri **9.20** Tur och retur **9.35** Vädrets makter **10.05** Mitt i naturen **12.30** Hundkoll **13.00** Uppdrag Granskning **14.00** Packat & klart sommar **14.30** Sommartorpet **15.00** Revy-SM 2006 **15.30** Extras **16.00** Pingu **16.05** Disneydags **17.00** Ebba och Didrik **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Försvarsadvokaterna **18.45** AB Svenska Ords klassiker **19.00** Tittarnas önskekonsert **20.00** Minnenas television **20.50** Växtzon 5 **21.20** Rapport **21.25** Time Bandits **23.20** Sändningar från SVT24



## PERSÓNAN

*Teitur Þórðarson*



**Aldur:** 55 ára.
**Starf:** Fótboltaþjálfari.
**Fjölskylda:** Giftur Ásdísi Þóru Ólafsdóttur og saman eiga þau tvö börn.
**Foreldrar:** Móðir er Ester Teitsdóttir en faðir er fallinn frá og hét Þórður Þórðarson.
**Búseta:** Býr við Ægisíðu í Reykjavík.
**Stjörnumerki:** Steingeit.

Teitur Þórðarson er þjálfari KR í knattspyrnu en liðinu hefur ekki gengið sem skyldi það sem af er Íslandsmótinu.

# Tónleikaferð Pete Best styrkt af Icelandair

„Þetta kom nú þannig til að hann var áberandi í Bandaríkjunum og sölusvæði okkar þar efndi til smá samstarfs við hann,“ segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair en á vefsvæði tónleikaferðar Pete Best kemur fram að flugfélagið styrkir ferðir hans til Bandaríkjanna.

„Hann lék á tónleikum fyrir okkur í Minneapolis og við styrkjum flugið hans á móti,“ bætir Guðjón við. „Því má eiginlega segja að við notfærum okkur nafnið hans og hljómsveitina til að kynna okkur þar vestra,“ segir hann.

Á heimasíðu Dr. Gunna kemur fram að einn lesandi síðunnar taldi sig hafa barið Best augum í Skífunni uppi á Keflavíkurflugvelli. Guðjón taldi það alls ekki ólíklegt enda millilentu flugvélar Icelandair í Keflavík á leið sinni vestur um haf.

Pete Best er sennilega eitthvert þekktasta „no-name“ tónlistarsögunnar. Hann var fyrsti trommari Bítlanna en var rekinn eftir að upptökustjórinn George Martin lýsti því yfir við þá Paul McCartney og John Lennon að hann kynni ekki við trommusláttt Best. Og var Ringo Star fenginn í staðinn.

Eftirleikinn þekkja síðan flestir því skömmu eftir að Best hafði gengið út úr hljóðverinu með trommukjuðana sína slógu Bítlarnir öll met og urðu undir eins að einhverju mesta æði sem heimurinn hefur augum litið. „Mér skilst reyndar að hann hafi haft ágætt upp úr því að vera trommarinn sem var rekinn úr Bítlunum,“ segir Guðjón en viðurkenndi að hann hefði lítið heyrt af afrekum Best á tónlistarsviðinu þrátt fyrir að hafa drukkið tónlist Bítlana nánast með móðurmjólkinni.



**PETE BEST** Þekktasta „no-name“ sögunnar en hann var fyrsti trymbill Bítlanna og ferðast nú um Bandaríkin.



**LÁRÉTT**
**2.** afgangur **6.** samþykki **8.** svelgur **9.** þrá **11.** í röð **12.** miklu **14.** umhverfis **16.** nafnorð **17.** fley **18.** ennþá **20.** holskrúfa **21.** kvenklæðnaður.

**LÓÐRÉTT**
**1.** útihús **3.** ekki **4.** eftirsjár **5.** framkoma **7.** frilla **10.** sönghópur **13.** bein **15.** hrjúf **16.** tangi **19.** númer.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** leif, **6.** já, **8.** iða, **9.** ósk, **11.** rs, **12.** stóru, **14.** kring, **16.** no, **17.** far, **18.** enn, **20.** ró, **21.** sarí. **LÓÐRÉTT: 1.** fjós, **3.** ei, **4.** iðrunar, **5.** fas, **7.** ástkona, **10.** kór, **13.** rif, **15.** gróf, **16.** nes, **19.** nr.

SIGURÐUR V. STEINÞÓRSSON: ÆTLAR AÐ FRAMLEIÐA ÍSLENSKT KLÁM

# Hundrað og fimmtíu þúsund fyrir leik í netklámi

Sigurður V. Steinþórsson, eigandi vefsíðunnar klam.is, hyggst framleiða íslenskt netklám og hefur auglýst eftir áhugasömum „leikurum“ til að taka þátt. Þetta kemur fram á Panama.is Að sögn Sigurðar hefur fjöldi fólks sýnt verkefninu áhuga og hann er þegar kominn með sex fyrirsætur; tvær stelpur og fjóra stráka.

Þegar Fréttablaðið hafði samband við Sigurð kvaðst hann hvergi banginn við löggjafarvaldið og benti á að þrátt fyrir að bannað væri að sýna og dreifa klámi fengi Bleikt & Blátt að koma óhindrað út. „Ég ætla bara að láta reyna á þetta,“ segir Sigurður, sem er pizzusendill hjá Domino's um þessar mundir. Sigurður taldi líklegt að efnið myndi birtast á vefsíðunni og að í fyrstu myndu þetta vera ljósmyndir. Leikið efni væri hins vegar ekki út úr myndinni. Hann var þó ekki kominn með dagsetningu á því hvenær þetta verkefni færi af stað.

Að sögn Sigurðar stendur hann einn í þessari framleiðslu en býður engu að síður upp á launagreiðslur fyrir þátttöku. „Fólk getur fengið allt upp í 150 þúsund krónur í laun,“ segir Sigurður og bætti því við að þekktur aðili úr þjóðlífinu hefði sýnt þessu mikinn áhuga en vildi ekki gefa upp hver það væri.

Samkvæmt 210. grein almennra hegningarlaga segir að „ef klám birtist á prenti, skal sá, sem ábyrgð ber á birtingu þess eftir prentlögum, sæta sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Sömu refsingu varðar það að búa til eða flytja inn í útbreiðsluskyni, selja, útbýta eða dreifa á annan hátt út klámritum, klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum, eða hafa þá opinberlega til sýnis, svo og að efna til opinbers fyrirlestrar, eða leiks, sem er ósiðlegur á sama hátt.“ - fgg




**SIGURÐUR V. STEINÞÓRSSON** Hyggst framleiða íslenskt netklám og hefur þegar fengið miklar undirtektir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Hrakfarir **Teits Þórðarsonar** og KR hafa varla farið framhjá neinum. Liðið situr nú eitt á botni efstu deildar og hefur aðeins hlotið eitt stig. Athygli hefur vakið að þegar Teitur og leikmennirnir koma í viðtöl við blaðamenn þreytast þeir seint á því að tala um hversu góður andi er í liðinu og hefur einhverjum þótt su taktík minna á herbragð Pollýönnu sem sá ljósið í hverju horni.

En það er ekki bara KR-liðið sem er orðið þreytt á hverju tapinu á fætur öðru því vefstjórar kr.is virðast endanlega hafa misst þolinmæðina. Síðasta færslan á vefinn var færð inn 25. maí. Eftir það hefur hins vegar lítið borið á fréttum úr herbúðum Vesturbæjarveldisins enda hafa þær fæstar verið góðar að undanförnu.



Og það hefur heldur betur slegið í brýnu með **Ásgeiri Davíðssyni**, á Goldfinger, og **Reyni Traustasyni**, ritstjóra Mannlífs, eftir umfjöllun blaðsins um Gunnar Birgisson bæjarstjóra sem og umfjöllun Ísafoldar um Goldfinger. Ásgeir hefur engu að síður keypt auglýsingar á síðum Mannlífs en Reynir hefur hins vegar ákveðið að rifta þeim samningi enda þykir honum slíkar auglýsingar ekki henta tímariti sínu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Ásgeir ekki par sáttur með þetta og telur illa á sér brotið. - fgg









# Svaf með verðlaunapeninginn

Tugir vistkvenna á hjúkrunarheimilinu Sóltúni tóku síðastliðinn miðvikudag þátt í hinu árlega Kvennahlaupi sem verður haldið um allt land í dag.

Tóku þær forskot á sæluna og fóru hringinn í kringum hjúkrunarheimilið, margar hverjar í hjólastólum. Árangur hlaupsins má sjá á heimasíðunni vinsælu Youtube.com.

Ættingjar og starfsmenn voru konunum til halds og trausts. Var yngsti keppandinn fimm ára en sá elsti 97 ára og voru þær báðar að taka þátt í fyrsta skiptið. Karlarnir áttu einnig hlut að máli með því að afhenda konunum verðlaunapeninga er þær komu í mark, kyssa þær á kinnarnar og gefa þeim djús. Inni í húsi beið þeirra síðan djasskvartettinn Tepokar sem hélt uppi góðu stuði.

Þetta var annað árið í röð sem Sóltún tekur þátt í hlaupinu og að sögn Önnu Birnu Jensdóttur framkvæmdastjóra hefur verið mikil ánægja með þátttökuna. Lifa konurnar lengi á þessum atburði. „Dæmi um það hvað þetta er ánægjulegt og gefandi er að einn íbúinn svaf með verðlaunapeninginn og er öruggleg a ekki búinn að taka hann af sér,“ segir Anna Birna. „Við köllum þetta að „fara Kvennahlaupið“ því hérna eru 54 prósent af íbúunum í hjólastólum og ekki margir af hinum íbúunum geta sjálfir gengið hringinn einir og óstuddir. En við tökum virkan þátt, allir með sínu nefi og sumir sem eru með rafknúin hjólastól settu bara í hraðgír.“

Kvennahlaupið hefst sem fyrr segir í dag. - fb



**FÓRU KVENNAHLAUPIÐ** Tugir vistkvenna á hjúkrunarheimilinu Sóltúni fóru Kvennahlaupið síðastliðinn miðvikudag.

# ego dekor

BÆJARLIND 12 - S: 544 4420

## Garðhúsgögn - Gegnheilt tekk



Dorset stóll
m/stillanlegu baki
Verð: 11.500,-



Stórt stækkanlegt borð
og 6 staflanlegir stólar
Stærð: 180cm(60cm)X120cm
Verð: 88.800,-
Borð einnig fáanlegt í
stærð:120cm(60cm)X120cm



Átthyrnt borð og 4 klappstólar m/örmum
Borð 120cm. í þvermál
Tilboðsverð nú: 39.360,-
(ATH! verð án sessana)



Ibiza legubekkur
Verð: 27.000,-

## Frábær sófatilboð - takmarkað magn



-20%

Fatcat tungusófi
Færanleg tunga, fáanlegur
í microfiber og tweed áklæði
Hægt að taka áklæði af og hreinsa
Stærð: 320cm x 162cm x tungubr: 120cm
Verð áður: 187.000,-
Tilboðsverð nú: 149.600,-



Bushan tungusófi
Færanleg tunga, fáanlegur í microfiber og tweed áklæði
Hægt að taka áklæði af og hreinsa
Stærð: 262cmx165cmx tungubr:105cm
Verð áður: 158.000,- Tilboðsverð nú: 126.400,-

-20%



Ný sending
af fallegri gjafavöru

**Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun LOKAÐ**

hönnun: www.origami-art.net

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



vísir www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR




BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

## *Bókaraþjóð*

Þau undur og stórmerki hafa orðið á Íslandi að háskólar í landinu eru farnir að keppast um nemendur og auglýsa nú grimmt á hverju ári eftir umsóknum þar sem því er haldið fram að viðkomandi skóli sé bestur út frá einhverjum sjónarmiðum og að þar sé gott að læra í góðu akademísku umhverfi og svo framvegis.

**MAÐUR** hefur séð svona auglýsingar erlendis en ekki hérna heima fyrr en nú. Hér stígur því þjóðin enn eitt stóra skrefið í átt til heimsborgaralegs hátternis. Áferðarfallegar tilkynningar með myndum af lífsglöðum stúdentum á göngum bjartra og opinna menntastofnanna birtast nú almenningi á hverju skráningartímabili með skilaboðum hljómþýðrar raddar um gildi aukinnar menntunar, hvort sem er á Bifröst, Reykjavík, Akureyri eða jafnvel á Miðnesheiði – þeim bera hvassviðrisrassi –, fyrir bæði einstakling og þjóðarbú.

**ÞESSAR** háskólaauglýsingar eru auðvitað rökrétt afleiðing þess að háskólarnir eru nú orðnir fleiri en einn og á milli þeirra ríkir samkeppni. Um það er ekkert nema gott að segja. Hingað til hafa einungis bankarnir auglýst í miðlunum um nokkuð sem námi viðkemur, og þá í því skyni að tæla stúdenta með bröndurum og háði til þess að opna hjá sér yfirdráttarreikning.

**NÁMUS** est lífstílus. Nám er lífsstíll. Sjálfur lærði ég heimspeki og íslensku í Háskóla Íslands hér í eina tíð og hafði gaman af. Þá var sá háttur hafður á að haustið eftir útskrift í menntaskóla hélt fólk upp í aðalbyggingu Háskólans og stóð þar í anddyrinu dágóða stund og reyndi að ákveða hvað það ætti að læra í þessum eina háskóla landsins. Sumir fóru illa út úr þessi ferli, gátu ekki ákveðið sig, og prufuðu kannski ein fimm fög áður en þeir loksins útskrifuðust tíu árum síðar með gráðu í því sjötta. Aðrir fóru hina leiðina og tóku einfaldlega sjö gráður.

**NÚNA** hefur það hins vegar gerst að háskólarnir eru sem sagt orðnir fleiri, þannig að ekki er lengur um það að ræða að stúdentar bara brokki niður í aðalbyggingu og skrái sig í eitthvað, þó ekki væri nema bara til að prófa. Þetta er breytt. Núna eru aðalbyggingarnar orðnar margar og ekki ljóst hvert skal brokka til þess að standa tvístígandi. En á sama tíma hefur hið athyglisverða gerst að mun auðveldara virðist vera orðið fyrir fólk að velja hvert fagið á að vera. Það virðist liggja beint við: Viðskiptafræði eða lögfræði.

**VISSULEGA** er boðið upp á margt annað í öllum þessum skólum, en það breytir ekki því að fjölgun skólanna hefur einkum leitt til þess að fleiri námsleiðir hafa boðist á þessu mjög svo takmarkaða sviði fræðanna. Enda er það kannski ekkert skrýtið. Þarna eru peningarnir. Af þeim sökum stendur straumurinn ekki í umönnunarstéttir, iðngreinar eða húmanísk fræði. Í öllu falli blasir við að Íslendingar eru varla lengur bókaþjóð. Við erum bókaraþjóð.


